**allt**
Waldorf:
*Kennaranám í fyrsta sinn hérlendis*
• nám
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



**KÓPAVOGUR**
*Bærinn, mannlífið og menningin*
Fylgir Fréttablaðinu dag ▶



Birta úr Stundinni okkar:
*Óð reyk með slökkviliðinu*
• festist í grindverki
SÍÐA 34 ▶



Undanúrslit SS-bikars kvenna í gær:
*Stjarnan og Grótta/KR í Höllina*
• seinka varð báðum leikjum
SÍÐA 26 ▶



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. febrúar 2005 – 38. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

# Stjórnin heldur velli

**Dönsku stjórnarflokkarnir héldu velli í þingkosningunum í gær. Þjóðarflokkurinn bætti við sig fylgi en formaður Jafnaðarmanna segist munu segja af sér vegna slaks gengis. Radikale Venstre nær tvöfaldaði fylgi sitt en Kristilegir demókratar féllu af þingi.**

**DANMÖRK** Ríkisstjórn Anders Fogh Rasmussen hélt velli í þingkosningunum í Danmörku í gær. Fylgi Venstre, flokks Rasmussens, dalaði reyndar dálítið og missti hann fjögur þingsæti frá því í kosningunum 2001 og fékk 52 menn kjörna.

Íhaldsflokkurinn bætti hins vegar lítillega við sig og fékk átján menn kjörna á þing, tveimur fleiri en fyrir fjórum árum. Stuðningsflokkar ríkisstjórnarinnar áttu misjöfnu fylgi að fagna. Danski þjóðarflokkurinn bætti fylgi aðeins við sig og fékk 24 menn kjörna, tveimur fleiri en í síðustu kosningum. Kristilegir demókratar náðu hins vegar ekki tveggja prósenta þröskuldinum og misstu þingsætin sín fjögur. Stjórnarflokkarnir og stuðningsmenn þeirra hlutu því 94 þingsæti af 179, jafnmörg og fyrir fjórum árum síðan.

Fylgi Jafnaðarmanna dalaði um rúm þrjú prósent og hlutu þeir 46 þingsæti, sex færri en síðast. Þetta er versta gengi flokksins í langan tíma. Mogens Lykketoft, formaður flokksins, segir niðurstöðuna vera langt frá því að vera viðunandi. Hann taki sjálfur fulla ábyrgð á því og segir það ljóst að hann muni ekki leiða flokkinn í næstu kosningum.

Hvað fylgi einstakra flokka varðar hlýtur Radikale Venstre að teljast ótvíræður sigurvegari kosninganna. Flokkurinn nær tvöfaldaði fylgi sitt og fjölgaði þingmönnum sínum úr níu í sautján. Vinstri sósíalistar döluðu hins vegar lítillega, hlutu ellefu þingsæti og misstu einn mann. Einingarlistinn bætti hins vegar fylgi sitt, fjölgaði þingmönnum sínum um tvo og fékk sex menn kjörna. Stjórnarandstaðan náði því 81 þingsæti. Grænland og Færeyjar fá tvö þingsæti hvort. **- bs**

| KOSNINGAR | 2001 | 2005 |
|---|---|---|
| **Stjórnarflokkar** | | |
| Venstre | 31,2% | 29,7% |
| Íhaldsflokkurinn | 9,1% | 10,6% |
| **Stuðningsflokkar stjórnarinnar:** | | |
| Danski þjóðernisfl. | 12% | 13,1% |
| Kristilegir demókratar | 2,3% | 1,8% |
| **Stjórnarandstaðan** | | |
| Jafnaðarmenn | 29,1% | 25,6% |
| Radikale Venstre | 5,2% | 9,5% |
| Vinstri sósíalistar | 6,4% | 6,2% |
| Einingarlistinn | 2,4% | 3,3% |



**ANDERS FOGH RASMUSSEN FAGNAR SIGRI**
Forsætisráðherra Dana var kampakátur í gærkvöld þegar ljóst var að ríkisstjórn hans hafði haldið sínum hlut. Venstre tapaði reyndar fjórum þingsætum en Íhaldsflokkurinn og Þjóðarflokkurinn, sem veita stjórninni stuðning, bættu við sig fjórum sætum.

Flugleiðir vildu kaupa gamla móðurfélagið:

## Vilja 32 milljarða fyrir Eimskip

**VIÐSKIPTI** Forsvarsmenn Flugleiða voru tilbúnir til að greiða allt að 19 milljarða fyrir eigið fé Eimskipafélagsins og lýstu áhuga sínum á að kaupa skipafélagið.

Burðarás, móðurfélag Eimskipafélagsins, vill samkvæmt heimildum fá um 25 milljarða króna fyrir eigið fé Eimskipafélagsins sem þýðir að heildarverð með skuldum er um 32 milljarðar.

Flugleiðir keyptu á sínum tíma hlut í Eimskipafélaginu og lýstu þá yfir að möguleikar væru á samnýtingu ákveðinna rekstrarþátta félaganna. Sú sýn mun vera óbreytt en samkvæmt heimildum eru engar líkur á því að Flugleiðir vilji greiða það verð sem eigendur skipafélagsins setja upp. Verðið telst mjög hátt miðað við helstu mælikvarða í rekstri skipafélaga. Afkoma skipafélagsins fyrir afskriftir skatta og fjármagnsliði er áætluð 2,4 milljarðar króna. Verðhugmyndir Burðaráss um Eimskipafélagið eru tvöfalt hærri en algengt verð á erlendum skipafélögum.

Burðarás sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem áréttað er að fyrirtækið sé ekki til sölu að sinni, þrátt fyrir mikinn áhuga. Félagið gangi nú í gegnum breytingar til að styrkja það í sókn og samkeppni með skráningu í kauphöll sem markmið. **- hh**

Eurovision:

## Selma til Úkraínu



SELMA BJÖRNSDÓTTIR

**RÍKISÚTVARPIÐ** Selma Björnsdóttir söngkona hefur verið valin flytjandi framlags Ríkisútvarpsins í Eurovision söngvakeppnina.

Jónatan Garðarsson, verkefnastjóri söngvakeppninnar, segir að vilji Ríkisútvarpið komast úr forkeppni Eurovision í aðalkeppnina verði að velja sterka einstaklinga til leiks. Selma sé sú rétta:

„Það sýndi sig í fyrra þegar forkeppni var haldin í fyrsta skipti að þeir sem stóðu sig vel þar röðuðu sér í sjö af tíu efstu sætunum í aðalkeppninni.“ Jónatan segir fólk sem keppi í annað sinn hafa forskot á aðra keppendur. **- gag**

Akranes:

## Strætó í borgina

**SAMGÖNGUR** Bæjarráð Akraness hefur samþykkt að ræða formlega við samgönguráðuneytið til að kanna hvort hægt sé að fjármagna almenningssamgöngur á milli Akraness og Reykjavíkur. Slíkt yrði gert í samvinnu við Strætó bs. líkt og nú er gert við sérleyfisakstur.

Atvinnumálanefnd Akraneskaupstaðar hefur verið í viðræðum við Strætó bs. um möguleika á því að Akranes tengist inn á leiðarkerfi þeirra.

Ásgeir Eiríksson, framkvæmdastjóri Strætó bs., segir fullan vilja hjá báðum aðilum að hefja strætóferðir til Akraness. Fyrst þurfi að ganga úr skugga um að peningar sem nú fáist til sérleiða geti verið nýttir í strætó. Slíkt sé ekki sjálfgefið þar sem Strætó bs. er ekki að aka eftir sérleyfi. **- ss**

**MIÐVIKUDAGUR**



**TVEGGJA SAKNAÐ** Ljóst er að fjórir fórust þegar leiguskip Samskipa fórst norðaustur af Færeyjum í fyrrakvöld. Tveggja skipverja er enn saknað en fimm björguðust. **Sjá síðu 2**

**NÝTT VARÐSKIP Á NÆSTA ÁRI** Forstjóri Landhelgisgæslunnar segir nýtt varðskip verða sjósett eftir eitt til eitt og hálft ár ef allt gengur að óskum. **Sjá síðu 4**

**NÝ FRIÐARVON** Fundur Mahmouds Abbas og Ariels Sharon vekur vonir manna um að friður geti komist á fyrir botni Miðjarðarhafs. Hamas segjast ekki bundin vopnahléinu. **Sjá síðu 8**

**SÉRDEILD UNGRA FANGA ÓRÁÐLEG** Það er ekki í öllum tilvikum heppilegt að vista unga fanga saman á sérdeild, segir Erlendur S. Baldursson hjá Fangelsismálastofnun. **Sjá síðu 10**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**ÉLJAGANGUR** Einkum á sunnan- og vestanverðu landinu. Úrkomulítið á Norður- og Austurlandi. Frost víðast 0-6 stig. **Sjá síðu 4.**

**DAGURINN Í DAG**



**SÁLFRÆÐI Í VIÐSKIPTUM** Málstofa um sálfræði og viðskipti verður haldin í Odda klukkan 12.20. Sturla Jóhann Hreinsson, starfsmannastjóri Nýherja, mun flytja erindið „Hagnýting sálfræði í viðskiptum“.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | **30** | Myndlist | **29** |
| Tónlist | **29** | Íþróttir | **26** |
| Leikhús | **29** | Sjónvarp | **32** |





## SPURNING DAGSINS

*Gísli Marteinn, er verið að þjóðnýta þig?*

**„Nei nei, ætli Stundin okkar sé ekki að reyna að bæta áhorfið í eldri aldurshópum með hinni vannýttu auðlind sem ótvíræðir leiklistarhæfileikar mínir eru.“**

Gísli Marteinn Baldursson, dagskrárgerðarmaður og varaborgarfulltrúi, var gestaleikari í Stundinni okkar á sunnudaginn og sýndi þar mikla leikræna tilburði.

Tony Blair sama sinnis og George W. Bush:

# Íran styður hryðjuverkasamtök

**BRETLAND** Íran styður hryðjuverkasamtök og stjórnvöld þar í landi verða að átta sig á því að það verður ekki liðið ef þau muni reyna að hindra friðarferlið í Mið-Austurlöndum. Þetta segir Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands.

„Ég hef engar efasemdir um að Íran styðji hryðjuverkasamtök,“ segir Blair og tekur þar með undir með George W. Bush, forseta Bandaríkjanna, sem sagði fyrir skömmu að Íran væri það land í heiminum sem helst styddi hryðjuverkasamtök. „Núna þegar útlit er fyrir að friðarviðræður í Mið-Austurlöndum séu að komast á rétt spor að nýju verða Íranar að átta sig á því að landið hefur skyldum að gegna við að hjálpa til í því ferli en hindri ekki að það nái fram að ganga,“ segir Blair.

Stjórnvöld í Íran hafa lengi verið grunuð um að vera með leynilega kjarnorkuvopnaáætlun en íranskir ráðamenn segja að kjarnorkuáætlunin snúist um raforkuframleiðslu, ekki vopnaframleiðslu. Blair leggur áherslu á að Evrópusambandið ræði við írönsk stjórnvöld um áætlunina til að tryggja að þau séu ekki að framleiða kjarnorkuvopn. ■



**FORSÆTISRÁÐHERRA BRETLANDS**
Tony Blair segir stjórnvöld í Teheran hafa skyldum að gegna í friðarferlinu í Mið-Austurlöndum.

Bandaríkin:

# Myrti 14 ára dóttur sína

**BANDARÍKIN, AP** Móðir á fimmtugsaldri hefur verið ákærð fyrir að myrða fjórtán ára dóttur sína á heimili þeirra í New Jersey.

Málið hefur vakið mikinn óhug í Bandaríkjunum því að móðirin myrti dóttur sína með því að lemja hana með hamri og skóflu þegar hún var sofandi. Síðan reyndi móðirin að fyrirfara sér með því að aka bíl sínum á hlið. Hún slasaðist aðeins minniháttar.

Lögreglan hefur engar skýringar á morðinu. Stúlkan var ein fremsta frjálsíþróttakonan í skólanum sínum og vinsæl meðal nemenda. ■



**ÞORGERÐUR KATRÍN OG MARÍA KRISTÍN**
Menntamálaráðherra tók við kennsluefni fyrir fjórða til sjötta bekk. Því verður dreift í grunnskóla á næstu tveimur vikum.

Netöryggi:

# Tölvunotkun barna könnuð

**SKÓLAMÁL** Alþjóðlegi netöryggisdagurinn var haldinn hátíðlegur í þrjátíu löndum í gær.

Í Hlíðaskóla í Reykjavík tók Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra við kennsluefni fyrir grunnskólabörn um örugga og ábyrga netnotkun.

María Kristín Gylfadóttir, formaður Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra, segir ákveðið að unnin verði könnun um netnotkun barna í nánu samstarfi við menntamálaráðuneytið. Einnig hafi sögusamkeppni fyrir börn á aldrinum níu til sextán ára verið hrundið af stað í gær. - gag

Blaðamenn:

# Yfir hundrað í haldi

**AFRÍKA** Um síðustu áramót voru alls 122 blaðamenn í fangelsum víða um heim vegna skrifa sinna og skoðana og kemur í ljós að flestir þeirra eru í haldi í Kína og á Kúbu en allnokkrir einnig í Erítreu og Búrma.

Eru sakir þeirra margvíslegar eins og að ljóstra upp um ríkisleyndarmál eða þeir sakaðir um að grafa undan ríkisstjórn lands síns en níu blaðamenn sitja inni fyrir það eitt að móðga háttsetta embættismenn. ■





FRÉTTABLAÐIÐ/SJÓNVARPIÐ

**LANDHELGISGÆSLAN LEITAR SKIPVERJA**
Fimm skip auk Fokker-vélar íslensku Landhelgisgæslunnar og þyrlu færeysku landhelgisgæslunnar leituðu að tveimur skipverjum sem enn er saknað. Myndin til vinstri er tekin úr flugvél Landhelgisgæslunnar og á myndinni til hægri má sjá starfsmenn gæslunnar skoða radar um borð í vélinni.

# Tveggja enn saknað af Jökulfelli

**Ljóst er að fjórir fórust þegar leiguskip Samskipa fórst norðaustur af Færeyjum í fyrrakvöld. Tveggja skipverja er enn saknað en fimm björguðust.**

**SJÓSLYS** Fjórir hafa fundist látnir og tveggja manna er enn saknað eftir að fraktskipinu Jökulfelli hvolfdi skammt frá Færeyjum í fyrrakvöld. Leit var hætt klukkan hálf fjögur í gær vegna vonskuveðurs og myrkurs. Fimm skipverjanna var bjargað um borð í þyrlu sem tilheyrir danska eftirlitsskipinu Vædderen. Fimmmenningunum heilsaðist vel og gátu þeir gengið frá þyrlunni hjálparlaust.

Jökulfell var statt 56 sjómílur norðaustur af Færeyjum þegar skipinu hvolfdi. Ellefu eru í áhöfn skipsins, þrír Rússar og átta Eistar, allir búsettir í Eistlandi. Þeir sem komust lífs af voru allir í flotgalla en talið er að skipinu hafi hvolft á örfáum mínútum. Þeir sem fórust og þeir sem enn eru týndir eru taldir annaðhvort ekki hafa komist í flotgalla eða úr skipinu í tæka tíð. Samkvæmt upplýsingum frá færeysku landhelgisgæslunni er ekki búið að gefa upp alla von að þeir sem enn eru ófundnir séu á lífi en líkurnar eru taldar litlar.

Skipið er í eigu eistneska fyrirtækisins Tesma; það er skráð á eynni Mön en er leiguskip Samskipa. Þar sem skipið er skráð á Mön er það þeirra að rannsaka hvað olli sjóslysinu. Samkvæmt upplýsingum frá hafsöguyfirvöldum á Mön lentu tveir menn á þeirra vegum í Færeyjum seinni partinn í gær. Hann sagði framburð þeirra sem komust af skipta mestu þar sem sönnunargögn eru sokkin í sæ.

Flugvél íslensku Landhelgisgæslunnar, TF-SYN, fór og aðstoðaði við leit í gær. Athugað verður nú í morgunsárið hvort og þá hvenær leit verður framhaldið. Hætta varð leit í gær vegna erfiðra leitarskilyrða, mikils hvassviðris og ölduhæðar, auk þess var myrkur að skella á.

Sjálfvirkt neyðarkall barst frá skipinu klukkan rúmlega átta í fyrrakvöld og var reynt að ná talstöðvarsambandi við skipið í framhaldinu en án árangurs. Ekki tókst heldur að ná sambandi símleiðis. Um klukkan níu um kvöldið voru skip á svæðinu beðin um að sigla að þeim stað þar sem skipinu hvolfdi. Rétt fyrir klukkan ellefu var þyrla frá Vædderen að hífa skipverjana sem björguðust um borð. Skipið sökk síðan rétt eftir miðnætti.

Jökulfell var að koma frá Liepaja í Lettlandi á leið til Reyðarfjarðar og Reykjavíkur með tvö þúsund tonn af stáli og almennan farm.

hrs@frettabladid.is

Skipverjar á Benna Sæm:

# Fundu björgunarbát

**TILKYNNINGARSKYLDAN** Skipverjar á bátnum Benna Sæm fundu mannlausan björgunarbát út af Stafnesi á Suðurnesjum í gærmorgun. Björgunarbáturinn hafði fallið frá togaranum Sólbergi.

Skipverjar Sólbergs höfðu ekki hugmynd um að björgunarbáturinn hefði dottið af togaranum fyrr en starfsmenn tilkynningarskyldu íslenskra skipa höfðu samband við þá. Talið er að björgunarbáturinn hafi falli frá borði í snarvitlausu veðri í fyrrinótt. - hrs

## EVRÓPA

**HERFÖR GEGN HEIMILISOFBELDI** Spænski innanríkisráðherrann Jose Antonio Alonso skar upp herör gegn heimilisofbeldi í gær eftir að karlmaður skaut fyrrverandi unnustu sína til bana og framdi síðan sjálfsmorð. Konan var sú ellefta það sem af er árinu til að verða myrt af maka eða fyrrverandi maka sínum.

**KJARNORKUVOPN TSJETSJENA?** Rússneski auðjöfurinn Boris Berezovskí, sem er í sjálfskipaðri útlegð í Bretlandi, segir hugsanlegt að tsjetsjenskir uppreisnarmenn ráði yfir gjöreyðingarvopnum. Hann segir þá hafa boðið honum þau til sölu fyrir nokkrum árum. Rússnesk yfirvöld útiloka þetta sem hræðsluáróður.

**SKULU VERJA MILOSEVIC** Lögmönnunum sem skipaðir voru verjendur Slobodan Milosevic, fyrrum Júgóslavíuforseta, í óþökk hans varð ekki að ósk sinni þegar dómarar neituðu beiðni þeirra um að vera leystir frá störfum. Lögmennirnir segja Milosevic grafa undan tilraunum þeirra til að verja hann.






Kona tapaði dómsmáli vegna slyss í Portúgal:

# Skarst í andliti og missti tennur

**DÓMSMÁL** Ferðaskrifstofa Íslands hefur verið sýknuð af sex milljóna króna skaðabótakröfu tæplegrar tvítugrar konu sem slasaðist í sumarfríi í Portúgal fyrir sex árum. Hún var þrettán ára þegar slysið varð.

Tildrög slyssins voru þau að hún stakk sér til sunds við hótelið Alagoamar og á leið sinni úr kafi rakst hún á stigann upp úr lauginni. Hún skarst illa í andliti einkum í kringum nef og út á kinn og missti þrjár tennur. Konan hefur þurft að fara í lýtaaðgerðir vegna þessa þar sem meðal annars vinstri nasavængur var lagfærður og reynt var að bæta loftflæði um vinstri nös.

Konan telur að orsakir slyssins hafi mátt rekja til vanbúnaðar. Óforsvaranlegt hafi verið að selja ferðir með gistingu á hóteli þar sem börnum sé hætt við að fara í sundlaugina.



**STRÖNDIN Á ALBUFEIRA**
Stúlkan var þréttán ára þegar slysið varð. Hún var í sumarfríi með fjölskyldunni.

Héraðsdómur Reykjavíkur taldi ekki sannað að aðbúnaði hefði verið ábótavant og sýknaði því ferðaskrifstofuna. - th



# Öskudagur
## í Kringlunni

### Lalli töframaður skemmtir kl. 10.30
### Kötturinn sleginn úr tunnunni kl. 11.00

- Glæsileg verðlaun frá **Dótabúðinni**
- Allir sem slá í tunnuna fá nammi frá **Nóa Síríus***
  og Svala frá **Vífilfelli**

* Nói Síríus gefur nammi í Kringlunni og þess vegna er ekki gefið sælgæti á skrifstofu Nóa Síríus.

### Andlitsmálun í Ævintýralandi og göngugötu

Nemendur úr Förðunarskóla NO NAME bjóða krökkum **„Airbrush-tattú"** og mömmunum létta förðun.

### Ævintýraland Kringlunnar

- Opið kl. 12.00 – 18.30 öskudag
- Andlitsmálun í boði
- Allir sem koma fá nammipoka frá **Nóa Síríus***
  og Svala frá **Vífilfelli***

* Meðan birgðir endast

**Allri dagskrá er lokið kl. 15.00**




Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| Ævintýraland | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

**Veitingastaðir** og **Kringlubíó** eru með opið lengur á kvöldin.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS KRI 27246 02/2005

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 08.02 2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 63,37 | 63,67 |
| Sterlingspund | GBP | 117,48 | 118,06 |
| Evra | EUR | 80,72 | 81,18 |
| Dönsk króna | DKK | 10,85 | 10,91 |
| Norsk króna | NOK | 9,64 | 9,70 |
| Sænsk króna | SEK | 8,88 | 8,93 |
| Japanskt jen | JPY | 0,60 | 0,60 |
| SDR | XDR | 95,07 | 95,63 |

*Gengisvísitala krónunnar*

111,60 -0,29%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Félög kvenna hvetja til breytinga á næstu aðalfundum:

# Konum fjölgar ekki í stjórnum

**STJÓRNARSETA** Verði kynjahlutfalli innan stjórna stórfyrirtækja, fjármálastofnana og lífeyrissjóða ekki breytt á næstu aðalfundum þarf að grípa til aðgerða, sögðu formenn Félags kvenna í lögmennsku, endurskoðun, læknastétt á Íslandi og kvennanefnd Verkfræðifélags Íslands á blaðamannafundi í Þjóðmenningarhúsinu í gær.

Formennirnir benda á að í þremur stærstu lífeyrissjóðunum séu sextíu prósent sjóðsfélaga konur. Einungis séu sex konur af þeim 24 sem sitja í stjórnum sjóðanna. Í Lífeyrissjóði bankamanna sitji engin kona þrátt fyrir að sjötíu prósent félagsmanna séu konur.

Erna Bryndís Halldórsdóttir, formaður Félags kvenna í endurskoðun, segir að þrátt fyrir að kynjakvótar séu ekki æskilegir geti þeir verið nauðsynlegir verði ekki breytingar á næstu stjórnum fyrirtækja og lífeyrissjóða: „Þessi aðalfundahrina ræður úrslitum.“

Formennirnir segja enga konu sitja í níu manna stjórn Kauphallarinnar og í 21 manns stjórn Samtaka atvinnulífsins séu þær aðeins tvær. Hlutfall kvenna í stjórnum skráðra hlutafélaga sé 5,7 prósent.

- gag



**HVETJA KONUR Í STJÓRNIR**
Margrét Georgsdóttir, Erna Bryndís Halldórsdóttir, Sif Konráðsdóttir og Kolbrún Reinholdsdóttir ætla að fylgjast með aðalfundum fyrirtækja næstu mánuði í von um að fleiri konur komist í stjórnir þeirra.

Staða fréttastjóra:

# Tíu sóttu um

**FJÖLMIÐLAR** Tíu sóttu um stöðu fréttastjóra Ríkisútvarpsins.

Umsækjendur eru Arnar Páll Hauksson fréttamaður, Auðun Georg Ólafsson markaðs- og svæðissölustjóri, Björn Þorláksson fréttamaður, Friðrik Páll Jónsson starfandi fréttastjóri, Hjördís Finnbogadóttir fréttamaður, Jóhann Hauksson dagskrárstjóri Rásar 2, Kristín Þorsteinsdóttir rekstrarhagfræðingur og fyrrverandi fréttamaður, Óðinn Jónsson fréttamaður, Pálmi Jónasson fréttamaður og Þórhallur Jósepsson fréttamaður.

Kári Jónasson lét af störfum fréttastjóra fyrr á þessu ári eftir 31árs starf hjá RÚV og ritstýrir nú Fréttablaðinu.

-bs

Condoleezza Rice:

# Horfum til framtíðar

**FRAKKLAND, AP** Það er tími til kominn að snúa sér frá ágreiningsefnum fortíðarinnar og horfa til framtíðar, sagði Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, í ávarpi hennar við stjórnmálaakademíu Parísar. Hún vísaði þar til ágreiningsins um innrásina í Írak.

„Bandaríkin eru reiðubúin að vinna með Evrópu að sameiginlegum hagsmunamálum okkar og Evrópa verður að vera reiðubúin að vinna með okkur,“ sagði hún. „Þegar upp er staðið, getur ekki farið svo að sagan dæmi okkur af ágreiningi okkar frekar en nýjum afrekum okkar.“ ■



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

**ÆGIR SÉÐ FRÁ DETTIFOSSI**
Mörg tilboð hafa borist Landhelgisgæslunni vegna nýs varðskips. Nýtt skip kostar um tvo milljarða en búist er við því að það verði leigt.

# Vonast til að nýtt varðskip verði sjósett á næsta ári

**Forstjóri Landhelgisgæslunnar segir nýtt varðskip verða sjósett eftir eitt til eitt og hálft ár ef allt gengur að óskum. Verið er að skoða fjölda tilboða sem borist hafa um nýtt skip.**

**LANDHELGISGÆSLAN** Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, segir vonir standa til þess að nýtt varðskip verði sjósett eftir eitt til eitt og hálft ár. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur falið Landhelgisgæslunni að kanna möguleika á nýjum skipa- og flugvélakosti miðað við þarfir Landhelgisgæslunnar.

> „Landhelgisgæslan er að kanna með Flugfélagi Íslands hvort flötur sé á sameiginlegum flugrekstri.

Þrír menn fóru í gærmorgun til Danmerkur og Noregs til að skoða þrjár tegundir af skipum. Georg segir helst vera horft til millistórra fjölnotaskipa með dráttar-, björgunar-, rannsóknar- og mengunarbúnaði. Sjálfur fer Georg ásamt einum skipherra gæslunnar á fund fulltrúa danska sjóhersins í Danmörku á morgun. Eins reiknar hann með að senda menn út til Þýskalands í næstu viku til að skoða tilboð þaðan. Nýtt skip segir hann kosta á bilinu einn og hálfan til tvo milljarða í kaupum en hann býst við nýtt skip yrði leigt. Leiga á slíku skipi í tíu ár gæti kostað um það bil það sama og kaupverðið en munur felst í að ekki þarf að leggja út fé eða taka lán fyrir skipinu heldur yrði leiga greidd með ákveðnu milli bili. Eins væri þá um að ræða minni skuldbindingu.

Þá hefur Landhelgisgæslan verið að kanna með Flugfélagi Íslands hvort flötur sé á sameiginlegum flugrekstri en ljós er að Fokker flugvél gæslunnar á ekki meira en tvö ár eftir. Aðallega eru fjórar tegundir flugvéla til skoðunar, þær eru allar um þrjátíu sæta fjölnota vélar framleiddar frá árinu 1998 til 2002. Ódýrasta vélin sem er til skoðunar er Fokker 50 vél en með nauðsynlegum búnaði kostar slík vél um átta hundruð milljónir, þar af er búnaður fyrir um sex hundruð milljónir. Hinar vélarnar sem eru af tegundinni Dash 8, CASA C-295 Persuader og Dornier 328 eru um helmingi dýrari en verð búnaðarins er svipað.

hrs@frettabladid.is

BHM:

# Sameiginleg launatafla

**KJARAMÁL** Umboð til sameiginlegra kjaraviðræðna félaga innan Bandalags háskólamanna við ríkið hefur verið endurnýjað. Útlit var fyrir að of erfiðlega gengi að samræma kröfur félaganna í einum samningi.

Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM, segir forsvarsmenn samninganefndar ríkisins hafa verið krafnir svara um hugmyndir þeirra að sameiginlegri launatöflu: „Þeir komu það mikið til móts við okkar hugmyndir að okkur fannst að við ættum að láta reyna á hvort við gætum ekki hnikað þeim til.“

Samninganefndirnar funda í dag.

- gag



**FRÁ WELLINGTON**
Skjálftavirkni hefur verið með mesta móti skammt fyrir utan borgina.

Nýja-Sjáland:

# Höfuðborgin í hættu

**NÝJA-SJÁLAND** Einn helsti jarðskjálftasérfræðingur Nýja-Sjálendinga segir að höfuðborg landsins, Wellington, sé í mikilli hættu en mikil skjálftavirkni hefur verið í námunda við borgina síðan flóðbylgjan mikla í Indlandshafi reið yfir í Asíu. Hann hefur mælst til þess að höfuðborgin, eða allar helstu ríkisstofnanir sem þar eru, verði flutt til annarra borga fjarri allri skjálftavirkni enda hverfi borgin af yfirborði jarðar komi flóðbylgja á borð við þá sem varð í Indlandshafi nálægt ströndum landsins. ■

Sólbaksmálið:

# Félagsdómur væntanlegur

**VÉLSTJÓRAFÉLAGIÐ** Félagsdóms er að vænta í þessari viku eða næstu í máli Vélstjórafélags Íslands gegn Brimi vegna Sólbaks og samninga við áhöfnina í haust. Vélstjórafélagið vill láta ógilda stofnun Sólbaks ehf. þar sem í raun sé það Brim sem geri Sólbak út. Helgi Laxdal, formaður Vélstjórafélagsins, segir að Brim sé í LÍÚ en Sólbakur ehf. utan þess. Hlutafélagið hafi verið stofnað til þess að Brim geti starfað utan LÍÚ.

„Ef dómurinn fellur okkur í vil verður samningur við sjómennina ómerkur hvað okkur varðar,“ segir Helgi.

- ghs

Leiðrétting:

# Bensínverð

**ELDSNEYTI** Í verðkönnun á bensíni í blaðinu í gær urðu þau mistök að lítrinn af 95 oktana bensíni í sjálfsafgreiðslu hjá Esso var sagður kosta 97,70. Hið rétta er að hann kostar 98,70. Þetta leiðréttist hér með. ■


HAGNÝTT TÖLVUNÁM

Stafrænar myndavélar

Vinsælt námskeið um öll helstu grundvallaratriði stafrænna myndavéla og meðferð stafrænna mynda í heimilistölvunni.

Lengd námskeiðsins er 12 kennslustundir.

Innritun og upplýsingar í síma 544 2210

Verð kr. 15.000,-
(Innifalin er ný kennslubók á íslensku).




TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is


## Veðrið

**SNJÓKOMA EÐA ÉL SUNNAN OG VESTAN TIL**
Það eru horfur á að það muni snjóa nokkuð á sunnanverðu landinu í dag og að úrkomubakkinn teygi sig eitthvað norður með vestanverðu landinu. Á Norðaustur og Austurlandi verður úrkomulítið. Enn verður stífur vindstrengur allra syðst á landinu.

**HORFUR UM NÆSTU HELGI**
Ákveðin norðvestlæg átt með éljum víða um land á laugardag en hlýnar af suðri síðdegis á sunnudag með rigningu vestan til.

### Í dag




### Á morgun




Víðast nokkur vindur. Stöku él vestan til.

### Föstudagur




Hæglætisveður víðast hvar.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C léttskýjað | París | 11°C skýjað | Torrevieja | 16°C léttskýjað |
| Osló | 5°C skýjað - skúr | Prag | 0°C léttskýjað | Róm | 11°C skýjað |
| Stokkhólmur | 2°C skýjað | Amsterdam | 9°C alskýjað | New York | 9°C skýjað skúr |
| London | 11°C skýjað | Varsjá | -2°C heiðskírt | Miami | 26°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Þau fengu endurgreitt




## Má bjóða þér í hópinn?

Í janúar endurgreiddum við skilvísum viðskiptavinum í fjölskylduþjónustu SPRON helming allra debetkortaárgjalda þeirra og hluta af greiddum vöxtum vegna skuldabréfa, íbúðalána, yfirdráttar eða víxla.

Það getur verið erfitt að ákveða hvernig best er að nýta endurgreiðsluna þar sem þarfir og væntingar fjölskyldumeðlima eru mismunandi – það eina sem hægt er að ábyrgjast er að hún kemur sér vel fyrir fjölskylduna.

BÆTTU HAG FJÖLSKYLDUNNAR

**Með því að skrá fjölskylduna gætirðu tryggt þér og þínum endurgreiðslu þessa árs.**

spron
*– fyrir allt sem þú ert*

**Skráning í síma 550 1200, hjá þjónustuveri í síma 550 1400, á www.spron.is eða í næsta útibúi SPRON.**

Formaður Sjómannafélags Eyfirðinga:

# Kvótinn er farinn héðan

**AKUREYRI** Konráð Alfreðsson, formaður Sjómannafélags Eyfirðinga, telur að Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, hafi þurft að borga stóra afborgun vegna kaupanna á ÚA upp úr áramótum og þess vegna hafi hann ákveðið að selja Sléttbak og segja öllum sjómönnunum upp störfum.



**KONRÁÐ**
Telur forstjóra Brims hafa selt Sléttbak til greiða stóra afborgun.

Hann leggur ekki trúnað á þau orð Guðmundar að sjómönnunum verði komið í önnur pláss hjá félaginu. „Ég veit ekki hvernig í ósköpunum hann ætlar að koma mönnum að. Skipin eru fullmönnuð.“

Konráð telur að nú hafi fengist sannað að Guðmundur hafi þurft að borga stóra afborgun og þess vegna sé hann að selja bæði skip og kvóta þó að ekkert hafi fengist staðfest um það síðarnefnda.

„Það þýðir ekkert að segja mér að karfinn og ufsinn sem Sléttbakur hefur verið að veiða á heimamiðum fari yfir á ísfisktogarana sem halda landvinnslunni hans uppi með þorski. Hann hefur ekkert annað frystiskip en Guðmund í Nesi til að veiða karfann og ufsann og þar með er kvótinn farinn héðan.“ - ghs

Forstjóri Brims:

# Getur engin loforð gefið

**AKUREYRI** Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, segir rangt að ákveðið hafi verið að selja Sléttbak vegna þess að standa hafi þurft skil á stórri afborgun vegna kaupanna á Brimi. Sléttbakur hafi landað yfir 700 tonnum af karfa að verðmæti um 50 milljónir króna eftir janúartúrinn. Karfaverð hafi lækkað mikið, gengi krónunnar sé sterkt og olían dýr. Skipið sé eyðslufrekt.



**GUÐMUNDUR**
Forstjóri Brims segist gera sitt besta til að finna pláss fyrir sem flesta sjómenn af Sléttbaki.

„Kanadamaðurinn þarf að kaupa skip undir 60 metrum vegna reglugerða í Kanada. Slík skip eru ekki mörg og mega ekki vera of gömul. Við fengum gott tilboð í skipið. Það er eiginlega rekið með tapi svo að við ákváðum að selja en salan er ekki frágengin enn,“ segir Guðmundur.

Guðmundur var í Þýskalandi þegar útgerðarstjórinn tilkynnti uppsagnirnar. Hann segir að reynt verði að finna pláss fyrir flesta og þrír séu þegar komnir á Guðmund í Nesi. Guðmundur kveðst engin loforð geta gefið um framtíðina. Engin ákvörðun hafi verið tekin um kvótann. Brim sé ekki akureyrskt fyrirtæki, það sé íslenskt. - ghs



**KJÖRKASSINN**

*Viltu að reykingar verði bannaðar á öllum veitingastöðum landsins?*

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

| | |
|---|---|
| Já | 66% |
| Nei | 34% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Borðaðir þú saltkjöt á sprengidaginn?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



**ENDURVINNSLA**
Borgarfulltrúi segir stöðina við Sævarhöfða anna illa auknu álagi vegna lokunar stöðvarinnar í Grafarvogi.

Sorpa í Grafarvogi:

# Áhyggjur af lokun

**BORGARMÁL** Umhverfisráð Reykjavíkur samþykkti í gær einróma bókun þar sem lýst er yfir áhyggjum vegna lokunar á endurvinnslustöð Sorpu við Bæjarflöt í Grafarvogi. Um síðustu áramót var endurvinnslustöðinni lokað í sparnaðarskyni.

Á fundinum lagði Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, fram tillögu um að leita leiða til að opna að nýju endurvinnslustöðina. Segir hann skjóta skökku við að loka stöðinni á sama tíma og borgarbúar séu sérstaklega hvattir til að auka skil til endurvinnslustöðva. Afgreiðslu tillögunnar var frestað til næsta fundar að ósk fulltrúa R-listans. - th




**REYKJANESBRAUTIN**
Rauði kaflinn er sá sem bjóða á út á vori komanda samkvæmt samgönguráðherra. Á þeim kafla eru þrenn mislæg gatnamót við (A) Njarðvík, (B) Grindavíkurafleggjara og (C) við Voga. Um 12,5 km. langan kafla er að ræða en sá hluti sem þegar er lokið við og merktur er blár er rúmlega tíu kílómetra langur.Tölur um kostnað eru nokkuð á reiki en áætlanir gera ráð fyrir allt að tveimur milljörðum króna þegar allt er saman talið.

# Tveggja milljarða verk

**Kostnaður við tvöföldun syðri hluta Reykjanesbrautar er áætlaður um tveir milljarðar króna. Ládeyða hefur verið í jarðvegs- og malbikunarframkvæmdum. Fjölmörg fyrirtæki hyggjast bjóða í verkið.**

**SAMGÖNGUR** Sú ákvörðun Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra að bjóða út þann kafla Reykjanesbrautar frá Vogum að Njarðvík í einu lagi nú í vor hlýtur lof bæði hjá Suðurnesjamönnum en eins hjá forsvarsmönnum verktakafyrirtækja sem hyggjast margir bjóða í verkið enda verkefnastaða hjá mörgum jarðvegs- og malbikunarfyrirtækjum fremur róleg. Áætlaður kostnaður er tveir milljarðar króna.

Á fundi sem haldinn var að tilstuðlan áhugahóps um öruggari Reykjanesbraut lýsti ráðherrann því yfir að tekin hefði verið ákvörðun um tvöföldun brautarinnar á kaflanum frá Vogum að Njarðvík í einu lagi og útboð myndu hefjast strax á vormánuðum. Þeir verktakar sem Fréttablaðið náði tali af voru sammála um að tímasetning ráðherra gæti vart verið betri.

Sævar Jónsson, framkvæmdastjóri Loftorku, sagði enga spurningu vera um að hans fyrirtæki tæki þátt í fyrirhuguðu útboði þegar þar að kæmi. „Mér sýnist mjög skynsamlega að verki staðið hjá samgönguráðherra að bjóða verkið út með þeim hætti sem hann tiltók. Í stað þess að bjóða þennan kafla út í tvennu lagi hyggst hann bjóða allt verkið út í einu og það er afar jákvætt fyrir þá sem það vinna og eins er líklegra að þau tilboð sem berast verði enn hagstæðari fyrir vikið. Þess utan skilst mér að sá verktaki sem verkið hljóti hafi frjálsari hendur en gengur og gerist hvað varðar framkvæmdahraða og það er nýmæli hér á landi.“

Undir þetta tók Sigþór Sigurðsson framkvæmdastjóri hjá Hlaðbæ-Colas. „Það má til sanns vegar færa að verkefnastaða fyrir jarðvegs- og malbikunarfyrirtæki er lítil hjá flestum íslenskum fyrirtækjum í dag og því er tíminn til útboða núna afar góður í því tilliti. Þannig verða væntanlega margir um hituna og tilboðin því hagstæðari fyrir vikið. Þetta er alveg tvískipt því í byggingageiranum er mikil þensla og nóg af verkefnum framundan en tiltölulega lítið um jarðvegs- eða malbikunarframkvæmdir meðfram stærri verkefnum eins og við stóriðjuframkvæmdir fyrir austan land.

Hjá Umferðarstofu fengust þær upplýsingar að slysaskráningu fyrir síðasta ár væri ekki lokið en bráðabirgðatölur fyrir þann vegarkafla sem tvíbreiður er sýna að milli ágúst og september 2004 urðu sjö slys á þeim kafla en á sama tíma árið 2003 voru þau 17 talsins.

albert@frettabladid.is

Einstakt tilboð!
Komdu ástinni þinni á óvart
Helgin 11. - 13. febrúar
“Á vit hins óþekkta á óráðnum stað”
(setning úr Kryddlegnum hjörtum, leikstjóri Alfonso Arau, 1992)
Í tilefni Valentínusardagsins 14. febrúar veitum við rómantískum einstaklingum tækifæri á að gera vel við maka sinn.
Frí gisting á Hótel Örk ef keyptur er þriggja rétta þemakvöldverður hússins.
Verð einungis 4.900,- krónur á mann.
Morgunverður af hlaðborði innifalinn.
Lifandi tónlist og stuð fram eftir nóttu.

Como aqua para chocolate
Tómas Þóroddsson og Jakob V. Arnarson matreiðslumenn á Hótel Örk hafa sett saman matseðil fyrir elskendur, í anda myndarinnar “Kryddlegin hjörtu”
ATH: Uppselt laugardag!
Pantanir í síma 483 4700
info@hotel-ork.is, www.hotel-ork.is
HÓTEL ÖRK

Hátt í þrjátíu létust í árásum:

# Breyttar aðferðir vígamanna

**ÍRAK, AP** Aðferðir vígamanna virðast hafa breyst eftir því sem öryggisgæsla hefur verið efld til að koma í veg fyrir bílsprengjuárásir. Undanfarna daga hefur verið mikið um sjálfsmorðsárásir gangandi vígamanna sem hafa hlaðið sig sprengiefnum. 27 manns hið minnsta létu lífið í nokkrum árásum í Írak í gær.

21 lét lífið í sprengjuárás á skráningarstofu íraska hersins í Bagdad. 27 til viðbótar særðust í árásinni sem er sú mannskæðasta í höfuðborginni eftir að kosningar fóru fram undir lok síðasta mánaðar. Talið er að um sjálfsmorðssprengjuárás hafi verið að ræða.

Árásin í Bagdad var ekki sú eina sem kostaði Íraka lífið í gær. Þrír lögreglumenn létust í bardögum við vígamenn í vesturhluta Bagdad. Tveir synir stjórnmálamanns létust þegar vígamenn skutu úr hríðskotarifflum sínum á bíl hans. Stjórnmálamaðurinn sjálfur, Mithal al-Alusi sem varð þekktur þegar hann sótti ráðstefnu um hryðjuverk í Ísrael í fyrra, slapp hins vegar ómeiddur. Þá skutu vígamenn íraskan starfsmann Bandaríkjahers til bana á alþjóðaflugvellinum í Bagdad. ■



**LÍK FLUTT Á SJÚKRAHÚS**
Vígamenn hlaðnir sprengjuefnum hafa gert fjölda sjálfsmorðsárása undanfarna daga.




Öll eigum við það sameiginlegt að vilja fá meira af því sem okkur finnst jákvætt í lífinu. Þess vegna tryggjum við hjá Sjóvá að viðskiptavinir okkar fái meira ef þeir eru í Stofni.

Þú færð meiri vernd, þú færð meiri fríðindi og þú færð meiri þjónustu ef þú ert í Stofni.

**Stofn – fáðu meira**

## Auk hagstæðra kjara á iðgjöldum standa þér til boða ýmis önnur fríðindi:

- **10% endurgreiðsla af iðgjöldum ef þú ert tjónlaus.**
- **Barnabílstólar til leigu eða kaupa á sérlega góðum kjörum.**
- **Frí flutningstrygging fyrir búslóð í flutningi innanlands.**
- **Allt að 20% líftryggingarauki án endurgjalds.**
- **Sérlega hagstæð kjör á bílalánum.**

**SJÓVÁ**
Njóttu lífsins – áhyggjulaus

**Tjónavakt** | Viðskiptavinir Sjóvá hafa aðgang að tjónavakt allan sólarhringinn í síma **800 7112** verði þeir fyrir stórfelldu eignatjóni.

440 2000 • www.sjova.is



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað tilkynnti samgönguráðherra á borgarafundi í Reykjanesbæ í fyrrakvöld?*

2 *Hvaða hús við Aðalstræti hefur verið ákveðið að færa í upprunalegt horf?*

3 *Hvaða lið sigraði keppnina um Ofurskálina (Super Bowl) í Bandaríkjunum?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 34

Heilbrigðisráðherra lætur meta þörf á þátttöku ríkisins:

# Ríflega 7.400 börn þurfa gleraugu



**HEILBRIGÐIS-RÁÐHERRA**
Lætur meta þörfina á þátttöku ríkisins í gleraugnakostnaði einstaklinga undir 18 ára.



**HEILBRIGÐISMÁL** Starfshópur sem hefur það hlutverk að meta þörfina á þátttöku ríkisins í gleraugnakostnaði barna og ungmenna yngri en 18 ára hefur verið settur á laggirnar. Reikna má með að ríflega 7.400 börn hér á landi noti gleraugu.

Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, hefur skipað þennan starfshóp sem á að meta kostnað og skila ráðherra tillögum til úrbóta eigi síðar en í maí á þessu ári.

Í nýlegu svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur alþingismanns kom fram að reikna má með að um 7.400 börn hafi notað gleraugu árið 2003, eða 10 prósent af heildarfjöldanum sem var 74.044 einstaklingar yngri en 18 ára. Enn fremur kom fram að 1.823 einstaklingum hafi verið greiddir styrkir vegna slíkra kaupa þá. Að auki fengu 126 börn sem skráð voru sjónskert hjá Sjónstöð Íslands gleraugu endurgjaldslaust.

Jafnframt kom fram í svari ráðherra að ætla mætti að fullbúin gleraugu úr gleraugnaverslun kostuðu á bilinu 25.000-30.000 krónur. Ef ríkissjóður greiddi 70 prósent af verði glerja fyrir öll börn yngri en 18 ára mætti ætla að viðbótarkostnaður af því yrði um 38 milljónir króna.

- jss



**CHERIE OG TONY BLAIR**
Blair varð á sunnudag þaulsætnasti forsætisráðherra allra tíma úr röðum Verkamannaflokksins.

Verkamannaflokkurinn:

## Stefnir í stórsigur

**BRETLAND** Breski Verkamannaflokkurinn ynni öruggan sigur á andstæðingum sínum ef bresku þingkosningarnar færu fram í dag samkvæmt nýrri skoðanakönnun Populus fyrir breska dagblaðið The Times.

Samkvæmt könnuninni fengi Verkamannaflokkurinn 41 prósent atkvæða og hefur ekki mælst með jafnmikið fylgi frá því fyrir innrásina í Írak. Íhaldsflokkurinn mældist með 32 prósenta fylgi í könnuninni og Frjálslyndir demókratar með átján prósent.

Búist er við því að Tony Blair forsætisráðherra boði til kosninga í maí en kjörtímabilið rennur ekki út fyrr en á næsta ári. ■

# Ný friðarvon vaknar

**Fundur Mahmouds Abbas og Ariels Sharon vekur vonir manna um að friður geti komist á fyrir botni Miðjarðarhafs. Talsmaður Hamas segir samtökin ekki bundin af því vopnahléi sem var lýst yfir í gær.**

**EGYPTALAND, AP** Leiðtogar Ísraels og Palestínu stigu skref í átt til friðar þegar þeir lýstu í gær yfir vopnahléi eftir meira en fjögurra ára átök. Mikið verk er þó enn óunnið og verða margvísleg mál sem tengjast friðarferlinu rædd á næstu vikum og mánuðum.

„Við höfum samþykkt að hætta öllum ofbeldisverkum gagnvart Palestínumönnum og Ísraelum hvar sem þeir eru," sagði Mahmoud Abbas, forseti heimastjórnar Palestínu, og sagði tíma til kominn að Palestínumenn endurheimtu frelsi sitt. „Ný friðarvon fæddist í dag í borg friðarins. Við skulum heita því að hlúa að þeirri von," sagði Abbas.

„Ég fullvissa ykkur um að við ætlum okkur að virða rétt ykkar til að standa á eigin fótum og lifa í sæmd. Ég hef þegar sagt að Ísrael vill ekki halda áfram að stjórna ykkur og örlögum ykkar," sagði Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, og beindi orðum sínum til Palestínumanna.

Báðir lýstu þeir yfir von um að samkomulagið í gær yrði til að endurvekja vegvísinn til friðar sem fjórveldin Bandaríkin, Evrópusambandið, Rússland og Sameinuðu þjóðirnar lögðu fram fyrir nokkrum árum en hefur ekki tekist að hrinda í framkvæmd vegna átakanna í Palestínu og Ísrael. Lokamarkmið vegvísisins er sjálfstætt palestínskt ríki við hlið Ísraels. Áður en það verður að veruleika þarf að semja um landamæri, stöðu flóttamanna og hvernig skal fara með stjórn Jerúsalems.

Leiðtogarnir hétu því að landar þeirra létu af árásum og Ísraelar hétu því að auki að sleppa 900 palestínskum föngum úr fangelsi. Palestínumenn vilja hins vegar að flestum eða öllum þeim 8.000 Palestínumönnum sem eru í ísraelskum fangelsum verði sleppt.

Vopnahlésyfirlýsingunni var fagnað víða um heim í gær og ljóst að miklar vonir eru bundnar við þau skref sem hafa verið stigin í átt til friðar.

Óvissa ríkir þó enn um vopnahléið. Osama Hamdan, forystumaður Hamas í Líbanon, sagði samtökin ekki bundin af vopnahlésyfirlýsingunni. Hann sagði samtökin taka afstöðu til hennar út frá því hversu vel gengi að ná fram breyttri hegðun Ísraela gegn Palestínumönnum. ■

### NÆSTU SKREF

Sharon og Abbas ætla að hittast á næstu vikum.

Ísraelar og Palestínumenn setja á fót nefnd til að fjalla um öryggismál.

Ísraelar hafa lofað að leysa 900 Palestínumenn úr fangelsi.

Palestínumenn taka við stjórn fimm borga og bæja á næstu þremur vikum.

Abbas og Sharon funda með George W. Bush í Washington.

Egyptaland og Jórdanía senda sendiherra aftur til Ísraels.



**ABBAS OG SHARON Í EGYPTALANDI**
Mahmoud Abbas og Ariel Sharon hétu því að gera sitt til að koma á friði fyrir botni Miðjarðarhafs. Þeir hafa ákveðið að hittast aftur á næstu vikum og eiga einnig eftir að hittast hjá George W. Bush Bandaríkjaforseta í Washington.

### ÁTÖK ÍSRAELA OG NÁGRANNA ÞEIRRA

Stríð og önnur átök hafa einkennt sögu Ísraelsríkis. Fimm nágrannaríki gerðu innrás þegar það var stofnað. Ísraelar hafa aukið landsvæði sitt mjög í stríðum sínum og það meðal annars leitt til blóðugra átaka við Palestínumenn.







Málfundur með rektorsefnum í Háskóla Íslands:

# Svigrúm til að afla fjár og ráðstafa

**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Fjárskortur er meginvandi Háskóla Íslands, rannsóknarfé er of lítið, launin of lág og húsnæðisskortur og aðstöðuleysi háir skólanum. Rektorsefnin vilja taka upp samninga við ríkið. Þetta kom fram á fundi með rektorsefnunum fjórum í Háskóla Íslands í gær.

Rektorsefnin vilja taka upp samninga við stjórnvöld þannig að háskólinn fái nægilegt fjármagn til að verða samkeppnisfær jafnt á alþjóðlegum markaði sem innanlands.

Jón Torfi Jónasson vildi að háskólinn hefði svigrúm til að afla fjár og ráðstafa því fé.

Kristín Ingólfsdóttir kom meðal annars með þá hugmynd að bjóða upp á nám í asískum fræðum með asíska hagkerfið í huga.

Einar Stefánsson taldi nauðsynlegt að fá þjóð og stjórnvöld til að fallast á nauðsyn þess að eiga rannsóknarháskóla í fremstu röð. Háskólinn tæki síðan til sín frumkvæðið í umræðunni.

Ágúst Einarsson taldi hugsanlegt að taka upp skólagjöld í framhaldsnámi og studdi þá hugmynd að fyrirtækin fengju skattaívilnanir ef þau styrktu Háskóla Íslands.

- ghs



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**REKTORSEFNI Á MÁLFUNDI**
Rektorsefnin eru öll sammála um að fjárskortur sé aðalvandamál Háskóla Íslands. Þau vilja taka upp samninga við ríkisvaldið til að efla skólann sem rannsóknarháskóla.

Kappsamir starfsmenn Icelandair klippið hér




Filon/SÍA

# NÝ HEIMSMYND

## **FRANKFURT HAHN** - BEINT FLUG HEFST 21. MAÍ

Verð frá: **7.995 kr.**
(Aðra leið m. sköttum)

Búðu þig undir brottför á **www.icelandexpress.is**

**TILBOÐ Á BÍLALEIGUBÍLUM**

Budget Car Rental

| | DAGSVERÐ | VIKUVERÐ |
|---|---|---|
| FÓLKSBÍLAR | 2.737 kr. | 19.159 kr. |
| LÚXUSBÍLAR | 4.510 kr. | 31.570 kr. |

**BARNAVERÐ**

Verð aðeins: **5.995 kr.**

(Börn yngri en 12 ára m.v. aðra leið með sköttum, takmarkaður bókunartími)

Iceland Express

Ferðaþjónusta Iceland Express, Suðurlandsbraut 24, Sími 5 500 600



**MIKIL ÖRYGGISGÆSLA** Fimm einstaklingar sem grunaðir eru um aðild að Rauðu herdeildunum voru dregnir fyrir rétt í Bologna á Ítalíu í gær. Mikil öryggisgæsla var við dómshúsið vegna þess.

Landbúnaðarráðuneytið:

# Sex sinnum færri konur skipaðar

**ALÞINGI** Landbúnaðarráðuneytið skipaði um sex sinnum fleiri karla en konur í stöður á tímabilinu 1999 til 2005. Alls voru 4 konur og 23 karlar skipaðar í stöður á vegum ráðuneytisins á tímabilinu.

Þetta kom fram í skriflegu svari Guðna Ágústssonar landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um jafnréttisáætlun og skipan í stöður.

Alls eru 56 nefndir starfandi á vegum ráðuneytisins og nefndarmenn eru 257, þar af eru 217 karlar og 40 konur.

Ekki gilda ákveðnar reglur um hlutföll kynja við skipan í stöður á vegum ráðuneytisins, en í svarinu kemur fram að unnið sé eftir starfsmannastefnu stjórnarráðsins þar sem kveðið er á um að gætt skuli fyllsta jafnréttis milli kvenna og karla og að hver starfsmaður skuli metinn á eigin forsendum.

Ekki hefur verið gerð sérstök framkvæmdaáætlun hvað þetta varðar. „Ráðuneytið er hins vegar vel meðvitað um að fleiri karlar en konur skipa nefndir og ráð á vegum þess og eru ýmsar skýringar á því,“ segir í svari landbúnaðarráðherra. - sda



**GUÐNI ÁGÚSTSSON LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA** Af 257 nefndarmönnum á vegum landbúnaðarráðuneytisins eru 40 konur.

Endurnýjun strætisvagna:

# Sú mesta frá upphafi

**SAMGÖNGUR** Strætó bs. fær afhenta fimm nýja strætisvagna í dag. Þetta eru fyrstu vagnarnir af þeim 30 sem munu í nokkrum áföngum leysa eldri vagna af hólmi og er þetta mesta endurnýjun á á vögnum sem Strætó bs. hefur ráðist í.

Borgarstjóri og bæjarstjórar á höfuðborgarsvæðinu munu kynna sér vagnana í dag en þeir uppfylla ströngustu skilyrði um aðgengi, umhverfisvernd, hljóðmengun og eldsneytisnýtingu. Erna Gísladóttir, forstjóri B&L, afhendir forsvarsmönnum Strætó bs. vagnana. - bs

Bandaríkjaher:

# Sviptu dáta orðum sínum

**BANDARÍKIN** Ellefu bandarískir landgönguliðar hafa verið sviptir heiðursmerkjum sem þeir fengu eftir að þeir særðust í Írak. Þegar kom í ljós að hermennirnir höfðu særst í slysum en ekki bardögum voru þeir sviptir orðum sem þeir fengu að því er bandaríska dagblaðið Washington Post segir.

„Ég sagði þeim að mér fyndist ég ekki eiga heiðursmerkið skilið,“ sagði Robert Arellano sem særðist þegar hann var að gera við bilaða byssu. Þó að hann andmælti því þegar herinn vildi veita honum orðu var ekki hlustað á hann. Hann neitaði að bera orðuna en hefur nú verið sviptur henni. ■

Dýravinir í Hollywood:

# Vilja banna lýtalækningar



**BANDARÍKIN, AP** Borgarfulltrúar í Hollywood hafa lagt fram tillögu þess efnis að banna lýtalækningar á heimilisdýrum.

Samkvæmt tillögunni verður eigendum dýra bannað að fara með dýrin sín til dýralæknis til þess að láta laga útlit þeirra. Til dæmis verður bannað að stytta rófur þeirra, gera breytingar á eyrum og laga vígtennur svo lengi sem þessar breytingar hafa ekkert með heilsu dýranna að gera. Nú þegar eru í gildi lög víðsvegar um Evrópu sem banna lýtalækningar á dýrum en ef þessi tillaga verður samþykkt verður Hollywood eini staðurinn í Bandaríkjunum með slík lög. ■

**FALLEGUR HUNDUR** Algjör óþarfi er að laga útlit þessa fallega hunds.



**VINNA, NÁM OG MEÐFERÐ** Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um fullnustu refsinga þar sem meðal annars er lögð áhersla á einstaklingsbundnar meðferðaráætlanir fyrir þá sem afplána refsingar í fangelsum hérlendis. Miðað er við að í upphafi afplánunar verði þeir sem eru í miklum vímuvanda vistaðir á afeitrunardeild og síðan í framhaldinu vistaðir til áframhaldandi afplánunar meðal annars eftir aldri, sakarferli, lengd refsingar, kyni og búsetu. Vinna, meðferð og nám fanga verða höfð að leiðarljósi í afplánuninni.

# Sérdeild ungra fanga óráðleg

**Það er ekki í öllum tilvikum heppilegt að vista unga fanga saman á sérdeild, segir Erlendur S. Baldursson hjá Fangelsismálastofnun.**

**FANGELSI** „Það verður að horfa til fleiri þátta heldur en aldurs við vistun í fangelsi eða á deildum innan fangelsis,“ segir Erlendur S. Baldursson deildarstjóri Fangelsismálastofnunar um tillögur Ágústs Ólafs Ágústssonar alþingismanns um sérdeild fyrir unga fanga.



**ERLENDUR BALDURSSON** Deildarstjóri Fangelsismálastofnunar.

Að sögn Erlends eru nú vistaðir 123 fangar í fangelsum landsins. Af þeim eru 27% eða samtals 33 fangar 24 ára og yngri. Tveir yngstu fangarnir eru fæddir árið 1985 og því 19 ára gamlir. Af þessum 33 föngum eru tveir erlendir karlar og þrjár konur. Sakaferillinn er allt frá umferðalagabrotum til grófra ofbeldisbrota.

„Meirihlutinn hefur ekki afplánað áður, aðrir hafa margar afplánanir að baki,“ segir Erlendur. „Hluti fanganna hefur verið í mikilli vímuefnaneyslu frá unga aldri og á jafnvel margar meðferðir að baki. Aðrir eiga lítt eða ekki við slíkan vanda að stríða. Sumir koma frá góðum félagslegum aðstæðum og hverfa til þeirra aftur að lokinni afplánun, aðrir hafa brotið flestar brýr að baki sér. Sumir eiga auk þess við veruleg geðræn vandamál að stríða.

Eins og sjá má á þessi stóri hópur yfirleitt lítið annað sameiginlegt en ungan aldur. Eldri föngum er einnig hægt að gera skil á sama hátt og þeim yngri. Aðstæður þeirra eru afar misjafnar með tilliti til ofangreindra þátta.“

**FJÖLDI FANGA Í DAG**

| | |
|---|---|
| Eldri en 24 ára | 90 |
| 20 – 24 ára | 31 |
| 19 ára | 2 |

Erlendur segir, að skilgreining þingmannsins um unga og óreynda fanga annars vegar og eldri og forherta fanga hins vegar sé einungis lítill hluti af þeirri heildarmynd sem fangelsisyfirvöld standi frammi fyrir. Af þeirri ástæðu geti verið heppilegt að vista ungan og óreyndan fanga með eldri og óreyndari fanga eða ungan og „erfiðan“ fanga með eldri fanga sem á við fá vandamál að glíma.

„Það getur verið mjög óheppilegt að vista saman á einni fangelsisdeild marga unga menn sem hafa staðið saman í afbrotum um margra ára skeið. Oft getur verið heppilegra að aðskilja þá á deildum eða í fangelsum.“

Um það sem fram kemur hjá þingmanninum, að hlutfall þeirra sem „lenda í kasti við lögin“ sé hærra hér á landi en annars staðar segir Erlendur að hið rétta sé að í tilvitnaðri rannsókn Helga Gunnlaugssonar segi skýrt að „niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að ítrekunartíðni þeirra sem ljúka fangavist á Íslandi sé mjög svipuð því sem tíðkast meðal annarra þjóða.“ Það sé það athyglisverð staðreynd að fangafjöldi á Íslandi sé hlutfallslega 40-50% lægri en á hinum Norðurlöndunum.

jss@frettabladid.is




Bókaðu strax!
Betri ferðir – betra frí
Bestu
utanlandsferðirnar
Samkvæmt skoðanakönnun Gallups hefur
Úrval-Útsýn yfirburði í utanlandsferðum.
Hvaða ferðaskrifstofa býður
upp á bestu utanlandsferðirnar?
Úrval-Útsýn 44%
Helstu samkeppnisaðilar
Sumarfríið
er dýrmætt:
Berðu saman gæði
gististaða og þjónustu
– verðið kemur
á óvart.
Þúsundir Íslendinga
hafa þegar bókað bestu
utanlandsferðirnar
Skráðu þig í netklúbbinn
og þú getur unnið
sólarlandaferð fyrir tvo
til Costa del Sol, Krítar, Portúgal eða Mallorca.
Farðu á www.urvalutsyn.is og skráðu þig í netklúbbinn.
3 nöfn verða dregin út og birt á vefnum þann 1. mars.
SÓLARHAPPDRÆTTI – www.urvalutsyn.is
Bókaðu strax
– vinsælir gististaðir að seljast upp
Mallorca, Iris: Örfáar íbúðir eftir
Mallorca, Royal Christina og Royal Playa de Palma: Vinsælar brottfarir uppseldar
Costa del Sol, Camino Real: Slær í gegn (bætum við fleiri íbúðum)
Krít, Helios: Frábærar viðtökur, vinsælar brottfarir uppseldar
Portúgal, Brisa Sol: Sívinsælt – fyrstir koma fyrstir fá
Albir, La Colina: Örfáar íbúðir eftir á vinsælum brottförum
CLUB ALBUFEIRA
Portúgal
27. júní í viku
39.900*
á mann, m.v. 2 fullorðna og 3 börn, 2–11 ára, í íbúð með 2 svefnherbergjum
Fleiri eða færri? Finndu verð á þinni ferð á www.urvalutsyn.is
AGUAMARINA
Costa del Sol
23. júní í viku
49.900*
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2–11 ára, í íbúð með 1 svefnherbergi
Fleiri eða færri? Finndu verð á þinni ferð á www.urvalutsyn.is
CALA MILLOR P.
Mallorca/Sa Coma
22. júní í viku
39.900
á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2–11 ára, í íbúð með 1 svefnherbergi
Fleiri eða færri? Finndu verð á þinni ferð á www.urvalutsyn.is
* Flug, flugvallarskattar, gisting í 7 nætur og íslensk fararstjórn.
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS URV 27335 02/2005
VISA
Færð þú MasterCard ferðaávísun?
VR orlofsávísun
Munið ferðaávísunina
Nánari upplýsingar um verð, gististaði
og ferðatilhögun á www.urvalutsyn.is
Lágmúla 4: 585 4000 • Akureyri: 460 0600 • Vestmannaeyjum: 481 1450
www.urvalutsyn.is

Sumar Plús 2005

Aldrei fleiri áfangastaðir!



Netverðdæmi

Costa del Sol
Verð frá 47.066 kr.*
á Santa Clara í 7 nætur.
57.438 kr. ef 2 ferðast saman.

Krít
Verð frá 49.400 kr.*
á Skala í 7 nætur.
60.100 kr. ef 2 ferðast saman.

Portúgal
Verð frá 39.500 kr.*
á Elimar í 7 nætur.
54.200 kr. ef 2 ferðast saman.

Mallorca
Verð frá 38.730 kr.*
47.730 kr. ef 2 ferðast saman.

Benidorm
Verð frá 34.230 kr.*
á Halley í 7 nætur.
46.300 kr. ef 2 ferðast saman.

*á mann m.v. að 2 fullorðnir og 2 börn, 2ja-11 ára, ferðist saman. Innifalið: Flug, gisting, 10.000 kr. bókunarafsláttur og flugvallarskattar.

EUROCARD MasterCard VISA

plús FERÐIR
www.plusferdir.is
Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100

Kosið til stúdentaráðs og háskólafundar:

# Spenna í Vatnsmýrinni

**KOSNINGAR** Stúdentar við Háskóla Íslands kjósa sér fulltrúa í stúdentaráð og til háskólafundar í dag og á morgun. Fjórir listar eru í framboði; hinar gamalgrónu hreyfingar Röskva og Vaka auk Háskólalistans og Alþýðulistans. Vaka hefur meirihluta í Stúdentaráði og hefur haft undanfarin þrjú ár. Röskva réð ríkjum í ellefu ár þar á undan.

Vaka, Röskva og Háskólalistinn eiga nú þegar fulltrúa í stúdentaráði en Alþýðulistinn er nýr af nálinni. Hann hefur raunar yfir sér annan og léttari blæ en hinar hreyfingarnar og er til dæmis eitt baráttumála hans að skólabúningar verði teknir upp við Háskólann.

Spennu gætir í Háskólasamfélaginu vegna kosninganna og hefur hörð kosningabarátta verið rekin síðustu daga. Þykir hún harðari en undangengin ár þó að gamlir refir telji hana barnaleik miðað við það sem eitt sinn tíðkaðist.

Kosningaþátttakan var rúm 30 prósent í fyrra og gera frambjóðendur sér vonir um að hún verði meiri í ár.

Úrslit munu að líkindum liggja fyrir annað kvöld. **- bþs**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**BARIST UM ATKVÆÐIN**
Framboðin kynntu stefnumál sín á göngum Háskólans í gær og voru ýmsar veitingar á boðstólum til að lokka námsmenn að borðum. Kaffi og konfekt, Pepsí og heimabakað og vatn.

Grindavík:

# Parkett-framleiðsla að hefjast

**ATVINNULÍFIÐ** Parkettframleiðsla er að hefjast í Grindavík. Það er Geo plank sem flytur inn fyrsta flokks harðvið frá Bandaríkjunum, þurrkar og vinnur í yfirborðsefni fyrir parkett. Parkettið er svo flutt til Evrópu og Bandaríkjanna. Þetta kom fram á vef Víkurfrétta.

Stofnendur fyrirtækisins eru Stefán Jónsson iðnrekstrarfræðingur, Þórður H. Hilmarsson rekstrarhagfræðingur og Ingi G. Ingason viðskiptafræðingur. **- ghs**

# Rækjuvinnslan í miklum öldudal

**Allt að fjórtíu störf á Húsavík eru í hættu en engin vinnsla hefur verið á rækju hjá Íshafi síðan í desember. Arnar Sigurmundsson, formaður Samtaka fiskvinnslustöðva, segir stöðu rækjuvinnslunnar erfiða um allt land.**

**ATVINNA** Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur óskað eftir fundi með stjórnendum rækjuvinnslunnar Íshafs á Húsavík en engin vinnsla hefur verið hjá fyrirtækinu síðan um miðjan desember. Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, segir að á bilinu 30 til 40 manns starfi hjá Íshafi og hefur megnið af starfsfólkinu verið án atvinnu síðan vinnsla lagðist niður.

„Íshaf nýtti sér ákvæði í kjarasamningum sem gerir sjávarútvegsfyrirtækjum kleift að senda starfsfólk heim vegna hráefnisskorts. Það hefur engum verið sagt upp störfum enn sem komið er en það eru allir í óvissu um hvenær rækjuvinnsla hefst á ný hjá Íshafi. Ég veit að stjórnendur fyrirtækisins eru að vinna á fullu í þessum málum en tilgangur fundarins er fyrst og fremst sá að upplýsa starfsfólk um stöðu mála og eyða óvissu," segir Aðalsteinn.

Íshaf á þrjú rækjuskip en það fjórða, Seley ÞH-381, var í janúar selt til Vísis í Grindavík.

Arnar Sigurmundsson, formaður Samtaka fiskvinnslustöðva, segir að staða rækjuvinnslunnar í landinu sé almennt erfið og búin að vera það undanfarin þrjú til fjögur ár. „Vandi rækjuvinnslunnar á Íslandi er þríþættur. Í fyrsta lagi aukið framboð af kaldsjávarrækju á markaði, einkum frá Kanada. Í öðru lagi lækkað afurðaverð, vegna meira framboðs, og í þriðja lagi eykur styrking íslensku krónunnar enn á vandann," segir Arnar.

Rækjuvinnslum hefur farið fækkandi undanfarin ár, ýmist vegna sameiningar í sjávarútvegi eða gjaldþrota, og Arnar segir vandinn sé ekki landshlutabundinn. „Rækjuframleiðendum ber saman um að brekka sé í vinnslunni og menn bera sig illa um allt land. Fyrirtækin hafa verið að draga úr útgerð og keypt meira af innfluttu hráefni. Sum fyrirtæki hafa gripið til þess ráðs að draga úr afköstum en aðrir hafa reynt að hagræða eins og hægt er."

Arnar segir að þótt rækjuvinnsla hafi dregist saman á undanförnum árum þá sé staðan ekki svo slæm að markaðir séu í hættu, enn sem komið er. „Hingað til hafa það einkum verið minni framleiðendur sem hafa þurft að hætta en ef fyrirtæki hætta rækjuvinnslu í stórum stíl þá gætu markaðir verið í hættu."

**kk@frettabladid.is**



**Í RÆKJUVINNSLU**
Formaður Samtaka fiskvinnslustöðva segir að staða rækjuvinnslunnar sé almennt erfið.



**AÐALSTEINN Á. BALDURSSON**
„Það er ekki gott hljóð í fólki sem er án atvinnu og veit ekki hver staða þess er," segir Aðalsteinn.



**VIÐ PRÓFUN Á HOLUNNI**
Þorsteinn Eiríksson metur kraftinn í holunni. Kraftmikið jarðhitasvæði virðist vera við Hjalteyri.

Hjalteyri við Eyjafjörð:

# Kraftmikil borhola

**JARÐORKA** Niðurstöður prófana á nýrri heitavatnsholu á vinnslusvæði Norðurorku á Hjalteyri benda til að holan muni gefa af sér 85 til 100 sekúndulítra af 85 til 90 gráðu heitu vatni.

Franz Árnason, forstjóri Norðurorku, segir að holan, sem er rúmlega 1500 metra djúp, sé fyrst og fremst hugsuð sem öryggishola. Gert er ráð fyrir að holan verði virkjuð í sumar en með tilkomu hennar getur Norðurorka séð um 30 þúsund manna byggð fyrir heitu vatni. Íbúafjöldinn á Akureyri er nú rúmlega 16 þúsund og um 18 þúsund á veitusvæði hitaveitu Norðurorku. **- kk**

Tryggingamarkaðurinn:

# Uppsagnir í kjölfar sameiningar

**ATVINNA** Vegna samkomulags um sameiningu Varðar Vátryggingafélags og Íslandstryggingar hefur fimm af 13 starfsmönnum Varðar á Akureyri verið sagt upp störfum. Af sömu ástæðu hefur þremur starfsmönnum verið sagt upp í starfsstöð Varðar og Íslandstryggingar í Reykjavík. „Þetta er liður í hagræðingu í rekstrinum. Við stefnum á að stækka og fjölga þá starfsfólki á ný," segir Einar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Íslandstryggingar, en hann verður framkvæmdastjóri sameinaðs félags. **- kk**

Ágúst Ólafur Ágústsson alþingismaður:

# Þunglyndi meðal eldri borgara verði kannað

**HEILBRIGÐISMÁL** Þunglyndi eldri borgara hér á landi hefur ekki verið sérstaklega rannsakað og engin stofnun innan heilbrigðisgeirans fæst á skipulagðan hátt við það, að sögn Ágústs Ólafs Ágústssonar alþingismanns.

Hann er fyrsti flutningsmaður tillögu til þingsályktunar þess efnis að heilbrigðisráðherra verði falið að skipa nefnd sem rannsaki þunglyndi meðal eldri borgara og meti umfang þess. Nefndin kanni sérstaklega tíðni sjálfsvíga og sjálfsvígstilrauna hjá eldri borgurum, svo og hvaða leiðir séu heppilegar til að koma í veg fyrir þunglyndi á meðal þess hóps í þjóðfélaginu.

Ólafur Ágúst benti á að eldri borgarar gætu haft sérstöðu í þessum efnum þar sem missir maka eftir langt hjónaband, einmanaleiki og lífsleiði gætu verið veigameiri orsök heldur en hjá öðrum aldurshópum. Með greiningu á þunglyndi eldri borgara mætti auka þekkingu á þunglyndi meðal þeirra í þeirri von að draga megi úr tíðni þess, gera meðferð skilvirkari og fækka sjálfsvígum. **- jss**



**TILLAGA**
Ágúst Ólafur Ágústsson alþingismaður telur brýnt að kanna þunglyndi, tíðni sjálfsvíga og sjálfsvígstilraunir hjá eldri borgurum.

Loðnuveiðar:

# Bræla á miðunum

**SJÁVARÚTVEGUR** Loðnuveiðar hafa gengið fremur treglega undanfarna sólarhringa, einkum vegna brælu, segir Freysteinn Bjarnason framkvæmdastjóri útgerðar hjá Síldarvinnslunni. „Það stefnir í skítabrælu út vikuna og mun það setja strik í veiðarnar. Það fundust góðar lóðningar suðaustur af Litla dýpi um síðustu helgi og þar var greinilega á ferðinni seinni ganga og mun smærri loðna en hingað til hefur veiðst," segir Freysteinn.

Afli íslenskra skipa á vertíðinni er nú ríflega 240 þúsund tonn, þar af tæplega 200 þúsund tonn frá áramótum. **- kk**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 27169 02/2005




Óperan Tosca er í dag ein allra vinsælasta ópera Puccini um heim allan. Nú fáum við tækifæri til að njóta hennar í Íslensku óperunni. Í tvísöng elskendanna, söngkonunnar Toscu og málarans Cavaradossi, togast ljóðræn fegurð á við hörku lögregluforingjans Scarpia, sem reynir að ná ástum Toscu með brögðum.

**Frumsýning 11. febrúar** *kl. 20* **– uppselt**

**2. sýning 13. feb.** *kl. 19* **– örfá sæti laus**
**3. sýning 18. feb.** *kl. 20* **– örfá sæti laus**
**4. sýning 20. feb.** *kl. 19* **– nokkur sæti laus**
**5. sýning 25. feb.** *kl. 20*
**6. sýning 27. feb.** *kl. 19*

**Tosca:** *Elín Ósk Óskarsdóttir.*
**Cavaradossi:** *Jóhann Friðgeir Valdimarsson.*
**Scarpia:** *Ólafur Kjartan Sigurðarson.*
**Angelotti:** *Bergþór Pálsson.*
**Spoletta:** *Snorri Wium.*
**Kirkjuvörðurinn:** *Davíð Ólafsson.*
**Hljómsveitarstjóri:** *Kurt Kopecky.*
**Leikstjóri:** *Jamie Hayes.*

ÍSLENSKA ÓPERAN

Íslenska óperan
Miðasala á netinu: **www.opera.is**
Sími miðasölu: **511 4200**

Landsbankinn, stoltur bakhjarl Íslensku óperunnar, óskar óperugestum góðrar skemmtunar.

**Landsbankinn**
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

360 gráður

**HVAÐ ER?** ÚTVARPSRÉTTARNEFND

# *Skorið úr um öldur ljósvakans*

Útvarpsréttarnefnd hefur verið í fréttum undanfarna daga eftir að hún úrskurðaði að útsendingar Skjás eins á knattspyrnuleikjum án íslenskrar þýðingar brytu í bága við útvarpslög.

**Hlutverk?**
Útvarpsréttarnefmd veitir þeim útvarpsleyfi sem sækjast eftir að reka útvarps- eða sjónvarpsstöðvar. Nefndin fylgist auk þess með að útvarpslögum sé framfylgt en Póst- og fjarskiptastofnun hefur aftur á móti eftirlit „með tæknilegum eiginleikum útsendinga“ eins og það er orðað í reglugerð um útvarpsstarfsemi.
Útvarpsréttarnefnd fer með úrskurðarvald í kæru- og ágreiningsmálum telji einstaklingar, félög eða stofnanir að hagsmunir þeirra, einkum orðspor og mannorð, hafi beðið tjón að því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í dagskránni og þeim hafi verið synjað um rétt til andsvara á viðkomandi útvarpsstöð.
Að lokum má nefna að útvarpsréttarnefnd úrskurðar um stjórnvaldssektir fari ljósvakamiðill ekki að fyrirmælum laga um auglýsingar og kostun. Hún getur auk þess afturkallað leyfi til útvarps séu reglur brotnar.

**Aðgerðir?**
Útvarpsréttarnefnd hefur oft fellt umdeilda úrskurði. Sumarið 1996 afturkallaði hún leyfi Stöðvar 2, Sýnar og Stöðvar 3 til endurvarps á dagskrám þriggja erlendra sjónvarpsstöðva og veitti Bíórásinni hf., sem þá var í eigu sömu aðila og Stöð 3, vilyrði fyrir sömu leyfum. Síðar um sumarið kærði Ástþór Magnússon fréttastofu Stöðvar 2 til nefndarinnar þar sem hann taldi vegið að orðstír sínum í opinni dagskrá stöðvarinnar en fékk eingöngu að svara fyrir sig í læstri dagskrá.
Árið 1999 hætti Íslenska sjónvarpsfélagið, sem þá rak Skjá einn, beinum útsendingum á þætti Davids Letterman eftir að útvarpsréttarnefnd benti félaginu á að sendingarnar brytu gegn útvarpslögum þar sem þær væru ótextaðar. Það mál er því ekki með öllu ósvipað málarekstrinum sem stendur nú yfir.



**DAVID LETTERMAN**
Árið 1999 taldi útvarpsréttarnefnd að beinar útsendingar Skjás eins á þætti hans brytu í bága við útvarpslög þar sem þær voru ótextaðar.

**Nefndarmenn?**
Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann útvarpsréttarnefndar en þeir eru Benedikt Bogason og Lárentsínus Kristjánsson. Auk þeirra sitja þau Ásdís Rafnar og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson í nefndinni en þau eru bæði skipuð af Hæstarétti. Varamenn þeirra eru þau Jakob Möller og Þorgerður Erlendsdóttir. Rakel Björnsdóttir er starfsmaður nefndarinnar.



**ÍSKALT Í ÍRAN**
Það snjóar víðar en á Íslandi. Þessir hressu hnokkar í Teheran í Íran kættust ógurlega yfir ofankomunni sem þar var í vikunni og bjuggu til myndarlegan snjókarl.

# Eið Smára á ensku eða íslensku?

**Þorri þingflokks sjálfstæðismanna hefur lagt fram frumvarp á Alþingi um breytingu á útvarpslögum svo útvarpa megi íþróttaviðburðum án þess að lýsing á íslensku fylgi með. Forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar er málinu hlynntur en formaður Íslenskrar málnefndar ekki.**

Í kjölfar úrskurðar útvarpsréttarnefndar um útsendingar Skjás eins á knattspyrnuleikjum án íslenskrar lýsingar hafa fimmtán þingmenn Sjálfstæðisflokksins lagt fram frumvarp á Alþingi um breytingu á lögum þannig að senda megi beint út frá erlendum íþróttaviðburðum án þess að íslensk þýðing fylgi. Formaður Íslenskrar málnefndar telur að með því geti íslenskri tungu verið hætta búin en þingmanni Vinstri grænna og forstöðumanni Íslenskrar málstöðvar líst hins vegar ágætlega á málið.

### Gölluð löggjöf

Meginhluti þingflokks sjálfstæðismanna lagði fram frumvarp á Alþingi í fyrradag um breytingu á útvarpslögum svo heimilt verði að útvarpa beinum útsendingum frá erlendum íþróttaviðburðum án þess að íslenskt tal eða texti fylgi með. Frumvarpið kemur í kjölfar úrskurðar útvarpsréttarnefndar þar sem Skjá einum var bannað að senda enska boltann út í beinni útsendingu með lýsingu enskra þula.

„Við sem leggjum frumvarpið fram teljum að túlkun útvarpsréttarnefndar á útvarpslögum sé mismunun gagnvart þeim sem starfa á sjónvarpsmarkaði og að jafnræði sé skert,“ segir Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og flutningsmaður frumvarpsins. „Sumum sjónvarpsstöðvum er heimilt að senda út erlent sjónvarpsefni án texta eða íslenskrar lýsingar allan sólarhringinn ef um er að ræða endurvarp heildardagskrár erlendra sjónvarpsstöðva. Þegar eru um 50 stöðvar sendar út með þessum hætti. Það er hins vegar óheimilt ef erlenda efnið er aðeins hluti af dagskránni. Þetta er mismunun og galli á löggjöfinni sem þarf að lagfæra,“ segir Sigurður Kári.

### Íslensk málnefnd á móti

Lagagreinin sem fimmtánmenningarnir vilja breyta hljóðar á þessa leið: „Efni á erlendu máli, sem sýnt er á sjónvarpsstöð, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal sjónvarpsstöð, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem orðið hafa.“

Augljóslega hafa málverndarsjónarmið ráðið ferðinni þegar þessum takmörkunum var komið á og því kemur ekki á óvart að málverndarsinnar vilji fara varlega. „Ég held að það hljóti að vera skoðun Íslenskrar málnefndar að erlent tal verði ekki leyft nema í algerum undantekningartilvikum,“ segir Guðrún Kvaran, formaður Íslenskrar málnefndar, en hún telur íþróttaviðburði ekki flokkast undir slík tilvik enda eru kappleikir á dagskránni oft í viku. Samkvæmt upplýsingum frá Skjá einum lýsa íslenskir fréttamenn að jafnaði tveimur af hverjum fimm leikjum sem fram fara í ensku knattspyrnunni en afganginn sjá enskir kollegar þeirra um.

Margir líta tilslakanir í þessum efnum hornauga og benda á að alls staðar sé að málinu sótt, til dæmis bera æ færri verslanir íslensk nöfn. Guðrún tekur að sumu leyti í svipaðan streng. „Ég tel að málinu geti verið hætta búin ef menn nota ensku í enn ríkari mæli í íþróttamáli en nú er gert. Fram að þessu hefur verið reynt að lýsa á íslensku og þegar nýjar íþróttagreinar eru teknar upp þá hefur orðið til fullkominn íslenskur orðaforði af því að menn hafa notað íslenskar lýsingar.“ Hefði þetta ekki verið gert mætti búast við að enska væri notuð á íþróttavöllum landsins.

### Ari Páll hlynntur breytingum

Það vekur hins vegar athygli að Ari Páll Kristinsson, forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar, er ekki sama sinns. „Þetta er frekar afmarkað svið og það er nú þegar heimilt að senda fréttir beint út án þess að íslensk þýðing fylgi með. Út af fyrir sig er það því alveg gilt sjónarmið að íþróttaviðburðir séu í þeim flokki. Ég vil á hinn bóginn hvetja stjórnendur Skjás eins að nota það fé sem þeir telja sig geta sparað til að búa til vandað íslenskt dagskrárefni,“ segir hann.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ARI PÁLL KRISTINSSON**
Hann telur gild rök hníga að útsendingu íþróttaviðburða með erlendri lýsingu.

Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, telur eðlilegra að greina á milli Ríkisútvarpsins og annarra stöðva en á milli íslenskra og erlendra stöðva. „Mér hefur aldrei þótt við geta lagt sömu skyldur á aðrar útvarps- og sjónvarpsstöðvar og á Ríkisútvarpið. Mér finnst að Ríkisútvarpið eigi að fá umtalsvert fé til að sinna þýðingarskyldu sinni og þá megi hinar stöðvarnar í sjálfu sér leika dálítið lausum hala,“ segir hún.

Kolbrún segir tilgangslaust að horfa framhjá þróuninni í hinu heimsvædda fjölmiðlaumhverfi og útilokar því ekki að styðja frumvarp fimmtánmenninganna. „Ég áskil mér allan rétt til þess að skoða það vel.“

sda@frettabladid.is
sveinng@frettabladid.is




**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN**
Þremur af hverjum fimm leikjum sem sýndir eru úr enska boltanum á Skjá einum er lýst af enskum íþróttafréttamönnum.



**FBL GREINING:** FRIÐARFERLIÐ Í MIÐ-AUSTURLÖNDUM

# Stuttur aðdragandi að vopnahléi

Aðdragandinn að fundi Ariels Sharon og Mahmouds Abbas í Sharm al-Sheikh er ekki langur, sennilega má segja að hann sé tæpir þrír mánuðir og að upphafið markist af andláti Jasser Arafats. Fráfall hans opnaði leiðina fyrir Mahmoud Abbas á valdastól og þær breytingar sem hafa orðið á samskiptum Ísraela og Palestínumanna. Um leið og ljóst var að Arafat ætti ekki afturkvæmt fóru að heyrast raddir þess efnis að nú opnaðist leið til friðar. Ástæðan er tvíþætt. Annars vegar lagði Mahmoud Abbas alla tíð ríka áherslu á að farin yrði samningaleið í samskiptum við Ísraela, meiri en Arafat. Hin ástæðan snýr að Ísraelum, þeir höfðu lengi neitað að ræða við Arafat, sögðu hann ekki áreiðanlegan.

Hlutirnir gerðust hratt eftir fráfall Arafats. Colin Powell ræddi við palestínska og ísraelska embættismenn 22. nóvember og bað þá um að hefja friðarviðræður á ný. 2. desember sagði Hosni Mubarak Egyptalandsforseti, sem löngum hefur verið gagnrýninn á Ariel Sharon, að ísraelski forsætisráðherrann væri besta von Mið-Austurlanda um frið. Tæpum tveimur vikum síðar sagði Abbas í blaðaviðtali að það hefðu verið mistök að grípa til vopna gegn Ísraelum og Sharon bætti um betur 26. janúar þegar hann sagði að nýtt ár gæti leitt til sögulegra breytinga í samskiptum Ísraela og Palestínumanna.

Abbas var kjörinn forseti palestínsku heimastjórnarinnar 9. janúar og tók þannig við leiðtogahlutverkinu sem gerir honum kleift að semja við Ísraela. Tólf dögum síðar fyrirskipaði hann öryggissveitum að taka sér stöðu á norðanverðu Gaza til að koma í veg fyrir árásir á Ísrael og seinna meir bannaði hann óbreyttum borgurum að bera vopn. Í millitíðinni tóku Ísraelar upp pólitísk samskipti við palestínsku heimastjórnina sem þeir höfðu áður slitið vegna árása palestínskra vígamanna.

Abbas ræddi síðan við herskáar hreyfingar Palestínumanna og þrýsti á þá að hætta árásum á Ísraela. Egyptar tóku sömu afstöðu, ræddu við fulltrúa Hamas og Íslamsks Jíhad í byrjun mánaðarins og buðu Sharon og Abbas til friðarfundar á vinsælum ferðamannastað sem Egyptar hafa notað nokkuð hin síðari ár til að halda friðarráðstefnur.



**ÞJÓÐARLEIÐTOGAR Í SHARM AL-SHEIK**
Þjóðarleiðtogar Palestínu, Ísraels, Egyptalands og Jórdaníu hittust á leiðtogafundi í Egyptalandi.



Fótboltaunnendur:

## Ekki vilja allir heyra íslensku

Njáll Eiðsson hefur verið viðloðandi knattspyrnuna um langt skeið en hann er jafnframt grunnskólakennari og er því annt um ungviðið. Hann er þó ekki þeirrar skoðunar að íslenskri tungu sé sérstök hætta búin þótt fótboltalýsingar séu á ensku. „Það er enska í öllu umhverfi barnanna og ef við foreldrarnir og kennararnir tölum góða íslensku við þau þá held ég að það skemmi ekki fyrir að einhverjum leikjum á ári sé lýst á ensku. Hinu má hins vegar ekki gleyma að það er ákveðinn hluti þjóðarinnar sem skilur ekki ensku þannig að það eru örugglega margir sem vildu gjarnan hafa þetta á íslensku.“

Njáll segist sjálfur láta sér í léttu rúmi liggja á hvoru tungumálinu lýsingarnar eru. „Mér finnst þetta gott í bland. Ég vil nú samt meina að sumsumir íslensku íþróttamannanna tali ekki nógu góða íslensku, því miður,“ og segir að málverndarsjónarmiðin megi sín því stundum lítils. „Ég þekki menn sem vilja ekki heyra íslenskuna heldur fara á krár til að geta heyrt lýsinguna á ensku enda þótt þeir gætu horft á þetta heima hjá sér,“ bætir Njáll við en kveðst þó ekki vera í þeim hópi.

- shg







**GENGIÐ Á KJÖRSTAÐ** Almenn bílaumferð var bönnuð á kjördag og því þurftu Írakar að ganga á kjörstað.

# Uppreisnarmenn súnní-múslima náðu hugsanlega markmiðinu

**Líklegt er að kosningaþátttakan í Írak hafi verið nær 45 prósentum en 60 prósentum. Jón Ormur Halldórsson segir að kosningarnar hefðu verið fordæmdar sem skrípaleikur ef þær hefðu farið fram annars staðar í veröldinni. Hann óttast andstöðu súnní-múslíma við lýðræðisferlið framundan.**



**FRÉTTASKÝRING**
KOSNINGARNAR Í ÍRAK

**TRAUSTI HAFLIÐASON**
BLAÐAMAÐUR

Þó að kosningunum í Írak sé fagnað af allflestum sem skref í rétta átt til lýðræðis hafa vaknað áleitnar spurningar um kosningaþátttökuna og fleira tengt kosningunum. Fjölmiðlar víðsvegar um heim hafa greint frá því að hún hafi verið um 60 prósent, að átta milljónir Íraka hafi kosið.

Howard Kurtz, blaðamaður á Washington Post, dregur þá tölu hins vegar í efa og segir hana vera nær 45 prósentum. Sextíu prósenta talan miðist við þá sem hafi verið skráðir til að mega kjósa. Fjórtán milljónir hafi verið skráðar en í raun séu um átján milljónir manna með kosningarétt í landinu. Því sé réttara að reikna kosningaþátttökuna út frá því og samkvæmt þeim reikningum hafi hún líklegast verið um 45 prósent. Þá bendir Kurtz einnig á að skráningin hafi líklegast verið afar ófullkomin. Skráningarlistinn var unninn út frá öðrum lista. Það var listi yfir alla þá Íraka sem höfðu þegið matargjafir. Kurtz bendir á að hugsanlega hafi einhverjir skráð sig tvisvar eða jafnvel oftar fyrir matargjöfum. Það viti enginn enda hafi ekki verið farið kerfisbundið yfir listann.

### Lítil þátttaka súnní-múslíma

Jón Ormur Halldórsson, stjórnmálafræðingur og dósent við Háskólann í Reykjavík, tekur undir með Kurtz og segir í raun ómögulegt að meta kosningaþátttökuna nákvæmlega. Hann segist hins vegar glaður yfir því að kosningarnar hafi verið haldnar þó að vafalaust hafi ýmsu verið ábótavant.

„Það sem skiptir samt í mínum huga meginmáli er hvernig kosningaþátttakan dreifðist eftir héruðum. Það var búist við mikilli þátttöku meðal kúrda og síja-múslíma en spurningin er hvernig þátttakan var hjá súnní-múslímum. Ég hef grunsemdir um að hún hafi verið mjög lítil. Uppreisnarmenn reyndu fyrst og fremst að koma í veg fyrir að súnní-múslímar tækju þátt í kosningunum og það er hugsanlegt að þeim hafi tekist það, öfugt við það sem Bandaríkjamenn og fleiri hafa haldið fram, maður veit það bara ekki ennþá.“

### Stórkostlega gallaðar kosningar

Komið hefur fram að mennirnir sem áttu að sjá um kosningaeftirlit í Írak voru í Jórdaníu þegar kosið var. Á milli þess sem það birtust myndir af fólki í sjónvarpsfréttum fagnandi

**ÞJÓÐERNISHÓPAR**

| | |
|---|---|
| Arabar | 75-80% |
| Kúrdar | 15-20% |
| Annað | 5% |

**TRÚARBRÖGÐ**

| | |
|---|---|
| Síja-múslímar | 60-65% |
| Súnní-múslímar | 32-37% |
| Annað | 3% |



**ÓTRYGGT ÁSTAND** Fjórtán létu lífið í Bagdad í gær í sprengingu. Ættingi leitar að skyldmenni sínu í líkhúsi í höfuðborginni.


LAGERÚTSALA







T-bolir 300 / Síðerma T-bolir 500 / Flíspeysur frá 500
Kuldagallar (Small) 1.000 / Samfestingar (Small) 1.000
Pólóbolir 700 /Skyrtur 1.000 / Jakkar frá 2.000
Svuntur fyrir mötuneyti 500 / Töskur / Húfur / Handklæði
Barna pólóbolir 500 / Barna joggingbuxur

*Opið 9-17 virka daga og laugardaga 11-17*
*Erum í sama húsi og Tækniháskólinn, lagerhúsnæði að norðanverðu*

Tanni er auglýsingavöru fyrirtæki
Við bjóðum fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum meðal annars:
T-boli, pólóboli, háskólapeysur, flíspeysur, penna, reiknivélar, klukkur...
*allt með þínu merki.*

tanni auglýsingavörur
www.tanni.is

kosningunum og birtust einnig myndir af fólki sem kom að tómum kjörstöðum og gat ekki kosið. Donatella Lorch, fyrrum blaðamaður Newsweek, NBC og New York Times, veltir einnig upp þeirri spurningu hvort kosningar þar sem 45 deyja geti talist vel heppnaðar. Svo virðist sem fólk sé orðið svo ónæmt fyrir kringumstæðunum í Írak að það sætti sig við mannfall í kosningunum.

Jón Ormur segir engan vafa leika á því að ef þessar kosningar hefðu farið fram einhvers staðar annars staðar í veröldinni hefðu þær verið fordæmdar sem skrípaleikur.

„Fjölmargir frambjóðendur þorðu ekki að halda kosningafundi. Sumir sem voru sagðir vera í framboði neituðu því og svo framvegis. Ef það hefðu verið haldnar kosningar af þessu tagi í Simbabve hefði enginn tekið þær alvarlega. Þetta voru náttúrlega stórkostlega gallaðar kosningar. Ég verð samt að viðurkenna að ef ég hefði fengið einhverju að ráða um þetta mál þá hefði ég haldið einhvers konar kosningar þótt þær yrðu skrípaleikur í hluta landsins."

Flestir búast við því að flokkur Ali al-Husseini al-Sistani, helsta trúarleiðtoga sjíamúslima í Írak, fari með sigur í kosningunum. Jón Ormur segir að þessi listi sé samansettur af svo ólíkum stjórnmálaöflum að þau eigi aldrei eftir að geta unnið saman.

„Þannig að þetta eru nú frá öllum hliðum séð mjög skrítnar kosningar. Það er ekki hægt að líta á þær sem alvöru lýðræðislegar kosningar heldur einhvers konar skref í áttina að einhverju kerfi sem væntanlega getur leitt af sér einhvers konar lýðræði."

**Írak er vond hugmynd**

Jón Ormur segir að sögulega sé Írak mjög vond hugmynd því landið hafi verið búið til vegna olíuhagsmuna Breta á sínum tíma. Kúrdar eigi til dæmis ekki heima í Írak en séu þar út af nýlendustefnu Breta á sínum tíma. Hann segist frá upphafi hafa verið á móti innrás Bandaríkjanna í Írak.

„Þetta er einfaldlega ekki þannig samfélag að það sé rétta leiðin eða líklegt til árangurs að sprengja það í tætlur eins og gert var til þess að koma á einhvers konar samfélagi sem virkar. Þetta samfélag er samsett með mjög flóknum og viðkvæmum hætti. Ef málin þróast eins og útlit er fyrir, ef súnnímúslímar verða undir, má búast við gríðarlegri andstöðu hjá þeim við lýðræðisferlinu framundan. Gallinn er sá að það var ekki farið í þetta stríð til þess að gera það sem er best fyrir Íraka sjálfa. Það var farið í stríði út af allt öðrum ástæðum."

**Mokað yfir umræðuna um gereyðingarvopnin**

Hugsanleg gereyðingarvopn Íraka voru meginástæðan fyrir því að ráðist var inn í Írak. Það hefur hins vegar lítið farið fyrir umræðunni um gereyðingarvopnin undanfarið. Jón Ormur segir að það sé fyrst og fremst vegna þess að menn einblíni nú á kosningarnar og lýðræðisþróunina í landinu.

„Auðvitað er umræðan um gereyðingarvopnin mjög mikilvæg því hún snýst um leið um lögmæti stríðsrekstursins og ákveðið fordæmisgildi. Ég held samt að Bandaríkjamönnum hafi verið ljóst frá upphafi að það væru engin gereyðingarvopn í Írak. Þeir voru bara að reyna að finna eitthvað sem þeir gátu kallað gereyðingarvopn. Þeir voru meðal annars að leita að efnavopnum og það kom mér reyndar á óvart að þeir skyldu ekki finna nein efnavopn því það þýðir að Írak er eina landið á þessu svæði sem á ekki slík vopn. Þessi efnavopn sem þeir voru að reyna að finna voru hins vegar efnavopn sem voru svipuð þeim sem notuð voru í fyrri heimsstyrjöldinni. Þau vopn eru hins vegar ekki meiri gereyðingarvopn en það að menn gáfust upp á að nota þau eftir fyrri heimsstyrjöldina. Samt ætluðu Bandaríkjamenn að kalla þau gereyðingarvopn ef þeir hefðu fundið þau."

Jón Ormur segir að kenningin hafi líka verið sú að Saddam Hussein hafi látið hryðjuverkamönnum gereyðingarvopn í té.

„Hussein var ekki í neinu sambandið við hryðjuverkamenn. Kenningarnar um gereyðingarvopnin og tengsl Husseins við hryðjuverkamenn á sem sagt ekki við nein rök að styðjast og auðvitað reyna menn núna að moka yfir þetta allt saman og drepa umræðuna." ■



**GAGNRÝNDI KOSNINGARNAR** Adnan Al-Zurfi, fylkisstjóri í Najaf, gagnrýndi framkvæmd kosninganna. Hann segir að í Najaf hafi þúsundir kjósenda ekki getað greitt atkvæði þar sem atkvæðaseðla hafi vantað.



**SIGURTÁKNIÐ** Írösk kona sýnir sigurtáknið. Fingurinn er fjólublár eftir blek en allir þeir sem kusu voru merktir á þennan hátt svo þeir gætu ekki kosið tvisvar.


SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

LEGACY
Subaru Legacy Wagon sjálfskiptur
Verð áður 2.790.000
Verð nú 2.590.000
=200.000
króna gengishagnaður
Verð á mán 29.966,-*





FORESTER
Subaru Forester sjálfskiptur
Verð áður 2.750.000
Verð nú 2.580.000
=170.000
króna gengishagnaður
Verð á mán 29.850,-*

IMPREZA
Subaru Impreza Sedan beinskiptur
Verð áður 2.160.000
Verð nú 1.990.000
=170.000
króna gengishagnaður
Verð á mán 23.021,-*



NJÓTTU GÓÐS GENGIS

Hagstætt gengi gjaldmiðla og góðar aðstæður gera okkur kleift að bjóða Subaru á stórlækkuðu verði. Nýttu þér einstakt tækifæri áður en gengið hækkar á ný. Öflug 2,0 lítra vélin og fullkomið fjórhjóladrif tryggja að þú kemst örugglega á leiðarenda og ekki spillir ríkulegur staðalbúnaður. Komdu og kynntu þér Subaru – og njóttu betra gengis!



SYMMETRICAL AWD
JAFNVÆGI

Subaru aldrifið er sannkallað listaverk – lárétt Boxer vél og fullkomin fjórhjóladrifstækni tryggja hámarks rásfestu og veggrip á öllum hjólum. Hér ræður jafnvægið ríkjum og tryggir afl og akstursseiginleika sem eiga sér fáar hliðstæður í hvaða verðflokki sem er.

Í samstarfi við SP-FJÁRMÖGNUN HF
*Bílasamningur SP-FJÁRMÖGNUN með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 13:00–17:00

Hrísmýri 2a, 800 Selfossi, 482-3100 | Eyrarlandi 1, 530 Hvammstanga, 451-2230 | Sæmundargötu 3, 550 Sauðárkróki, 453-5141 | Holtsgötu 52, 260 Njarðvík, 421-8808 | Dalbraut 2b, 300 Akranesi, 431-1376 | Víkurbraut 4, 780 Höfn í Hornafirði, 478-1990 | Búðareyri 33, 730 Reyðarfjörður, 474-1453 | Sindragötu 3, 400 Ísafjörður, 456-4540 | Óseyri 5, 603 Akureyri, 461-2960

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.868 **+2,50%**

**Fjöldi viðskipta:** 492
**Velta:** 3.777 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Landsbankinn** | 4,20% | **Samherji** | -0,87% |
| **Íslandsbanki** | 4,12% | | |
| **Síminn** | 3,91% | | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 42,30 +1,20% ... Atorka 6,20 – ... Bakkavör 26,30 +1,15% ... Burðarás 13,65 +3,02% ... Flugleiðir 14,80 +2,78% ... Íslandsbanki 12,65 +4,12% ... KB banki 526,00 +2,53% ... Kögun 47,60 +1,28% ... Landsbankinn 14,90 4,20% ... Marel 53,60 +0,75% ... Medcare 6,00 +1,35% ... Og fjarskipti 3,81 +2,70% ... Samherji 11,40 -0,87% ... Straumur 10,25 +0,99% ... Össur 85,00 +1,19%

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Kötturinn að heiman

Viðskiptaþing Verslunarráðs var það fjölmennasta frá upphafi. Þarna voru allir þeir forkólfar íslensks viðskiptalífs sem á annað borð voru á landinu. Bankastjórar viðskiptabankanna létu sig ekki vanta og tóku þátt í gagnlegum umræðum á þinginu. Það vakti hins vegar athygli margra að meðan forkólfarnir ræddu umhverfi og framtíð íslensks viðskiptalífs á Hotel Nordica, þá tók verð hlutabréfa mikinn kipp.

Má vera að sú mikla hækkun sem varð á markaðnum seinnipartinn í gær sé til marks um það hvað mýsnar hafast að þegar kötturinn er að heiman.

### Hvítar sálir og svart kaffi

Menn urðu margs vísari á viðskiptaþinginu. Meðal annars lýsti Aðalheiður Héðinsdóttir, eigandi Kaffitárs, þeirri píslargöngu sem þarf að feta til þess að fá leyfi fyrir einu litlu kaffihúsi. Henni taldist svo til að 35 eyðublöð þyrfti að skila til lögreglustjóra ásamt ítarlegum upplýsingum um stjórnarmenn fyrirtækisins. Algjörs vammleysis virðist vera krafist af stjórnarmönnum slíkra fyrirtækja og þarf að skila vottorðum þar að lútandi. Þótt eflaust sé notalegt til þess að hugsa þegar svart kaffið er sötrað að allir sem að kaffihúsinu standa séu með skjannahvítt mannorð, þá má velta því fyrir sér hvort ekki megi minna gagn gera. Aðalheiður benti líka á þá hindrun sem felst í reiknuðu endurgjald sem skatturinn krefst af framkvæmdastjórum lítilla fyrirtækja. Hún sagði að ef núverandi reglur hefðu verið í gildi þegar hún stofnaði Kaffitár, þá hefði það aldrei orðið til.



### MARKAÐSFRÉTTIR...

Aðeins eitt félag lækkaði í verði í **Kauphöll Íslands í gær**. **Samherji** lækkaði um 0,87 prósent en öll önnur hækkuðu eða stóðu í stað.

Hækkun **Úrvalsvísitölunnar** í gær er sú mesta síðan 5. nóvember. Nú er **Úrvalsvísitalan** komin á svipaðar slóðir og hún var á um miðjan október.

**HB Grandi** tilkynnti í gær að **Eggert Benedikt Guðmundsson** tæki við stöðu forstjóra af **Sturlaugi Sturlaugssyni**. **Eggert** var áður markaðsstjóri félagsins.

**FTSE** vísitalan í Lundúnum hækkaði um 0,32 prósent í gær. **Dax** hækkaði um 0,12 prósent í Þýskalandi.



**KAUP Í INDLANDI** Forseti Íslands var viðstaddur undirritun kaupsamnings Actavis á indverska lyfjarannsóknarfyrirtækinu Lotus.

# Actavis kaupir Lotus

### Actavis hefur keypt lyfjarannsóknarfyrirtæki fyrir 1,6 milljarða króna.

Actavis jók umsvif sín í Indlandi með kaupum á lyfjarannsóknarfyrirtækinu Lotus fyrir 1,6 milljarða króna. Þá var einnig undirrituð viljayfirlýsing um samstarf Actavis og indverska fyrirtækisins Emcure sem framleiðir samheitalyf fyrir Bandaríkjamarkað. Forseti Íslands var með í för og opnaði nýja lyfjaverksmiðju Emcure.

Lotus var stofnað árið 2001 og starfa um 230 manns hjá félaginu. Félagið sérhæfir sig í klínískum rannsóknum á milliverkun lyfja og læknisfræðilegum prófunum.

Róbert Wessman, forstjóri Actavis, segir að kaupin og samstarfssamningurinn fylgi þeirri stefnu félagsins að nýta sér sérþekkingu og lágan framleiðslukostnað í Indlandi. Hann segir kaupin á Lotus tryggja félaginu fyrsta flokks aðstöðu fyrir klínískar rannsóknir.

**- hh**

# Fyrirtæki án kjölfestu eins og fé án hirðis

### Björgólfur Thor Björgólfsson telur að kostir dreifðs eignarhalds séu ofmetnir. Hann varaði einnig við kostnaði við skráningu fyrirtækja á Viðskiptaþingi í gær.

Björgólfur Thor Björgólfsson varaði við umfangsmiklum eftirlitsiðnaði í ræðu sinni á Viðskiptaþingi í gær. Hann sagði að kostnaður og fyrirhöfn sem fylgdu skráningu fyrirtækja á markaði drægju úr hvatanum til slíkrar skráningar.

„Vantraust og tortryggni búa til fyrirvara, skilyrði, skilmála, eftirlit, tryggingar og annað sem á fullan rétt á sér innan eðlilegra marka, en getur einnig gert út af við hvaða góða samning sem er," sagði Björgólfur Thor.

Að mati Björgólfs er hugtakið „útrás" bæði kliskjukennt og merkingarlítið og ber merki um „tvíhyggju eyjaskeggja þar sem okkur er stillt upp gegn þeim. Það alþjóðasamfélag sem við búum í er ekki þannig," sagði hann. Hann telur heppilegra að tala um eðlilega framrás í viðskiptum þegar fyrirtæki leitast við að stækka markaðssvæði sín.



**KJÖLFESTAN MIKILVÆG** Björgólfur Thor í pontu.

Björgólfur nefndi nokkur dæmi um fyrirtæki sem hefðu markað sér þá stefnu snemma að sækja inn á stærri markaði. Að auki nefndi hann að flest íslensku útrásarfyrirtækin hefðu búið við það umhverfi að í þeim réði ferðinni kjölfestufjárfestir. Með öðrum orðum þá væri eignarhaldið ekki dreift.

Að mati Björgólfs Thors er of algengt að litið sé á dreift eignarhald sem markmið í sjálfu sér. „Að mínum dómi eru kostir dreifðrar eignaraðildar í hlutafélögum stórlega ofmetnir," sagði hann.

Hann segir að dreift eignarhald bjóði heim hættu á að stjórnendur taki sér of mikið vald og nefndi máli sínu til stuðnings að flest þau hneykslismál sem komið hefðu upp í alþjóðlegum stórfyrirtækjum væru í félögum þar sem eignarhald væri mjög dreift. Við slíkar aðstæður væri hlutaféð í raun fé án hirðis.

Hann segir þróunina vera í þá átt að fyrirtæki fari af markaði meðal annars vegna umfangsmikilla reglna sem kauphallir setja. Hann segir að sífellt auknar kröfur feli í sér kostnað og séu farnar að fæla fjárfesta frá því að skrá félög á markað. „Þannig verður meiri ávinningur af því að hafa eignir sínar einvörðungu í óskráðum félögum," sagði hann. Þetta er þróun sem Björgólfur Thor kveðst ósáttur við.

**thkjart@frettabladid.is**



**STJÓRNMÁL OG VIÐSKIPTI MÆTAST** Björn Ingi Hrafnsson aðstoðarmaður forsætisráðherra, Björgólfur Thor Björgólfsson fjárfestir og Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra við upphaf Viðskiptaþings Verslunarráðs í gær.

# BYKO í Bretlandi

Norvik sem á og rekur BYKO hefur keypt breskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu og sölu á unnum timburvörum.

Félagið heitir Wayland Timber Products og sérhæfir sig einkum í timburvörum fyrir garða og girðingar.

Það er dótturfélag Norvikur í Lettlandi sem kaupir fyrirtækið, en breska félagið kaupir mikið af efnivið sínum frá fyrirtækjum BYKO í Lettlandi og Rússlandi.

Bretar eru kunnir garðáhugamenn og er Wayland með þéttriðið dreifikerfi á Bretlandseyjum. Félagið sem er stofnað 1987 veltir um 800 milljónum króna og er með 40 starfsmenn. BYKO er með umfangsmikla starfsemi erlendis og starfa um 900 manns hjá félaginu í Lettlandi, Rússlandi og á Bretlandseyjum.

**- hh**



vegna starfsmenntunar

Starfsmenntaráð auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna starfsmenntunar í atvinnulífinu, sbr. lög nr. 19/1992 um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Verkefni innan eftirfarandi tveggja flokka njóta forgangs til styrkja umfram önnur:

1. Tækifæri miðaldra og eldra fólks til starfsmenntunar
2. Yfirfærsla þekkingar og reynslu innan fyrirtækja og stofnana

Eingöngu er tekið við umsóknum á rafrænu formi á heimasíðu Starfsmenntaráðs,

www.starfsmenntarad.is

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Starfsmenntaráðs.

AUGLÝSINGASTOFA SKAPARANS EHF.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 9.42 | 13.42 | 17.43 |
| AKUREYRI | 9.37 | 13.27 | 17.18 |

Heimild: Almanak Háskólans

allt

FRÉTTABLAÐIÐ

nám o.fl.
Inntökupróf í listaháskóla undirbúið
BLS. 3



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Góðan dag!
Í dag er miðvikudagur 9. febrúar, 40. dagur ársins 2005.




Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is

Smáauglýsingar
byrja í dag á bls. 4

Flokkar & fjöldi
Bílar & farartæki 101 stk.
Keypt & selt 38 stk.
Þjónusta 51 stk.
Heilsa 9 stk.
Skólar & námskeið 3 stk.
Heimilið 11 stk.
Tómstundir & ferðir 1 stk.
Húsnæði 22 stk.
Atvinna 18 stk.
Tilkynningar 2 stk.

Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þorbjörg Jónsdóttir ásamt nokkrum sjúkraliðanemum í verklegu stofunni.

# Starf sjúkraliðans er gefandi og skemmtilegt

***Sjúkraliðabraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti nýtur mikilla vinsælda. Um tvö hundruð nemendur eru í þessu námi í vetur og þeirra bíða fjölbreyttir starfsmöguleikar.***

„Við erum með rétt tæplega 200 nemendur á sjúkraliðabraut í vetur. Þetta nám nýtur mikilla vinsælda enda afar hagnýtt og starfsmöguleikar að loknu námi eru almennt mjög góðir,“ segir Þorbjörg Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur og kennslustjóri sjúkraliðabrautar Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Sjúkraliðastarfið hefur verið talið kvennastarf en að sögn Þorbjargar eru alltaf nokkrir piltar sem ljúka námi. Þeir eru sex í vetur.

„Við bjóðum sjúkraliðabraut bæði í dagskóla og kvöldskóla. Meðalaldur nemenda er töluvert hærri á kvöldin eða um 35 ár. Það er fjölbreyttur hópur sem sækir þetta nám og til að mynda hafa viðskiptafræðingar, bókasafnsfræðingar og snyrtifræðingar verið meðal okkar nemenda. Svo eru konur í náminu sem segjast vera orðnar leiðar á skrifstofuvinnu, vilja breyta til og umfram allt langar þær að vinna með fólki,“ segir Þorbjörg.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti hefur frá árinu 1980 útskrifað um 700 sjúkraliða. Námið er sex annir og telur 120 einingar. Að loknu náminu er svo alltaf möguleiki að bæta við sig einum vetri og ljúka stúdentsprófi.

Þorbjörg segir starf sjúkraliðans fjölbreytt og um leið mjög gefandi. „Sjúkraliðar eru eftirsóttir starfskraftar víða og ekki bara á Landspítalanum heldur víða á öðrum stofnunum og læknastofum svo dæmi sér tekið. Sjúkraliðar fá löggilt starfsheiti og geta unnið á Norðurlöndunum og er mikið auglýst eftir fólki þar,“ segir Þorbjörg. Hún bætir við að kjör sjúkraliða hafi mikið lagast hin síðustu ár en auðvitað megi alltaf gera betur í þeim efnum. Þá sé kostur við starfið að auðvelt er að fá hlutastörf sem hentar mörgum konum vel.

En hvað þarf góður sjúkraliði að hafa til að bera? „Sjúkraliðar þurfa að hafa mikinn áhuga á fólki og mannlegum samskiptum. Þeir þurfa að hafa hlýja framkomu og sýna umhyggju. Þeir sinna mikilvægu og stundum erfiðu starfi sem getur á móti verið mjög gefandi,“ segir Þorbjörg Jónsdóttir kennslustjóri.

arndis@frettabladid.is

## LIGGUR Í LOFTINU
### *í námi*

**Fagurfræði norðursins.** Daniel Chartier, kennari við Université du Québec à Montréal (UQAM) heldur opinn fyrirlestur í dag í Háskóla Íslands um menningu og sjálfsmynd íbúa Québec í Kanada. Fyrirlesturinn, sem fluttur verður á ensku og ber titilinn „North as an aesthetic: northern perspectives on Québec culture and identity“. NACS (The Nordic Association for Canadian Studies) býður upp á léttar veitingar að fyrirlestrinum loknum. Fyrirlesturinn hefst kl. 16.15 í stofu 101 í Lögbergi.




**Uppeldi og menntun** Jóhanna Einarsdóttir, dósent við Kennaraháskóla Íslands, hefur verið skipaður nýr ritstjóri Uppeldis og menntunar til næstu tveggja ára. Í nýrri ritstjórn sitja auk hennar Börkur Hansen prófessor við Kennaraháskóla Íslands, Guðrún Geirsdóttir lektor við Háskóla Íslands og Trausti Þorsteinsson, forstöðumaður skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri. Rannsóknarstofnun KHÍ hefur gefið ritið út hingað til en nú verður það gefið út í samvinnu við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands.



**Háskólakórinn heldur tónleika** laugardaginn 12. febrúar næstkomandi í Neskirkju ásamt kammerkórnum Vox Academica. Tónleikarnir hefjast klukkan 15 og 18. Kórarnir munu flytja verkið African Sanctus eftir David Fanshawe. Um er að ræða all sérstakt verk þar sem blandast saman tónlist ættbálka frá fjórum Vestur-Afríkuríkjum, óhefðbundin latnesk kirkjutónlist og vestræn nútímatónlist. Miðaverð er 1800 kr. í forsölu. Hægt er að nálgast miða í síma 893 6276 og 848 5953.

nam@frettabladid.is



**Hlusta**
Leggðu þig fram við að hlusta vel í tímum og taka vel eftir. Ef þú tekur glósur skaltu varast að láta það trufla athygli þína og stundum getur verið að mikilvægara sé að hlusta heldur en að taka glósur.






Reykjavíkurvegur 22, Hafnarfirði 565-5970
www.sjonarholl.is
Frumkvöðull að lækkun gleraugnaverðs á Íslandi

Skemmtileg fræðsla - í fullri alvöru

Stjórnun og rekstur mötuneytis

**Námskeið** í stjórnun og rekstri mötuneytis hefst á Iðntæknistofnun *22. febrúar* nk.

**Engrar forkunáttu er krafist.**

**Markmið**
Að þátttakendur öðlist færni og þekkingu til að stjórna og reka mötuneyti í samræmi við nútíma kröfur um næringu, hreinlæti, öryggi, gæði og hagkvæmni í rekstri.

**Áherslur**
- Samsetning matseðla
- Mataræði og næringarefni
- Örverufræði
- Stjórnun og hagkvæmni

Allar nánari upplýsingar og skráning í síma *570 7100* eða á *www.iti.is*

NÁM SKEIÐ
Iðntæknistofnun

Námskeið fyrir nýorðnar mæður

Mun halda námskeið fyrir nýorðnar mæður sem vilja styrkja sig í móðurhlutverkinu og aðlagast betur breyttum aðstæðum. Á námskeiðinu verður fjallað um tilfinningar og líðan eftir fæðingu, móðurhlutverkið, tengsl móður og barns, parsambandið eftir fæðingu ofl. Námskeiðið hefst 22. febrúar og verður vikulega í átta vikur. Takmarkaður fjöldi þátttakenda.

Upplýsingar og skráning í síma **8641387** fyrir 15. febrúar.
Margrét Kristjánsdóttir sálfræðingur



af heilum hug
sálfræðiþjónusta
Pósthússtræti 13, 101 Rvk. signa@hendposturinn.is

» FASTUR
birta
» PUNKTUR




Á Waldorf-leikskólum er áhersla lögð á að skapa rólegt, fallegt og heimilislegt umhverfi og börnin eru þátttakendur í öllu sem gerist.

# Kennari og börn búa til námsefnið jafnóðum

***Nám í Waldorf-uppeldis- og kennslufræði hefur ekki verið í boði á Íslandi fyrr en nú. Fyrsti hópurinn sem lærir þessi fræði hér heima hefur nú lokið einu ári í náminu og útskrifast árið 2007. Leiðbeinandi er Sigrún Harðardóttir kennari.***

„Þetta nám gefur réttindi til kennslu í Waldorf-skóla eða leikskóla á Íslandi, en hingað til hefur fólk þurft að fara utan í þetta nám," segir Sigrún. „Námið er helgarnám, níu helgar á ári og tveir miðvikudagar í mánuði og mjög krefjandi vika einu sinni á sumri þar sem nemendur koma saman í skólanum í Lækjarbotnum. Námið tekur þrjú og hálft ár og við erum búin með eitt."

Þegar þessi hópur lýkur námi árið 2007 er hægt að fara af stað aftur að sögn Sigrúnar. „Það er að segja ef nægur áhugi er fyrir hendi. Ég gæti jafnvel byrjað með nýjan hóp árið 2006, en þá þyrfti ég að vera viss um að áhuginn væri ósvikinn. Fólk hringir mikið til að spyrjast fyrir en ég þekki af reynslu að það er ekki nóg."

Mikill munur er á kennslu í Waldorf-skóla og hefðbundnum skóla en í Waldorf-skólum er byggt á hugmyndafræði Rudolfs Steiner um mannspeki sem fjallar um andlega sýn á manneskjuna.

„Það eru gerðar miklar kröfur til kennara í Waldorf-skólum því kennarinn þarf á skapandi og listrænan hátt að framlengja námsefnið fyrir börnin," segir Sigrún. „Það er ekki stuðst við kennslubækur heldur verður kennarinn hverju sinni að finna efnið sjálfur. Það er líka sú krafa á kennarann að hann, sem manneskja á þroskabraut standi undir því að vera fyrirmynd fyrir börnin. Fyrstu sjö árin læra börn með því að herma eftir en ekki með því að lesið sé yfir þeim. Þau vilja fá að vera með í öllu sem er að gerast í kringum þau og á leikskólanum er lögð áhersla á að skapa rólegt, fallegt og heimilislegt umhverfi þar sem börnin eru þátttakendur í öllu sem gerist.

Frjáls leikur er líka undirstaða fyrir börnin vegna þess að þau vinna úr lífinu með leik. Síðan er í leikskólanum lögð mikil áhersla á gott fæði sem er allt lífrænt ræktað."

Waldorf-skólanum lýkur við tíunda bekk og á lokaárinu eru nemendur allt árið að vinna stórt lokaverkefni með þema sem þau sjálf velja.

Sigrún segir að tvær stórar kannanir hafi verið gerðar í Danmörku þar sem börnum úr Waldorf-skólum var fylgt eftir að námi loknu. „Það kom í ljós að dreifingin á fögum og starfi eftir skólann er nákvæmlega sú sama og í venjulegum skólum," segir Sigrún. „Það er sem sagt ekki rétt sem stundum er haldið fram að börn úr Waldorf-skólum séu ekki til annars nýtileg en verða listamenn, en námið er auðvitað mjög listrænt og skapandi. Uppeldisfræði Waldorf-stefnunnar miðar þó öll að því að gera nemendur að sterkum og heilum einstaklingum."

*edda@frettabladid.is*



Mikið er lagt upp úr mildum litum í skólastofum Waldorf-skólanna þannig að nemendum og starfsmönnum líði vel.



Sigrún Harðardóttir er búsett í Danmörku, en er umsjónarmaður náms í Waldorf-uppeldis- og kennslufræði á Íslandi.

# Góð afslöppun frá daglegu amstri

***Rúna Gísladóttir myndlistarkona sýnir list sína annað slagið en hún hefur rekið skólann Mynd-Mál sleitulaust í 20 ár.***

„Það er skemmtilegt áhugamál og góð afslöppun frá öllu stressi og daglegu amstri að fást við liti og form,“ segir Rúna þegar farið er að ræða um listina við hana og efnið sem hún kennir í skólanum. „Ég hef þetta í námskeiðaformi þannig að fólk mætir einu sinni í viku í 8-10 vikur. Ég hef byrjendur sér og framhaldsnemendur sér og svo verður oft framhald á framhaldinu því margir eru hjá mér ár eftir ár,“ segir Rúna sem er til húsa á Látraströnd 7 á Seltjarnarnesi.

Hún er með kennsluna á kvöldin, kl. 17 og kl. 20, þrjá til fjóra hópa í viku og kennir listmálun með vatnslitum, akrýllitum og olíulitum auk þess sem teikning er innifalin í námskeiðunum. „Það er nauðsynlegt að hafa hana með,“ segir hún brosandi og lýsir fyrirkomulagi námskeiðanna nánar. „Í byrjendahópunum kenni ég alla undirstöðu en þegar fólk er búið að vera lengur getur það valið sér myndefni. Þó er ég alltaf með viss verkefni í gangi, við tökum kannski fyrir ákveðin mottó og vinnum út frá þeim. Einnig bendi ég á dæmi í listasögunni til að opna augu fólks fyrir því sem hægt er að gera og við förum alltaf á sýningar einu sinni eða oftar á námskeiðunum svo nemendur kynnist því sem er að gerast í listaheiminum.“

*gun@frettabladid.is*



Hér eru nokkrir nemendur hjá Rúnu á framhaldsnámskeiði í myndlistinni.

# Undirbúningur fyrir inntökupróf í listaháskóla

***Námskeiði lýkur með sýningu.***

Námskeið sem undirbýr fólk fyrir inntökupróf í listaháskóla hefst í dag hjá sviðslistadeild Miðstöðvar símenntunar í Hafnarfirði. Námskeiðið hentar þeim sem ætla sér að þreyta inntökupróf í listaháskóla hérlendis eða erlendis. Á námskeiðinu verður meðal annars lögð áhersla á að nemendur læri dans- og söngrútínu til að sýna í inntökuprófi ásamt spuna, leikrænni tjáningu og texta auk þess sem nemendum verður leiðbeint með val á texta eða svokölluðum mónólógum til flutnings í viðkomandi inntökuprófi. Námskeiðinu lýkur með sýningu á öllu því sem nemendur fást við á námskeiðinu frammi fyrir prófdómurum.



Agnar Jón Egilsson er meðal kennara.

Kennarar eru Agnar Jón Egilsson, leikstjóri og leikritahöfundur, Ingibjörg Björnsdóttir listdansstjóri, Jón Viðar Jónsson leikhúsfræðingur, Matthildur Matthíasdóttir söngkennari, Margrét Ákadóttir, leikari og leiklistarmeðferðarfræðingur, og fleiri.

Skráning stendur yfir þessa dagana í síma 585- 5860 frá 9 til 20. ■

# Áhersla á athyglisbrest, ofvirkni og lesblindu

***Námsþjónustan les.is beitir svokallaðri Davis-lesblinduleiðréttingu.***

Les.is nefnist ný námsþjónusta sem nýlega tók til starfa við Ármúla í Reykjavík. Les.is býður upp á almenna sálfræðiþjónustu, -ráðgjöf og meðferð. Námsþjónustan leggur megináherslu á að aðstoða þá sem glíma við sértæka námserfiðleika svo sem athyglisbrest, ofvirkni og lesblindu.

Kennd er svokölluð Davis-lesblinduleiðrétting en hún þykir árangursrík fyrir þá sem þurfa að taka sig á varðandi lestur og stafsetningu, rithönd, reikning, verklag, athygli og einbeitingu. Áður en kemur að sjálfri leiðréttingunni fer fram greining á skynfærni viðkomandi og segir greiningin til um hvort leiðréttingin sé líkleg til að koma að gagni. Þessi greining er notuð jafnt á börn sem fullorðna. Að greiningu lokinni er ákvörðun tekin um framhaldið. Eigandi og forstöðumaður Les.is er Sturla Kristjánsson kennari og sálfræðingur. Nánari upplýsingar um Davis-lesblinduleiðréttingu og námskeið er að finna á heimasíðunni les.is á netinu. ■



Davis-lesblinduleiðrétting felst í því að tileinka sér ákveðin áhöld og tæki til þess að leiðrétta lesblinduna.




## líkamsbeiting }

### Liprari hreyfing

FELDENKRAIS-TÆKNI Í SKÁLHOLTI



Aukið vald yfir líkamsbeitingu og liprari hreyfingar sem leiða af sér vellíðan og sjálfstraust er fyrirbæri sem oft fæst með iðkun svokallaðrar Feldenkrais-tækni sem Sibyl Urbancic ætlar að kenna á sérstöku námskeiði í Skálholti 20–24. febrúar. Aðferðin er byggð á rannsóknum Moshé Feldenkrais. Ekki er um sjúkraleikfimi að ræða heldur æfingar sem geta hjálpað fólki með skerta hreyfigetu að liðka liði og nýta hæfileika sína.



# allt - sem þig vantar

[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

SMÁAUGLÝSINGA-SÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 15

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA KL. 8–19

AFGREIÐSLAN ER OPIN UM HELGAR KL. 9–17

BÍLAMIÐSTÖÐIN
HYRJARHÖFÐA 2 - SÍMI 5405800



Toyota Hi Ace Disel sendibíll 1/'99, bíll í toppstandi. Verð 980 þús. með vsk. Uppl. www.bilasala.net S. 540 5800, 699 6661 & 699 5801.

**Bílamiðstöðin**
**Hyrjarhöfða 2, 112 Rvk.**
**Sími: 540 5800**
**www.bilasala.is**

BÍLASALA REYKJAVÍKUR



Pottþéttur sjálfskiptur miðbæjar snattari!!!Suzuki Jimny JLX 4x4. Árg. 2001. ek. 8 þ. km. V. kr. 1290.000. Tilboð 1.150 þús. Lán 800 þús. 15 þús. á mán. Uppl. í síma 896 0315.

**Bílasala Reykjavíkur**
**Bíldshöfða 10, 112 Rvk.**
**Sími: 587 8888**
**www.bilasalarvk.is**

BÍLASALAN.IS



Audi A6 Avant 1.8 T, árg. 7/2000, ek. 74 þ. km. Station, SSK, filmur, álfelgur. Einn eigandi, þjónustubók lítur út sem nýr. Verð 2.190.000. Uppl. í síma 898 5202.

**Bílasalan.is**
**Kleppsvegur 35 v/Sæbraut,**
**Sími: 533 4000**
**Opið mán-fim 10-18.30. Fös. 10-18. Lau. 12-16.**
**www.bilasalan.is**

BÍLASALAN HÖFÐA HÖLLIN
Vagnhöfða 9 - Sími 567 4840 og 880 0565



Dodge Caravan SXT, árg. '05, nýr bíll, sjálfsk., álfelgur, litað gler, Cd, ABS, DVD system og fl. Verð 3780 þús. Ath. lækkað verð 3450 þús.



Dodge Caravan SXT, árg. '05, nýr bíll, 7 manna, sjálfsk., álfelgur, CD, kastarar, litað gler, þjófavörn og fl. Verð aðeins 3350 þús.

**Höfðahöllin**
**Vagnhöfða 9, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

TOPPBÍLAR
bílasala



Range Rover 2,5 dísel, 152 þ. km. 1997, sjálfskiptur, álfelgur, krókur, topp þjónustubók, innfl. af umboði. Verð 1.990.000. Áhvílandi 900.000.



VW Golf Comfortline, 4/'00, 78 þ. km. Álfelgur, sumar og vetrardekk. Verð 990.000. Áhv. 560.000.



Honda CRV, 1/'98, 118 þ. km. Sumar og vetrardekk, sjálfskiptur, rafm. rúðum, samlæsingar. Verð 1.150.000.



Honda CRV, 2004, nýr bíll ekinn 1 þ. km. 5 gíra sjálfskipting, ABS, álfelgur, 160 Hö. Verð 2.990.000.

**Toppbílar**
**Funahöfða 5, 110 Rvk.**
**Sími: 587 2000**
**www.toppbilar.is**

MAGNÚSSON EHF

**Innflutningur á notuðum og nýjum bifreiðum frá Þýskalandi.www.bilasolur.is/magnusson**



BMW 520 I Steptronic 2004 módel. Ek. 30.500 km , ABS, ASR, 16" álfelgur á vetrardekkjum, DVD, CD, hiti í sætum, hraðastillir, leður, litað gler, þjónustubók, Navigation. Fjarlægðarskynjari. adaptive headlights. (Ljós), Verð 4.790.000, Ágúst s. 862 2000. magnusson@internet.is Til sýnis á Bílasölu Ísl. Skógarhlíð, s. 822 2885.



M. Benz E 200 K, árg. 02/2004, ek. 29 þús. km. ABS hemlar, armpúði, álfelgur, ESP stöðugleikakerfi og spólvörn. Fjarstýrðar samlæs., geislaspilari og fl. Verð 4.700.000. Ágúst sími 862 2000. magnusson@internet.is

**Magnússon ehf.**
**Sími: 862 2000**

SPARIBÍLL



Nýr '05 M.Benz Vaneo. Fjölskyldubíll af bestugerð. Nokkrir litir og útfærslur. Beinskiptir og sjálfskiptir. Með eða án leðurinnréttingar. Verð frá aðeins 2.356 þús.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

TOYOTA Akureyri



Toyota Landcruiser 90 VX, 3.0 dísel, 3/'99, sjsk. Ekinn 181 þ. km. leður, álfelgur og ný tímareim, verð 2.200.000 kr. Hafið samband við sölumenn okkar í síma 460 4300.



Toyota Landcruiser 90 VX, 3.0, dísel 3/'00, sjsk. Ekinn 142 þ. km. Leður, spoiler. Verð 2.790.000 kr. Hafið samband við sölumenn okkar í síma 460 4300.



Toyota Landcruiser 90 VX 3.0 dísel 10/'97, sjsk. Ekinn 134 þ. km. Verð 1.990.000 kr. Hafið samband við sölumenn okkar í síma 460 4300.



Toyota Landcruiser 80 VX 4.2, dísel, 10/'93, sjsk. Ekinn 280 þ. km. Leður, lúga, kastarar. Verð 2.100.000 kr. Hafið samband við sölumenn okkar í síma 460 4300.



Toyota Rav4 2.0 4wd, 11/'02, bsk. Ekinn 44 þ .km. Húddhlíf, sílsarör, spoiler, verð 2.280.000 kr. Hafið samband við sölumenn okkar í síma 460 4300.



Toyota Rav4 2.0 4wd 8/'01, sjsk. Ekinn 30 þ. km, sumar og vetrardekk, verð 2.030.000 kr. Hafið samband við sölumenn okkar í síma 460 4300.



Toyota Rav4 2.0 4wd 4/'03, sjsk. Ekinn 33 þ.km. Verð 2.460.000 kr. Hafið samband við sölumenn okkar í síma 460-4300.



Toyota Rav4 2.0 4wd 9/'99, sjsk. Ekinn 81 þ. km. Dráttarkúla, verð 1.280.000 kr. Hafið samband við sölumenn okkar í síma 460 4300.



Toyota Rav4 2.0 4wd 11/'98, sjsk. Ekinn 73 þ. km. Sumar og vetrardekk. Verð 1.180.000 kr. Hafið samband við sölumenn okkar í síma 460 4300.

**Toyota Akureyri**
**Baldursnesi 1, 600 Akureyri**
**Sími: 460 4300**
**Opið virka daga 9-18, laugardaga 13-16.**

VÍKURVERK ehf
Tangarhöfða 1 - 110 Reykjavík
Sími: 567 2357 - 893 9957



LMC hjólhýsin eru á leiðinni til landsins. LMC eru Glæsileg Þýsk hjólhýsi. Nánari uppl. hjá Víkurverk Tangarhöfða 1, sími 567 2357.



Húsbílar. Mikið úrval af húsbílum á leiðinni. Víkurverk Tangarhöfða 1, sími 567 2357.

**Víkurverk**
**Tangarhöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 2357**
**www.vikurverk.is**

12 Volt

# Útsala

Útsala á bílum, þjófavörnum, filmum, græjum ofl ofl.

**12 Volt**
**Malarhöfða 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**

## Bílar til sölu



VW Golf 1,6 árg. '00. Ek. 73 þús. Beinsk., álfelgur, CD, ofl. Verð 1.090 þús. Engin skipti. Uppl. í s. 695 0765.



Renault Megane Scénic árg. 1998, ek. 105 þ. km. 5 gíra, ný tímareim ofl., fæst á 100% láni með yfirtöku á bílaláni, áhvílandi 590 þ. Gjafaverð, meðalgreiðsla ca 15 á mán. Uppl. í síma 840 1433.



Til sölu Subaru Legacy '97, ek. 106 þ. Í mjög góðu ástandi. V. 690 þ. stgr. S. 861 0020.



Jeep Wrangler 4.0L High Output '91, upphækkaður á nýjum 33"BFG, opið púst og körfustólar 550 þús. stgr. Uppl. í síma 892 2801.

**Athugið get útvegað**
Allar gerðir af bílum frá Ameríku þar á meðal Dodge (benz) Sprinter, árgerðir 2005 bæði vörubílum og fólksbílum. Uppl. í s. 899 3004.

Renault Megane II 1400cc, 7/2003, ekinn 44 þ. Verð 1.450. Áhv. 1.150. Uppl. í s. 849 5195.

Toyota Corolla, árg. 1996. Steingrár. Ekinn 132.000 km. Beinskiptur. Sumar+vetrardekk. Tilboð óskast. Haukur, sími 820 6521.

## 0-250 þús.



Peugeot 106 kid, í góðu standi, verð 150.000. Uppl. í s. 588 5212 & 660 1547.



Ódýr vinnubíll. Renault Clio nýsk. '06, ek. 144 þ. Ný tímar. Góður bíll. Verð 90 þ. S. 899 5110.



VW Vento '94 ek. 150 þús. 5 g. 1800, smurbók, endurn. tímar. Sumar/vetrard. V. 290 þús. S. 868 0465.

**Einn ódýr**
Nissan Sunny '88, í toppformi. ekinn 158 þús., sk.' 06. Verð 65 þús. stgr. S. 693 8522.

Til sölu Corolla '90, ekinn 172 þús. 5 dyra. Mikið endurnýjaður. Nýskoðaður. S. 845 7897.

Til sölu Subaru Legacy árg. '91 ekinn 197 þús. Nýsk. Góð vetrardekk, dráttark. Verð 200 þús. Uppl. í s. 869 9140.

Nissan Sunny árg. '90 4x4. Nýskoðaður, nagladekk. Í góðu lagi. S. 866 8732.

Toyota Corolla station árg. '95, ek. 191 þús. Nýsk., verð 260 þús. S. 659 9696.

Toyota Corolla árg. '88, ssk., sk. til 09/'05. Verðhugmynd 80 þús. Uppl. í s. 862 0003.

Toyota Corolla árg. '89, álfelgur, 3ja dyra, skoðaður út árið. Verð 65 þús. S. 661 3548.

VW Polo '95, ek. 113 þús., ný tímareim, CD/útv, vet/sum. dekk. V. 195 þús. S. 699 1050.

Útsala!! Sunny '91, ssk., 4d, ek 140þ. Subaru Lecacy st, '91, ssk., báðir sko '06. S. 844 6609 & 552 3404.

Subaru st., skr, 20. 2. '92, dr. kúla, sumar+vetrardekk. Verð 95 þ. Uppl. í s. 866 5052.

Suzuki Swift, árg '98, 1,3. 5 dyra, rafmagn í rúðum, airbag og fl. Verð 410 þús., tilboð 250 þús. Uppl. í s. 691 9374.

## 250-499 þús.



Galant, árg. '94, ek 210 þús., ssk., rafmagn í rúðum, topplúga, álfelgur. Smá útlitsgalli, selst með afslætti. Uppl. í s. 693 0557.



Ford Explorer XLT 4,0, árg. '92, leður, rafm. í sætum og rúðum, ný dekk. Tilboðsverð 390 þús. Uppl. í síma 822-3001



Pajero '91, v6, 33" breyttur, ný dekk. Uppl. í síma 895 5577.

Til sölu Benz E 200 '88. Ekinn 337 þús. Verð 290 þús. Uppl. í s. 691 0156.

Ford Escort St. '98. Ek. 94 þús., fínn bíll í góðu standi. Ásett verð 390 þús. Góður stgr. afsl. Uppl. í s. 660 2336.

Peugeot 407 '97, ek. 200 þús. Þarfnast smá lagf. 280 þús. kr. Uppl. Unnur s. 869 7088 milli 17-21.

Til sölu Mazda 323 station árg. '96, ekinn 139 þús. Mikið endurnýjuð. fæst fyrir 260 þús. Tilboð óskast. Uppl. í síma 659 2961 & 555 3462.

## 500-999 þús.



Opel Astra '99 1600cc 16V ssk. Ekinn 95 þús. Nánari uppl. í s. 867 3163.

# KÓPAVOGUR

## [ BÆR Í ÖRUM VEXTI]




*Kópavogur á leið austur fyrir fjall*
*Skipulagsstjórinn*
*Bls. 2*

*Allir geta lært og allir geta unnið*
*Fjölsmiðjan*
*Bls. 4*

*Birtan eins í Kópavogi og San Francisco*
*Feðgar á verkstæði*
*Bls. 6*

*Horfa niður á bakið á hröfnunum*
*Íbúarnir*
*Bls. 8*







Gunnar Birgisson er bjartsýnn um framtíð Kópavogs.

# Blómlegt menningarlíf og aukin tækifæri

***Gunnar Birgisson verður bæjarstjóri í sumar.***

Gunnar Birgisson er oddviti sjálfstæðismanna í bæjarstjórn. Hann verður bæjarstjóri í sumar samkvæmt samningi sem sjálfstæðismenn og framsóknarmenn gerðu um meirihlutasamstarf í bæjarstjórn árið 2002. Gunnar hefur búið í Kópavogi frá árinu 1983 þegar hann flutti frá Reykjavík með fjölskyldu sinni.

„Kópavogur er framarlega í allri uppbyggingu á þjónustu. Allir innviðir eru byggðir upp samhliða íbúðahverfunum. Ungt fólk með börn sækist í að flytja hingað vegna góðra skóla og leikskóla. Frá árinu 1990 hefur leikskólum fjölgað úr átta í sextán. Grunnskólar voru þá fimm en framkvæmdir hefjast fljótlega við þann tíunda. Hér er blómlegt menningarlíf og frábær aðstaða til iðkunar íþrótta og tómstunda en á 14 árum hefur verið fjárfest í íþróttamannvirkjum fyrir 5 milljarða. Menningarhúsin í bænum eru til fyrirmyndar. Atvinnutækifærum hefur fjölgað vegna aukningar á verslun og þjónustu. Eldri borgurum hefur líka fjölgað vegna þess að við bjóðum þeim gott húsnæði og góða þjónustu.“

En hvernig sér Gunnar að Kópavogur framtíðarinnar líti út?

„Ég sé fyrir mér áframhaldandi uppbyggingu og fólksfjölgun. Innan fárra ára gæti verið komið hér 40-50 þúsund manna samfélag. Þrátt fyrir það mun Kópavogur ekki verða of stór því áfram verður hugað að góðri þjónustu og að íbúarnir hafi gott og náið samband við sína kjörnu fulltrúa.“




Listasafn Kópavogs
Gerðarsafn

Listasafn Kópavogs - Gerðarsafn var opnað í aprílmánuði 1994. Það stendur í jaðri Borgarholtsins austanvert við Kópavogskirkju. Benjamín Magnússon teiknaði safnhúsið sem þykir ein fegursta bygging sem risið hefur hérlendis á síðari árum. Skipuleg söfnun listaverka í Kópavogi hófst á tíu ára afmæli bæjarins árið 1965 þegar samþykkt var að stofna Lista- og menningarsjóð og verja til hans árlega hálfu prósenti af útsvarstekjum bæjarins. Á þeim tæplega fjörutíu árum sem liðin eru frá stofnun þessa sjóðs hefur safnið eignast um 800 verk, ýmist keypt eða að gjöf, nær eingöngu eftir íslenska listamenn. Síðan þá hafa bæst við mikilvæg söfn, 1400 verk eftir Gerði Helgadóttur og 300 verk eftir Barböru og Magnús Á. Árnason. Einkasafn hjónanna Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur er einnig í vörslu safnsins, sem hefur að geyma verk eftir alla helstu listamenn þjóðarinnar á fyrri hluta 20. aldar, þar á meðal Jóhannes S. Kjarval.
Í safninu eru þrír sýningarsalir, tveir á efri hæð með ofanlýsingu og einn á neðri hæð. Rösklega 20 myndlistarsýningar hafa verið í safninu árlega frá því það var stofnað. Þetta eru fjölbreyttar sýningar á íslenskri samtímalist og yfirlitssýningar eldri verka. Á hverju ári eru einnig í safninu sýningar á erlendri list í samvinnu við söfn og stofnanir erlendis.
Í kaffistofu listasafnsins er hægt að fá heita rétti í hádeginu og kaffiveitingar á opnunartíma sýningarsala.

Sýningarsalir eru opnir:
Alla daga nema mánudaga: 11:00-17:00
Skrifstofa opin: 9:00-12:00 og 13:00-17:00
Aðgangseyrir: 300 kr.
Aðgangur er ókeypis á föstudögum

Hamraborg 4
200 Kópavogi
Sími 570 0440
og 570 0442
Fax 570 0441
www.gerdarsafn.is

LISTASAFN KÓPAVOGS
GERÐARSAFN

AUGLÝSINGASTOFA SKAPARANS EHF.


# Kópavogur austur fyrir fjall?

***Kópavogur hefur teygt sig langt til austurs en í skipulagi bæjarins er þó líka hugað að þéttingu byggðar.***

Gífurleg stækkun Kópavogs hin síðustu ár hefur vakið undrun og aðdáun í nágrannabyggðum. Birgir H. Sigurðsson hefur verið skipulagsstjóri bæjarins frá árinu 1988 en tveimur árum síðar var fyrsta aðalskipulag Kópavogs staðfest. Nú er verið að vinna eftir skipulagi sem gildir frá 2000 til 2012.

„Eftir að fyrsta aðalskipulagið var samþykkt árið 1990 stóðst það mjög vel til ársins 1995. Eftir það höfum við verið allt að sjö árum á undan í framkvæmdum og byggðin teygist sífellt meir til austurs,“ segir Birgir og vitnar í það að Sigurður heitinn Geirdal bæjarstjóri hafi eitt sinn sagt í gamni að Kópavogur gæti byggst í átt að Höfn í Hornafirði svo mikil væri framkvæmdagleðin.

Nýjustu hverfin í Kópavogi eru upp við Vatnsenda þar sem eru Hvörf og Kórar. Næsta svæði mun heita Þing en áður hafa Lindir og Salir verði byggð upp. Öll þessi hverfi eru austan Reykjanesbrautar.

„Af þessum nýju hverfum er svæðið í kringum Smáralindina sennilega þekktast enda hefur það dregið til sín fjölda fyrirtækja. Þar við er Bæjarlindin og næsta verslunar- og þjónustusvæði er Skógarlind,“ segir Birgir og bætir við að eftirspurnin eftir íbúðalóðum í Kópavogi sé gífurleg. Nú þegar sé mikil pressa á skipulagsyfirvöld því stöðugt sé hringt og spurt um lóðir sem koma eigi til úthlutunar í sumar.

Hvað gerir Kópavog svona vinsælan og eftirsóttan að mati Birgis?

„Ég held að það sé sú staðreynd að bæjaryfirvöld hafa staðið sig mjög vel í allri uppbyggingu samhliða því að einstaklingar og fyrirtæki byggja íbúðir. Það er séð fyrir því að leikskólar, grunnskóli, gatnagerð og frágangur haldist í hendur við byggingahraðann. Þetta veit fólk og það gerir búsetu í Kópavogi jafn eftirsótta og raun ber vitni,“ segir Birgir.



Birgir H. Sigurðsson hefur verið skipulagsstjóri í Kópavogi síðan 1988.

Eins og flestir vita er Kópavogur skorinn í sundur með tveimur stofnbrautum: Hafnarfjarðarvegi og Reykjanesbraut. Birgir segir að þessum stofnbrautum fylgi ákveðnir kostir. Þær marki af íbúðabyggðir og verslunar- og þjónustukjarna.

„Þessar brautir gera að verkum að leiðir til og frá bænum eru góðar í allar áttir. Kópavogur hefur því orðið nokkurs konar miðja á höfuðborgarsvæðinu og er aðgengilegur íbúum á Suðurnesjum og í Reykjavík. Hér um kring hefur orðið til eitt atvinnusvæði og fólk getur því búið þar sem það kýs helst og stundað sína vinnu í öðru bæjarfélagi.“

Þétting byggðar er hugtak sem mikið er notað og skipulagsyfirvöld í Kópavogi hafa ekki farið varhluta af því. Birgir segir að það sé liður í svæðaskipulagi höfuðborgarsvæðisins að huga að þéttingu í eldri byggðum.

„Þar má nefna íbúðabyggingar í landi Lundar. Síðan er fyrirhuguð uppfylling í Fossvogi þar sem verða í kringum 400 íbúðir í bryggjuhverfi. Það þarf að rýma nokkrar lóðir til þess en fyrirtækjum hefur verið úthlutað lóðum á öðrum stöðum. Einnig verður ný byggð á Kópavogstúni þar sem Kópavogshælið var,“ segir Birgir.

Eins og áður sagði eru það íbúðalóðirnar við Vatnsenda sem beðið er eftir. Birgir segir þetta mjög spennindi svæði því stutt sé í fallega náttúru. „Þetta verður lágreist byggð með einbýlishúsum og nokkrum fjölbýlishúsum sem nálgast það að vera sérbýli þar sem gengið verður inn í íbúðir af svalagangi. Útsýnið frá húsunum verður mikið og vel er hugsað fyrir því að frá öllum íbúðum verði hægt að njóta þess,“ segir Birgir að lokum.

# Eiginlega allt gott í Kópavoginum

***Flosi Eiríksson hefur engan áhuga á að flytja.***

Flosi Eiríksson er oddviti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Kópavogs. Hann hefur búið alla sína ævi í Kópavoginum og það hlýtur að vera einhver ástæða fyrir því. „Hér er allt til alls, gott mannlíf, gott fólk og eiginlega allt gott nema meirihlutinn í bæjarstjórninni. En ég tel að Samfylkingunni takist að laga það í næstu kosningum,“ segir Flosi ákveðinn. En hver skyldi hans framtíðarsýn vera fyrir bæjarfélagið? „Að byggja hér upp fjölskylduvænt samfélag sem býr vel að sínum þegnum á öllum aldri er markmiðið og ef Samfylkingin kemst í bæjarstjórn tel ég nokkuð góðar líkur á að svo megi verða,“ segir bæjarfulltrúinn Flosi Eiríksson sem er Kópavogsbúi af lífi og sál.



Flosi Eiríksson, oddviti samfylkingarmanna í bæjarstjórn, hefur alltaf búið í Kópavogi

# Góður og afslappaður bæjarbragur

***Hansína Björgvinsdóttir er ánægð með bæinn sinn.***

Hansína Björgvinsdóttir er bæjarstjóri Kópavogs og er ekki í vafa um að þar sé gott að búa. En af hverju heldur hún að það sé svona gott að búa í Kópavogi?

„Kópavogur er vel staðsettur og hér er blómlegt menningarlíf og góðir skólar. Bæjarbragurinn er líka afslappaður og skemmtilegur. Svo er bærinn náttúrulega feikilega vel rekinn eins og allir vita,“ segir Hansína og hlær.

En hver skyldi vera framtíðarsýn bæjarstjórans til handa Kópavogsbæ?

„Ég á von á að bærinn haldi áfram að vaxa og dafna á sama hátt og áður og ég held að á 60 ára kaupstaðarafmælinu, eftir 10 ár, muni um það bil 35 þúsund manns vera búsettir hér. Þá verður vonandi enn betra að búa í Kópavogi.“



Hansína Björgvinsdóttir bæjarstjóri vonar að Kópavogur eigi eftir að halda áfram á sömu braut.

ENNEMM / SÍA / NM15066

FJÁRMÁL & TRYGGINGAR

ÞÚ FÆRÐ MEIRA

VÖXTUR

**Vöxtur** er alhliða fjármálaþjónusta sem samanstendur af bankaþjónustu KB banka, tryggingaþjónustu frá VÍS, Lífís og Alþjóða líftryggingarfélaginu og bílafjármögnun frá Lýsingu.

**Vöxtur** færir þér ekki aðeins aukna þjónustu heldur nýtur þú hagræðisins í beinhörðum peningum.

**Þú færð meira með Vexti!**

- **Endurgreiddir vextir af skuldabréfalánum**
- **Frítt kreditkort**
- **Afsláttur af debetkortafærslum**
- **Frí innbúskaskótrygging**
- **Afsláttur af grunntryggingum**
- **Afsláttur af líf- og sjúkdómatryggingum**
- **Afsláttur af bílafjármögnun**

- **Kynntu þér málið** hjá þjónustufulltrúa í næsta KB banka eða á þjónustuskrifstofu VÍS.
- **Í síma** 444 7000 eða 560 5000.
- **Á vefnum** www.voxtur.is.

KB BANKI









Fréttablaðið/Hari

1. Bergsteinn Björn Björnsson leggur lokahönd á diskarekka og beitir borvélinni af nákvæmni.

2. Finnur Kristjánsson sagar timburafganga niður í eldivið og Kolbeinn Örn Guðmundsson og Heimir Jónsson pakka.

3. Á bílaþvottastöðinni er keppst við vinnuna.

4. Hluti af eldhúsliðinu. Eva Lind Kristjánsdóttir, Jakob Elvar Lárusson, Sigurvin Jóhannesson og Alexander Kristófer Gústafsson.

# Allir geta lært og allir geta unnið

***Fjölsmiðjan er vinnusetur fyrir fólk á aldrinum 16-24 ára. Þar starfar það tímabundið og hlýtur undirbúning undir nám eða störf.***

„Hér finnur fólk að það getur gert gagn og fær þannig það sjálfstraust sem allir þurfa á að halda. Við höfum ekki rekist á neinn enn þá sem getur ekki lært og getur ekki unnið,“ segir Þorbjörn Jensson forstöðumaður. Hann gengur með blaðamanni um Fjölsmiðjuna sem er í tveimur húsum að Kópavogsbraut 5-7 og alls staðar er önnum kafið ungt fólk.

Fyrst er komið í trésmíðadeildina. Þar verða hin fínustu sumarhús og smáhýsi til, auk ýmissa smærri hluta. Tölvur eru lagfærðar í tölvudeildinni og á rafverkstæðinu er gert við ýmis tæki sem síðan fara í sölu í Góða hirðinum. Rekið er mötuneyti fyrir 60-80 manns af svæðinu, plastkortagerð er meðal verkefna og líka pökkun á korni í neytendaumbúðir fyrir Heilsuhúsið. Auk þess er þvottastöð í kjallaranum þar sem bílar eru teknir rækilega í gegn bæði að utan-og innanverðu, eftir óskum og þörfum. Þar fyrir utan tekur Fjölsmiðjan að sér hin ólíkustu verkefni og þann dag sem Fréttablaðið leit í heimsókn stóð yfir pökkun á bæklingi fyrir Lýðheilsustöð. Ekki má svo gleyma skólanum sem starfræktur er í húsinu. Þar getur fólk bætt við sig menntun í hinum ýmsu bóklegu greinum og boðið er upp á sund og líkamsrækt í Sundlaug Kópavogs sem er steinsnar frá.

Þorbjörn segir rúmlega hundrað krakka hafa komist á launaskrá hjá Fjölsmiðjunni árið 2004 og telur að um 80% þeirra sem þar fari í gegn fari annað hvort í skóla eða út á vinnumarkaðinn. Nú eru 50 ungmenni í Fjölsmiðjunni og þar fyrir utan átta manns sem leiða starfið sem allt er fagfólk í sinni grein.

Landsmenn þekkja Þorbjörn úr handboltanum en hann er líka rafvirki og hefur brasað margt á staðnum, meðal annars við innréttingu á húsnæðinu sem nú hýsir bílaþvottastöðina og mötuneytið, alls 500 fermetra. Þar var vandað til verks og jafnframt kappkostað að því að nýta ýmislegt sem var á leið á haugana, svo sem loftplötur, hurðir og skápa. „Við verðum að bjarga okkur sem mest sjálf fjárhagslega hvort sem er í sambandi við húsnæðið eða atvinnustarfsemina,“ segir Þorbjörn og bætir við. „Það er líka skemmtilegast fyrir krakkana. Þeir eru að framleiða eitthvað sem fólk vill kaupa og það byggir upp stolt. Launin hér miðast við atvinnuleysisbætur eins og þær eru á hverjum tíma. Krakkarnir vilja taka þátt í einhverju gagnlegu og fá þjálfun í stað aðgerðarleysisins.“

*gun@frettabladid.is*

## í eitthvað uppbyggilegt



Þorbjörn við eitt lystihúsið sem liggur eftir starfsmenn trésmíðadeildar.

**Fyrirmyndin að Fjölsmiðjunni er frá Danmörku komin að sögn Þorbjörns. Þar eru 110 slík setur sem ganga undir nafninu framleiðsluskólar. Þeir eru hluti af menntunarúrræðum Dana og eitt af því sem ungt fólk getur valið eftir 10. bekk. „Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að þannig geti það orðið hér í framtíðinni og krakkarnir fengju metinn þann tíma sem þeir eru hér,“ segir Þorbjörn og spurður hversu lengi þeir stoppi við svarar hann. „Það er misjafnt. Við reynum að koma þeim áfram í eitthvað uppbyggilegt og örva þá í því að hugsa til framtíðar.“**

# Roastbeef-samlokan langvinsælust

*Að sögn Jóns Arnar Árnasonar eiganda Júmbó.*

„Við framleiðum yfir 90 tegundir af samlokum, pasta, skyndibita og öðru á hverjum degi. Á hverjum morgni fara átta bílar frá okkur til að dreifa vörunum á tæplega þrjú hundruð staði; skóla, mötuneyti, sjoppur og verslanir. Eftir hádegi sinna tveir bílar viðbótardreifingu og pöntunum sem koma koma inn,“ segir Jón Örn Árnason, framkvæmdastjóri og eigandi Júmbó. Samlokugerðin Júmbó hóf starfsemi í Reykjavík um 1980 en flutti fljótlega í Kópavoginn. Jón Örn hóf störf hjá fyrirtækinu árið 1985 og keypti það svo af bróður sínum árið 2003.

„Það hefur verið stöðug aukning á framleiðslu hollari skyndibita með minna af majonesi og meira af grænmeti. Þrátt fyrir það er hin klassíska roastbeef-samloka með remúlaðisósu vinsælasta tegundin og sú sem er stöðug í sölu, næst á eftir henni kemur rækjusamlokan. Kjúklingur er mjög vinsæll og það má segja að allt sem inniheldur kjúklingakjöt seljist vel. Ein vörulínan heitir á „Grænni grein“ sem er hollustufæði og hún gengur mjög vel.“

Að sögn Jóns Arnar er samlokusalan árstíðabundin. Í janúar og febrúar selst minnst því hálf þjóðin er í megrun en strax í mars eykst salan. Annatímar í framleiðslu eru í kringum fermingar, skólaútskriftir og önnur hátíðahöld.



Jón Arnar Árnason segir aukninguna mesta í hollum skyndibitum.

## hvernig er að búa í Kópavogi}

SPURT Í SUNDLAUG KÓPAVOGS:



**Fjóla Kristín Nikulásdóttir:**
Það er bara mjög fínt. Ég hef svo sem aldrei prufað neitt annað því ég hef átt hér heima frá fæðingu.



**Þórhalla Haraldsdóttir:**
Ég er búin að búa hér í 23 ár. Er á Grundunum og labba hingað í sundið, tvo kílómetra. Það er ágæt heilsurækt.



**Pétur Birgisson:**
Það er gott að búa í Kópavogi. Ég hef rúmlega tuttugu ára reynslu af því og nú er ég sestur að í nýja Salahverfinu.



**Helga Jörgensen:**
Ég mundi ekki vilja vera annars staðar enda er ég nánast einn af frumbyggjunum. Ég kom hingað sem barn árið 1948.



**Kristófer Jakobsson:**
Það er dásamlegt að búa í Kópavogi. Hann er miðbærinn á öllu höfuðborgarsvæðinu og ég er mjög ánægður með hann.




Velkomin í nýtt útibú




Höfum flutt útibú okkar í Hamraborg um set – erum nú yfir Gjánni að Hamraborg 8

**Glæsilegt húsnæði fyrir nútímabankaþjónustu**
Við hönnun og skipulagningu á nýja útibúinu var haft að leiðarljósi að húsnæðið hentaði vel til persónulegrar þjónustu. Þar er að finna ýmsar nýjungar sem endurspegla þetta meginmarkmið og gera okkur kleift að sinna viðskiptavinum okkar enn betur en áður, bæði á sviði einstaklings- og fyrirtækjaviðskipta.

Hlökkum til að sjá þig

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna





Fréttablaðið/GVA

Feðgarnir Sigurbjörn og Bjarni láta vel af samstarfinu og eru lukkulegir í Kópavoginum.

# Birtan eins hér í Kópavogi og San Francisco

***Feðgarnir Sigurbjörn og Bjarni vinna saman á bílaverkstæði á Kársnesbrautinni. Þeir eru báðir bifreiðasmiðir, en Bjarni er listmálari að auki og er með vinnustofuna sína á efri hæðinni.***



Bifreiðaverkstæði Sigurbjörns er á neðri hæðinni og uppi hefur Bjarni vinnustofu sína.

Á bifreiðaverkstæði á Kársnesbrautinni starfa saman feðgarnir Sigurbjörn Bjarnason og Bjarni Sigurbjörnsson, báðir bifreiðasmiðir en sonurinn listmálari að auki. Sigurbjörn stofnaði verkstæðið árið 1974, þá í Vesturvör, en flutti á Kársnesbrautina árið 1979. Á efri hæð verkstæðisins er Bjarni með vinnustofu sína.

Sigurbjörn fluttist með fjölskyldu sína í Kópavoginn árið 1967 og hefur unað hag sínum vel. Bjarni minnist líka æskuáranna með gleði og segir ekkert nema skemmtilegt að hafa verið lítill púki í Kópavoginum. „Þetta var mjög fínt og mikið frelsi. Við krakkarnir sulluðum í sílapollinum, fórum í ævintýraferðir inn í Fífuhvammslandið að tína egg, vorum á þeytingi um Kópavoginn þveran og endilangan. Svo var alltaf hægt að koma á verkstæðið til pabba og dunda sér þar við hjólaviðgerðir. Þetta var eins og að vera í litlu þorpi úti á landi. Það hefur margt breyst síðan.“

Bjarni var sem krakki og unglingur í sumarvinnu hjá pabba sínum og þrátt fyrir að listamannsdraumurinn hafi alltaf lifað með honum fór hann í Iðnskólann og lauk prófi í bifreiðasmíði.

„Það lifir enginn á listinni einni saman,“ segir pabbi hans og brosir í kampinn.

„Nei,“ samsinnir Bjarni, sem þrátt fyrir þá vitneskju fór í Myndlistarskólann og þaðan til San Francisco þar sem hann lauk BA og mastersnámi frá San Francisco Art Institute í Kaliforníu.

Munurinn á Kópavogi og San Francisco er öllum augljós, en Bjarni segir þó ýmislegt sammerkt.

„Það er til dæmis birtan. Í San Francisco er birtan eins og hér, hrein og tær, og himinbláminn sá sami. Ég man samt að þegar ég kom heim eftir fyrstu dvölina ytra fannst mér víðáttan sérkennilegust. Það voru alltaf meiri viðbrigði að koma heim en fara út.“

Sigurbjörn segir Kópavoginn hafa tekið mjög örum breytingum undanfarin ár. „Það þótti kannski svolítið „second class“ að búa í Kópavoginum á sínum tíma. Bæði var það skipulagið og svo þóttu nú vegirnir frægu í Kópavogi ekki par fínir. Nú er allt með menningarlegri brag og svo er þetta orðið svo miðsvæðis.“

Feðgarnir segja trúlegt að samkennd Kópavogsbúa jafnist ekki á við þá samkennd sem kunn er meðal Gaflara í Hafnarfirði, en hugsanlega muni það breytast í framtíðinni. Þeir eru að minnsta kosti alsælir með að búa og starfa í Kópavogi.

Bjarni opnaði nýlega sýningu á verkum sínum í Hafnarborg, sem stendur til 28. febrúar, og milli þess sem hann málar af list stendur hann vaktina á verkstæðinu með pabba.

„Ég vil ekki þröngva honum í of mikla vinnu, hann hefur auðvitað mestan áhuga á listinni. En það er þægilegt fyrir hann að geta komið niður og gripið í þetta,“ segir Sigurbjörn hlæjandi. „Samstarfið gengur vel meðan ég fæ að ráða.“

„Eða öllu heldur meðan hann heldur það,“ bætir Bjarni við og kímir.



# Fólk leggur á sig langferðir að tanknum hjá Atlantsolíu

***Fók kemur víða að af höfuðborgarsvæðinu til að versla við Atlantsolíu í Kópavogi.***

Það var heilmikil ös við afgreiðslu Atlantsolíu við Kópavogsbraut þegar Fréttablaðsfólk var á ferð á Kársnesinu upp úr hádeginu á mánudag. Enda ódýrara að versla þar en víðast annars staðar, 97,20 lítrinn af 95 oktana bensíni. „Það er alltaf eitthvað í gangi,“ svaraði afgreiðslumaðurinn Jökull Kristjánsson æðrulaus, spurður hvort það væri alltaf svona mikið að gera. Hann sagði algengt að fólk legði á sig langar ferðir til að versla við Atlantsolíu og kvaðst vera með marga slíka fasta kúnna. Jökull mátti ekki vera að því að koma út fyrir dyr til að láta mynda sig fyrr en eftir langan tíma svo það var svifið á nokkra af viðskiptavinunum til að spyrja þá hvaðan þeir kæmu til að kaupa sér eldsneyti þarna úti á ysta nesi Kópavogs.



**Jón Þóroddsson:**
Ég set mig ekki úr færi að versla við þessa stöð ef það hefur ekki verulegt óhagræði í för með sér fyrir mig. Ég er Reykvíkingur og er á leiðinni í Hafnarfjörð og fannst alveg tilvalið að koma hér við.



**Fouad Hourri og Ahmad Labyab:**
Við kaupum alltaf eldsneyti hér. Fyrirtækið okkar verslar við þessa stöð og við erum með kort.



**Kristbjörg Lilja Jakobsdóttir:**
Ég bý í Garðabæ en kaupi alltaf bensín hér hjá Atlantsolíu. Tók þá ákvörðun eftir þetta bensínhneyksli. Þetta er líka ódýrt og fínt.



**Karl Hallbjörnsson:**
Ég er mjög ánægður að versla hér. Ég mundi leggja á mig ferð frá Akureyri ef ég þyrfti þess. Jafnvel þó að bensínið væri á sama verði og hjá hinum.




**Jökull Kristjánsson, afgreiðslumaður:**
Loksins komst Jökull út fyrir dyr enda komin stúlka að leysa hann af við kassann.

# HÆSTÁNÆGÐAR MEÐ STUÐNINGINN




*Sparisjóður Kópavogs styður með stolti barna- og unglingastarf í Kópavogi*

BREIÐABLIK HK TFK GERPLA

Sparisjóður Kópavogs | Hlíðasmára 19 | Digranesvegi 10 | Afgreiðsla í Select við Smáralind
Sími: 515 1900 | Þjónustuver: 515 1950 | spk@spk.is | www.spk.is

spk

# Útsölulok



Nuddstóll
Verð kr. 46.900
• Með nuddi • ítalskt leður
• Verð áður 62.500,-



25% afsláttur

Hægindastóll
Verð kr. 29.800
• Microfiber
• Verð áður 38.900,-

Stólar frá 29.900,-
2ja sæta sófar frá 39.900,-
3ja sæta sófar frá 42.900,-

OPNUNARTÍMI
MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA......14 - 18
LAUGARDAGA......11 - 17
SUNNUDAGA......12 - 16

SETT

SETT EHF • HLÍÐASMÁRA 14 • 201 KÓPAVOGUR • SÍMI 534 1400


# Úr vesturbæ í vesturbæ

***Margrét Örnólfsdóttir tónlistarmaður er nýflutt í Kópavog eftir að hafa alið nánast allan sinn aldur í 101 Reykjavík.***

„Ég flutti í 101 á þriðja ári og bjó þar samfleytt til tvítugs. Þá gerði ég eina tilraun til að flytja úr 101 en hélt ekki út nema í eitt ár og hef búið þar síðan. En svo flutti ég í 200 um miðjan janúar." Íbúar í miðbæ Reykjavíkur eiga oft mjög erfitt með að flytja þaðan og Margrét er spurð hvernig þessir flutningar komu til. „Ég fann hús með garði þar sem allir fengu herbergi og allir hafa sitt andrými. Ég þarf líka að hafa vinnuaðstöðu heima. Við leituðum í hverfum 101 og 107 í heilt ár að hentugu húsi en fundum ekkert þar á verði sem hentaði okkur eða við gátum hugsað okkur að borga. Við tókum meðvitaða ákvörðun um að leita annars staðar líka og vorum með augun opin fyrir öðrum bæjarfélögum. Svo vissi ég þegar ég kom hér inn að þetta var rétta húsið. Við færðum okkur milli vesturbæja, úr Vesturbænum í Reykjavík og í Vesturbæinn í Kópavogi."



Margrét fann hið fullkomna hús í Kópavoginum.

Er þetta mikil breyting? „Hér í Kópavoginum erum við við höfnina og það er ekkert svo ólíkt því að búa í Grjótaþorpinu þar sem líka var stutt niður á höfn. Hérna er samt miklu meiri kyrrð og mér líður stundum enn eins og ég sé í sumarbústað. Maður er fljótur í bæinn héðan líka en þarf bara að drífa sig af stað og eiga erindi. Ég sakna einskis enn þá en ég á kannski eftir að sakna þess að geta ekki labbað niður í bæ þegar mér dettur í hug á góðum degi. Ég er sem betur fer ekki á höttunum eftir næturlífinu þegar ég er með svona lítil börn og við höldum okkur mikið heima við. Við þurftum samt að taka leigubíl úr bænum um daginn og fengum áfall."

En hvernig er að vera nýbúi í Kópavoginum? „Enn veit ég bara hvar bakaríið er, sundlaugin og fiskbúðin. Ég hef ekki lagt í Hamraborgina en hef farið einu sinni í heilsugæsluna. Ég þekki ekki marga og er að átta mig á staðháttum. Vesturbærinn er mjög flottur en mér finnst vanta miðbæinn í Kópavoginn. Nú er verið að breyta hafnarhverfinu og blanda íbúðabyggð í iðnaðarhverfið og ég held að það gæti orðið mjög flott ef sú uppbygging tekst vel. Þá verðum við aftur komin í miðbæinn, í þetta sinn í Kópavogi."




Náttúrufræðistofa Kópavogs

SÝNINGAR • RANNSÓKNIR • RÁÐGJÖF

Í sýningarsölum Náttúrufræðistofunnar er mest áhersla lögð á dýraríkið og steinaríkið. Mjög gott safn af skeljum og kuðungum er á staðnum, eitt hið fullkomnasta hér á landi. Fuglasafnið er einnig fjölbreytt, einkum af vatnafuglum. Þá eru til sýnis spendýr, krabbadýr, skrápdýr og fiskar. Í fiskabúrum gefur að líta vatnableikjur, ýmsa sjófiska og hryggleysingja. Hinum fágætu vatnaboltum í Mývatni eru einnig gerð sérstök skil. Jarðfræði er kynnt með stórum eintökum af helstu gerðum bergs á Íslandi ásamt góðu safni kristalla. Á veggspjöldum eru upplýsingar í máli og myndum um mótun og jarðfræðilega gerð Íslands.

Helstu rannsóknir Náttúrufræðistofunnar eru á sviði vatnalíffræði.
Fengist er jafnt við grunnrannsóknir og þjónustuverkefni fyrir ríki, sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir.

Opnunartími
mánudaga til fimmtudaga:10:00-20:00
föstudaga: 11:00-17:00
laugardaga og sunnudaga:13:00-17:00

Aðgangur er ókeypis

Safnahúsið
Hamraborg 6 A
200 Kópavogi
sími 5700430
www.natkop.is

Náttúrufræðistofa Kópavogs
Natural History Museum of Kópavogur




Fréttablaðið/GVA

Margrét og Steindór tæma hvern kassann af öðrum eftir flutningana á nýja heimilið.

# Horfum niður á bakið á hröfnum á flugi

***Leikararnir Margrét Guðmundsdóttir og Steindór Hjörleifsson eru nýflutt í eitt af nýjum hverfum Kópavogs, Salahverfið.***

„Við erum svolítið rugluð enn þá og búum algerlega í kössum," segir Margrét Guðmundsdóttir leikkona sem er nýflutt með manni sínum Steindóri Hjörleifssyni leikara inn í fallega íbúð á fimmtu hæð í Blásölum í Kópavogi. Steindór tekur undir orð konu sinnar. „Já, við erum hér bara í háloftunum og vitum ekki neitt. Erum komin hér upp í fjöllin og höldum að við séum nálægt Vatnsenda en erum ekkert farin að læra á umhverfið. Sjáum það bara eins og úr flugvél."

„Samt erum við alsæl," bætir Margrét við og brosir út að eyrum. Bæði eru samt sammála um að hvergi sé betra að vera en í Garðabænum þar sem þau voru áður. Spurð hvers vegna þau hafi flutt svarar Margrét: „Við urðum að minnka við okkur. Erum orðin það fullorðin að við getum ekki séð lengur um garðinn og viðhald hússins. Þá var um að gera að fara í fallega íbúð með útsýni. Nú erum við komin í hæðir og sjáum langleiðina til Færeyja."

„Já og horfum niður á bakið á hröfnum á flugi í stað þess að horfa upp undir þá," bætir Steindór við hlæjandi en setur upp alvarlega svipinn þegar hann segir: „Svo sjáum við að það er mikil mengun yfir Reykjavík."

## gott að búa í hálfgerðri sveit

„Þetta er afskaplega barnvænt hverfi og börnunum mínum finnst alveg frábært að búa í hálfgerðri sveit," segir Þórlaug Hildibrandsdóttir, útstillingahönnuður og bókari, sem hefur búið við Melahvarf, steinsnar frá Elliðavatni, síðustu ellefu árin.

Þórlaug er hestakona og segir það hafa skipt máli þegar hún og fjölskyldan ákváðu að byggja við Melahvarf. „Það var óneitanlega mikill kostur að geta hafa hrossin heima við. Við erum með sex hesta í húsi um þessar mundir," segir Þórlaug.

Kyrrð og ró eru að sögn Þórlaugar orð sem lýsa hverfinu hennar best. „Við verðum lítið vör við umferð og hér er oftast mikill friður. Ég get ekki hugsað mér betri stað og það er frábært að ala upp krakka hérna. Þeir búa við mikið frjálsræði og umhverfið er skemmtilegt til leikja," segir Þórlaug Hildibrandsdóttir Kópavogsbúi.



Fréttablaðið/Vilhelm

Þórlaug Hildibrandsdóttir ákvað að byggja við Melahvarf til að geta haft hrossin heima við.




## SVEFN & HEILSA KEMUR STERK INN

*Ég er búinn að eiga heilsudýnu frá Svefn og heilsu í 10 ár og hún er eins og ný í dag.*

*Ég hafði ekki sofið almennilega í 10 ár fyrr en að heilsudýnan frá Svefn og heilsu kom sterk inn.*

**Veldu það besta!**




## Rýmum fyrir nýjum 2005 Chiropractic heilsudýnum

Allar eldri gerðir á 25% afsl.

Verðdæmi: Health Care
Queen verð áður kr. 99.900 stgr. nú 74.925 stgr.
King verð áður kr. 129.900 stgr. nú 97.425 stgr.

Gildir meðan birgðir endast.

## EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM

**Betri verð á stillanlegum rúmum**



BIFLEX með IQ-CARE heilsudýnu 80x200 cm.
Verð aðeins kr. 94.950 stgr.




**Eitt með öllu**




Eitt mest selda stillanlega rúm í heimi




**Leðurhægindastólar**
Verð aðeins
59.000.- stgr.



## Útsöluhorn




25-70% afsláttur

Af ýmsum vörum.

## FERMINGAR- OG SUMARHÚSADÝNUR Á TILBOÐI

- GÆÐI
- GÓÐ VERÐ
- ÞJÓNUSTA
- ÚRVAL
- ÞEKKING




Svefn & heilsa

Látið sjá ykkur!

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00


Fréttablaðið/GVA

Helga kann vel við sig í Kópavoginum og þekkir hann eins og lófann á sér.

# Samfélag milli þéttbýlis og sveitar

***Helga Sigurjónsdóttir hefur átt heima í Kópavogi frá sex ára aldri og kann að lýsa hinu frumstæða lífi þar á fimmta áratugnum.***

„Hér var ekkert vatn, engir vegir, ekkert rafmagn, enginn sími, enginn skóli, engin verslun. Hér var bókstaflega ekki neitt,“ segir Helga Sigurjónsdóttir kennari þegar hún er beðin að rifja upp fyrstu kynni sín af Kópavogi en þangað flutti hún sex ára með foreldrum sínum og þremur systkinum austan úr Flóa. Árið var 1942. Þau settust að á Nýbýlavegi 12 og nefndu staðinn Berjahlíð. Þar uxu ber, gras og garðávextir, enda lóðin 3,7 hektarar og hafði verið ræktuð í nokkur ár. „Kópavogur var á þessum tíma mitt á milli þéttbýlis og sveitar og aðstæður þess alþýðufólks sem þarna var að setjast að voru á margan hátt einstæðar í Íslandssögunni,“ fullyrðir Helga og heldur áfram. „Byggðin var í landi tveggja ríkisjarða, Digraness og Kópavogs sem var skipt upp samkvæmt nýbýlalögum frá 1936 og fyrsta gatan hét Nýbýlavegur. En íbúum Kópavogs fjölgaði hratt og á árunum 1940- 1948 fór talan úr 163 í 1163.“

Helga segir sína fjölskyldu ekki hafa vanist rafmagni í Flóanum en öðru máli hafi gilt um þá sem fluttu í Kópavoginn úr miðbæ Reykjavíkur á þessum árum. Þeir hafi fengið menningaráfall. Frumbyggjar Kópavogs hafi þó verið harðduglegt fólk sem hafi bjargað sér vel. Pabbi hennar hafi til dæmis rafvætt heimilið með vindmyllu og yfirleitt hafi fjölskyldufeðurnir komið með neysluvatn á brúsum úr Reykjavík þegar þeir komu úr vinnu. „Þetta var að nokkru leyti sjálfsþurftarbúskapur en karlmennirnir unnu líka allir utan heimilis, nema þeir sem bjuggu á jörðunum neðan við Nýbýlaveginn, Meltungu, Grænatúni, Ástúni, Snælandi, Birkihlíð og Lundi,“ segir Helga og rifjar upp fleiri bæjarnöfn. „Á Kársnesinu voru líka tvö stórbýli, Sæból og Marbakki. Þar bjuggu Þórður Þorsteinsson og Finnbogi Rútur Valdimarsson en þeir létu mjög til sín taka í pólitík og voru samstiga til að byrja með en síðan greindi þá á. Eftirá er erfitt að átta sig á um hvað þeirra deilur snerust. Báðir voru góðir menn sem vildu fólki vel og hið sama er að segja um eiginkonur þeirra, þær Helgu Sveinsdóttur og Huldu Jakobsdóttur.“

Kópavogsskóli var stofnaður 1945 í húsi þar sem nú er Hlíðarvegur 15 en áður höfðu krakkarnir farið í strætó í hina ýmsu skóla í Reykjavík. „Það var ekkert auðvelt fyrir alla krakka í Kópavogi að sækja þennan skóla,“ segir Helga. „Byggðin var svo dreifð og þeir þurftu að ganga utan af Kársnesi og innan af Smiðjuvegi.“


Mynd: Héraðsskjalasafn Kópavogs.

Umfangsmikill búskapur var stundaður við Nýbýlaveginn í áratugi.

Helga hefur lengst af búið í Kópavogi og þekkir hann eins og lófann á sér. Hún hefur líka starfað þar alla tíð, í Kópavogsskóla, Víghólaskóla og síðan í MK frá 1982 til 1999 að hún fór á eftirlaun. Nú er hún búin að stofna eigin skóla sem heitir Skóli Helgu. Byrjaði með hann við eldhúsborðið, færði hann síðan út í bílskúr en er nú að mestu með hann í Digranesskóla.

Þess má geta að Helga gaf út bókina Sveitin mín Kópavogur, árið 2002. Bókin varð til í samvinnu hennar og 18 annarra bekkjarsystkina úr Kópavogsskóla og er full af fróðlegum og lifandi frásögnum um frumbýlisárin í Kópavogi.

*gun@frettabladid.is*

# Frumbyggi í Hvömmunum

***Séra Hjörtur Hjartarson hefur búið og starfað í Kópavogi um áratuga skeið.***

Séra Hjörtur Hjartason hefur búið í Kópavogi síðan áður en bærinn fékk kaupstaðarréttindi. „Þegar ég og kona mín Unnur Axelsdóttir vorum tuttugu og tveggja ára, nýgift og með tvö börn, fluttum við úr Reykjavík í Kópavoginn. Þetta var árið 1952. Það var mikil húsnæðisekla í Reykjavík á þessum árum og ekki viðlit að fá lóð þar. Ég fór að finna Finnboga Rút, bæjarstjóra og hitti hann fyrir úti á túni að slá. Ég kynnti mig og sagðist hafa áhuga á því að byggja. Honum fannst ég helst til ungur en fór samt með mig inn á skrifstofu og valdi lóð handa mér. Við byggðum okkur hús í Hvömmunum og bjuggum þar í tæp fjörutíu ár. Við höfum alltaf átt bakland í Kópavoginum þó að ég hafi gegnt preststörfum bæði í Grindavík og að Ásum í Skaftártungu. Nú erum við aflutt aftur í Kópavoginn og ég hef meðal annars verið prestur í Hjallakirkju.“

Það hefur geysilega mikið breyst í Kópavogi frá því Hjörtur fluttist hingað með fjölskyldu sína. „Hér var ekki neitt til neins, göturnar frumstæðar og lélegar, vatnið var ofanjarðar, frárennslið einhverstaðar og allt í þessum dúr. Á morgnana þurftu húsmæður að safna vatni fyrir daginn. Það þótti ekki par fínt að fara í Kópavoginn á þessum tíma en hingað flutti mikið af barnafólki og mjög duglegt fólk. Til marks um það hversu mikið barnafólkið flykktist hingað var meðalaldur Kópavogsbúa sautján ár í kringum 1970.“

Séra Hjörtur hefur lengi komið að blaðaútgáfu í Kópavogi. „Ég byrjaði fljótt að taka þátt í pólitísku starfi í Kópavogi og sat meðal annars í bæjarstjórn. En þátttaka mín í pólitíkinni í Kópavoginum hefur einkum snúið að því að gefa út blöð. Ég lærði prentiðn áður en ég lærði til prests og vann hjá Tímanum sem prentari og fékk oft að skrifa efni, einkum um íþróttir. Þessi reynsla hefur nýst mér við blaðaútgáfuna sem ég hef mjög gaman af. Ég hef komið að útgáfu blaðsins Framsýnar sem kemur út fjórum sinnum á ári og er dreift í öll hús í Kópavogi.“ Blaðaútgáfa er þó ekki eina áhugamál Hjartar sem er mikill söngmaður og hefur sungið með Fóstbræðrum um árabil. Afkomendur þeirra hjóna eru sautján talsins og öll börnin hans voru á tímabili búsett í Kópavoginum.“ Og þau búa þar öll nema eitt. Öll barnabörnin mín hafa líka vaxið hér úr grasi.“

Og hvað finnst Hirti svo um að búa í Kópavogi? „Hér er afskaplega góð þjónusta. Svo var það þannig hér áður fyrr að maður þekkti flesta Kópavogsbúa á sínum aldri. Það var mikil nánd í bæjarfélaginu,“ segir Séra Hjörtur og vill hvergi annars staðar búa.


Fréttablaðið/Hari

Séra Hjörtur Hjartarson lifir og hrærist í Kópavoginum.



Álfhóllinn er að miklu leyti hulinn gróðri en í honum eru líka smáklettar og grjót. Vegagerðin varð að krækja framhjá honum þar sem ógerningur reyndist að ryðja honum um.

# Íbúar Álfhólsins tóku til sinna ráða

***Álfhóllinn er líklega kunnasti bústaður álfa í Kópavogi. Hann er skammt þar frá sem Digranesskóli er nú. Gamlar sagnir eru um að álfar byggju í Álfhólnum og margir segjast hafa séð þá með vissu. Ekki er ljóst hve gamlar þær sögusagnir eru; engar heimildir eru til um atburði fyrr en nokkuð er liðið á þessa öld.***

Seint á fjórða áratug þessarar aldar var hafist handa við að leggja Álfhólsveginn. Byrjað var á honum við Hafnarfjarðarveg og ætlunin var að halda áfram í austurátt þar til komið væri að Álfabrekku sem skyldi tengja Álfhólsveginn við Nýbýlaveg. Vegurinn átti að liggja þar um sem Álfhóllinn er en hann yrði jafnaður við jörðu eftir því sem framkvæmdum miðaði. Vel gekk að leggja veginn austur eftir Digranesinu að Álfhólnum. Þegar kom að því að sprengja hólinn gerðust atburðir sem leiddu til þess að ekkert varð af sprengingu. Vildi svo til að fjármagn það, sem veitt hafði verið til lagningar Álfhólsvegarins, var á þrotum. Féllu þá framkvæmdir niður við ólokið verk og Álfhóllinn stóð óhaggaður.

Árið 1947 var á ný hafist handa og átti að leggja veginn áfram í gegnum Álfhólinn. Þegar vinna hófst á hólnum komu upp vandamál sem áttu sér ókunnar og dularfullar orsakir að margra áliti. Vinnuvélar biluðu og ýmis verkfæri skemmdust eða hurfu jafnvel. Varð það úr að vegurinn var lagður í bugðu framhjá hólnum norðanverðum en ekki í gegnum hann eins og ætlunin hafði verið. Sagt er að þá hafi framkvæmdir gengið eins og venja var til og hafi álfarnir ekki gert vart við sig að sinni.

**Heimild: Þjóðsögur og sagnir úr Kópavogi. Höf. Anna Hedvig Þorsteinsdóttir og Inga Þóra Þórisdóttir. Útg. Rótarýklúbbur Kópavogs.**





KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust. Í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálparefni. KEA-skyr er góður kostur fyrir alla þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og vilja lifa á heilsusamlegan hátt.

KEA Skyr







# NJÓTTU LÍFSINS MEÐ HEILBRIGÐUM LÍFSSTÍL






Hennar Hátign

## FEGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA



# Lindasafn

Útibú frá Bókasafni Kópavogs

**Núpalind 7 í Lindaskóla**
**201 Kópavogur**
**Sími: 5640621**
**Tölvupóstur: lindasafn@lisk.kopavogur.is**
Gengið er inn um aðaldyr skólans Núpalindarmegin og þaðan upp á aðra hæð

Afgreiðslutími:
**mánudaga: kl. 11 - 19**
**þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga:**
**kl. 13 – 19**
**föstudaga: kl. 13 – 17**
**laugardaga: kl. 11 – 14 (lokað á sumrin)**

Lindasafn er útibú frá Bókasafni Kópavogs og var opnað 22. maí 2002. Bókasafnið er rekið í samstarfi við skólasafn Lindaskóla og er staðsett á sama stað, á annarri hæð skólans.





## Bókasafn Kópavogs

Aðalsafn Bókasafns Kópavogs er á þremur hæðum í Hamraborg 6a.

1. hæð: **Náttúruvísindi.** Hér er efni tengt náttúru og vísindum, ferðalögum, heilsu, matreiðslu og íþróttum.
Einnig fjölnotasalurinn **Kórinn.**

2. hæð: **Upplýsingaþjónusta.** Í aðalafgreiðslusal eru skáldrit, ævisögur, ættfræði og sögulegt efni. **Heiti potturinn** er í suðurenda. Þar eru þjóðfræði, fornsögur, myndasögur, kvikmyndir og dægurtónlist.

3. hæð: **Barnadeild:** Allt efni fyrir börnin á einum stað.
**Listvangur:** Tónlist, myndlist og fleiri listgreinar.
Tímarit og kaffistofa.

**Internet – Cafe**
Nettengdar tölvur fyrir gesti safnsins gegn vægu gjaldi.

Opnunartími mánudaga til fimmtudaga:10:00-20:00
föstudaga: 11:00-17:00
laugardaga og sunnudaga:13:00-17:00

**Lindasafn er útibú frá aðalsafninu í Lindaskóla að Núpalind 7.**
**Það er opið: Mánudaga kl. 11.00 - 19.00,**
**þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 13.00 - 19.00**
**föstudaga kl. 13.00 - 17.00,**
**laugardaga kl. 11.00 - 14.00 (lokað á sumrin)**

Safnahúsið
Hamraborg 6a
200 Kópavogi
sími 570 0450
www.bokasafnkopavogs.is

Bókasafn Kópavogs


# Stórviðburðir fram undan

***Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn leikur stórt hlutverk í menningarlífi bæjarins og í ár verður meðal annars haldin alþjóðleg ráðstefna um glerlist í byggingum á vegum safnsins.***

Listasafn Kópavogs er á sínu ellefta starfsári og hefur státað af mörgum glæsilegum sýningum í gegnum árin. Árið í ár er engin undantekning þar á og er margt spennandi fram undan að sögn Ásdísar Arnardóttur ritara safnsins.

Næsta sýning á eftir yfirstandandi sýningu er árleg verðlaunasýning félags blaðaljósmyndara, en það er sýning sem er alltaf vel sótt.

„Í apríl verðum við með stórviðburð þar sem hér verður haldið alþjóðlegt glerlistarþing,“ segir Ásdís. Aðaláherslan er lögð á steint gler og verða sýningar á verkum Gerðar Helgadóttur sem safnið er kennt við og Caroline Swash í Gerðarsafni og Leifur Breiðfjörð verður með sýningu í Salnum og 7 íslenskir listamenn verða með samsýningu í Náttúrufræðistofu og í bókasafni Kópavogs.

„Þetta er í fyrsta sinn sem safnið skipuleggur verkefni í samvinnu við menningartorfuna hérna og höfum við lagt mikla undirbúningsvinnu í verkefnið,“ segir Ásdís.

Hún telur safnið hafa mikla þýðingu fyrir Kópavogsbæ og veit ekki betur en að bæjarbúum sé annt um safnið sitt. „Bæjarbúar koma mikið hingað að sjá sýningar og fá sér veitingar á kaffiteríunni í hádeginu, og eru komnir fastir hópar sem sækja safnið og ákveðin stemning í kringum það.“

Gerðarsafn gegnir einnig hlutverki í skólahaldi bæjarins en safnakennari er í föstu starfi við safnið og heldur tengslum við skólana. „Starfsemin í kringum skólana hefur verið að aukast, regluleg safnakennsla hefur staðið yfir í nokkur ár og hafa skólarnir verið duglegir að nýta sér safnið. Ég tel það mikilvægt að börn séu frædd um listir alveg frá unga aldri,“ segir Ásdís, enda Kópavogsbær í góðri aðstöðu til að fræða unga fólkið um listir með svona glæsilegt safn í bænum.



Fréttablaðið/E.Ól.

Ásdís Arnardóttir segir Listasafn Kópavogs hafa mikla þýðingu fyrir Kópavog og að bæjarbúum sé annt um safnið sitt.

# Eina tónlistarhúsið á Íslandi

***Salurinn er hluti af menningartorfunni við Kópavogskirkju þar sem einnig er að finna listasafn, bókasafn og náttúrufræðisafn.***

„Salurinn í Kópavogi er salur allra landsmanna, og höfum við ætíð haft það að leiðarljósi, „ segir Vigdís Esradóttir sem hefur starfað sem forstöðukona Salarins frá upphafi. „Hann hentar fyrir margt en er of lítill fyrir sumt,“ segir Vigdís sem telur aðalstyrk Salarins vera nálægðina sem hann veitir áhorfandanum við listamanninn. „Erlendir listamenn sem til okkar koma hafa orð á því hversu dásamlega þeim líður í þessu rými og kunna vel við nálægðina og líður eins og þeir séu heima í stofu,“ segir Vigdís.

Hún segir margt spennandi fram undan og nefnir fyrst tónleika með Eivöru Pálsdóttur. „Við húsið er starfandi hópur sem kallar sig KaSa sem er stytting fyrir Kammerhópur Salarins, en KaSa fór þess á leit við Eivöru að fá að útsetja tónlistina hennar fyrir hópinn,“ segir Vigdís. „Eivör er náttúrlega alger perla og ætti að vera spennandi fyrir fólk að heyra lögin hennar útsett fyrir svona fína kammersveit,“ segir Vigdís og bætir við að þetta sé þó aðeins brot af því sem í boði er. „Salurinn heldur úti tónleikaröð sem kallast Tíbrá og er styrkt mjög myndarlega af Kópavogsbæ og er hægt að fá þá röð í áskrift,“ segir Vigdís.

Mikið af nýrri tónlist hefur verið flutt í Salnum, en segir Vigdís það ekki sérstaklega vera á stefnuskránni.

„Við spilum alla tónlist hérna og setjum hana ekki í neina flokka, við viljum fyrst og fremst bjóða upp á góða og spennandi tónlist,“ segir Vigdís.



Fréttablaðið/E.Ól.

Vigdís Esradóttir forstöðukona telur einn helsta kost Salarins vera nálægðina sem hann veitir við listamanninn.


Nýtt
IntraHorizon
hannaður til að kosta minna
**Horizon** er nýjasti stáleldhúsvaskurinn frá Intra. hannaður til að kosta minna án þess að tapa gæðum. Intra Horizon er til í fjórum mismunandi tegundum.
Intra - norsk gæðavara
intra®
TENGI
Smiðjuvegi 11 • 200 Kópavogur
Sími: 564 1088 • Fax: 564 1089 • tengi.is
Opið: Virka daga kl. 8-18 · Laugardaga kl. 10-14


Mjög hagstætt verð!
Glæsilegar danskar innréttingar
í öll herbergi heimilisins
Fyrsta flokks hönnunar- og teiknivinna. Stuttur afgreiðslufrestur og 5 ára ábyrgð.
Þvottahússinnréttingar
Baðinnréttingar
Fataskápar með
venjulegum- og rennihurðum
nettoline
Valin tæki með
20-50% afslætti
ELBA
Við bjóðum líka hin rómuðu ítölsku ELBA eldunartæki og vönduðu Snaigé kæli- og frystiskápana frá Litháen, hvort tveggja á aldeilis frábæru verði.
Snaigė
KÆLI- OG FRYSTISKÁPAR
Opið:
Mánudaga - föstudaga kl. 9-18
Laugardaga kl. 10-15
Friform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500
BETRI STOFAN



Grænahlíð var býli norðan við Nýbýlaveg í Kópavogi. Myndin er tekin 1940. Eigandi: Héraðsskjalasafn Kópavogs.





Myndirnar eru teknar í Grænatúni í Kópavogi á árunum 1940-194 Eigandi: Héraðsskjalasafn Kópavogs.

# Sögum úr Kópavogi safnað í bók

***Æskuminningar úr skóla og skátastarfi. Sögur af heimilishaldi, félagslífi og uppbyggingu fyrirtækja. Allt sem viðkemur Kópavogi er vel þegið í Minningabók sem liggur frammi í Bókasafni Kópavogs.***

Í tilefni 50 ára afmælis Kópavogsbæjar á þessu ári eru ungir sem aldnir Kópavogsbúar hvattir til að skrá minningar sínar, hugleiðingar og gamansögur tengdar Kópavogi og leggja fram í Minningabókina. Dýrmætt er fyrir þetta unga bæjarfélag að eiga heimildir um sögu sína og bókasafnið í bænum vill endilega bjarga slíkum fróðleik frá glatkistunni. Hægt er að skila efninu hvort sem er handskrifuðu eða í tölvutæku formi til safnsins. Aðalatriðið er að minningarnar séu persónulegar og sögumaður hafi sjálfur upplifað atburði tengda því sem hann skrifar um. Hæfileg lengd er 1-3 vélritaðar síður en efnið má vera styttra eða lengra eftir atvikum. Líka er hægt að setjast niður á safninu og skrifa þar ef fólk kýs og starfsfólkið er reiðubúið að yfirfara og hreinskrifa handrit ef þess er óskað. Myndir eru líka kærkomnar.

Bókasafnið er þegar farið að taka við handritum og birtum við sýnishorn hér að fengnu leyfi þeirra sem skrifuðu.




Salurinn
Tónlistarhús Kópavogs

Tónleikahald
Salurinn í Tónlistarhúsi Kópavogs er einn af vaxtarbroddum tónlistarlífsins í landinu og hefur átt mikilli velgengni að fagna. Þar heyrast dægurlög og djass, klassísk tónlist og ljóðasöngur, óperu- og kórsöngur, tangótónlist og trumbusláttur, raf- og tölvutónlist, og svo mætti áfram telja.

TÍBRÁ Tónleikaröð Kópavogs
TÍBRÁ, hefur verið burðarásinn í starfsemi Salarins frá upphafi. TÍBRÁ er fjölskrúðug og vönduð tónleikaröð, þar sem áheyrendur geta gengið að gæðunum vísum.

Fundir og ráðstefnur
Salurinn hefur verið borinn lofi fyrir frábæra aðstöðu til funda- og ráðstefnuhalds, enda búinn öllum þeim tækjum sem nútíma fundarhöld krefjast. Einnig hefur færst í vöxt að fyrirtæki bjóði starfsfólki og velunnurum til sérstakra hátíðartónleika í Salnum, en slíkir tónleikar hafa mælst vel fyrir og stefnir í umtalsverða fjölgun þeirra.

Hljóðritanir
Fullkomið hljóðver er tengt Salnum og stendur flytjendum og öðrum til boða. Þeim listamönnum fer fjölgandi sem sækjast eftir að hljóðrita tónlist sína í Salnum, enda hljómburðurinn einstakur. Píanistar geta auk þess valið á milli tveggja flygla í hæsta gæðaflokki.

Veitingaþjónusta er í húsinu.

Skrifstofa Salarins er opin virka daga kl. 9 - 16.
Bókanir og nánari upplýsingar í síma 5 700 400.
salurinn@salurinn.is
Miðasala opin virka daga 9:00-16:00
og klukkustund fyrir tónleika.

Hamraborg 6
200 Kópavogur
Sími 5 700 400
www.salurinn.is

Salurinn

AUGLÝSINGASTOFA SKAPARANS EHF.




Margrét lítil stúlka á milli frænku sinnar Jórunnar Jónsdóttur og Daníels klæðskera. Tungufell í baksýn.



Bústaðurinn sem Bjarni klæðskeri byggði á Digraneshæðinni.



Mynd Hari.

Svona lítur Tunguhvammur út í dag. Húsið er á horni Víðhvamms og Engihvamms.

# Rotturnar fengu sinn skammt á hverju kvöldi yfir sumartímann

***Þessar minningar Margrétar Sigurðardóttur eru komnar í Minningabókina góðu sem Bókasafn Kópavogs er að afla efnis í. Margrét er fædd árið 1923.***

Ég ætla að fara hér með nokkur minningabrot frá barnæsku minni sem tengjast sumarveru minni hér í Kópavogi frá árunum 1928-1939, að tveimur sumrum undanskildum. Ég átti heima í Hafnarfirði en dvaldist þessi sumur í sumarbústað sem móðurbróðir minn, Bjarni Bjarnason, klæðskeri átti. Fyrsta sumarið dvaldi ég í bústað sem hét Tungufell, ásamt móður minni og Ólínu Andrésdóttur, skáldkonu og svo auðvitað Bjarna frænda.

Ég minnist þess að móabarð var að vestanverðu við bústaðinn, þar sem gengið var inn. Þar áttu bústað sinn nokkrar rottur, sem voru kostgangarar hjá okkur. Þetta voru bráðskynsamar skepnur því þeim datt aldrei í hug að fara inn í bústaðinn því þær fengu sinn skammt á hverju kveldi. Þegar við fórum heim um haustið voru þær orðnar á stærð við stálpaða kettlinga.

Þegar ég fór heim hafði ég af því stórar áhyggjur hver gæfi þeim nú að borða um veturinn. Árið 1930 lét frændi minn byggja annan bústað uppi á Digraneshæð og þar var ég næstu sumrin. Þá kynntist ég Jóni Guðmundssyni, bónda í Digranesi, sem var sérstæður maður. Hann kom næstum á hverju kvöldi ríðandi á Grána sínum. Eitt kvöldið kom hann með lamb, sem hann reiddi, sem var móðurlaust og gaf hann frænda lambið. Þetta var hrútlamb og var skírt Kútur. Kútur var mikið eftirlæti en sjaldan launar kálfur ofeldi. Það sannaðist á Kúti því hann gerðist allumsvifamikill og stangaði hann aðallega kvenfólk svo það gekk blátt og marið á lærunum á eftir. Hann lagði mig í einelti en gerði frænda aldrei neitt. Oft var ég á flótta undan honum út allan háls og forðaði mér upp á stóra steina. Stundum reyndi ég að bíða hann af mér en hann var svo þrár að hann beið líka. Kútur endaði sína lífdaga í sláturhúsi í Hafnarfirði og saknaði ég hans þrátt fyrir allt.

Móðir mín átti hænsni og á sumrin þegar pabbi var á sjónum flutti hún hænsnakofann með íbúum hans, aftan á vörubílspalli frá Hafnarfirði inn í Kópavog svo við gætum hugsað um hænsnin en við máttum aldrei hafa með okkur hana, því hann galaði svo snemma á morgnana að fólkið fékk ekki svefnfrið.

Eitt sumarið vantaði móður mína unga. Hún fékk keypta unga vestur á Bollagörðum á Seltjarnarnesi. Fórum við mamma að sækja þá og með okkur fór unglingspiltur, Ragnar Bjarnason að nafni. Ungarnir voru settir í pappakassa með loftgötum og bárum við kassana alla leið niður í Lækjargötu og fórum síðan með þá í strætisvagni til Kópavogs og gengum síðan með kassana inn allan Digranesveg að bústaðnum. Það voru engin smáhljóð sem bárust úr kössunum á leiðinni og ekki síst í strætó, en þetta urðu allt efnishænur.

Pace
Á ÍSLANDI

# ER KOMIÐ AÐ VIÐHALDI HÚSSINS?

BÚIN AÐ FÁ NÓG AF FLÖGNUN, TÆRINGU, SPRUNGUM OG LEKAVANDAMÁLUM?

Þá borgar sig að tala við okkur. Við gerum öll hús vatnsheld og veðurþolin með ALUMA-CHRON gúmmikápu sem loðir vel við og flagnar ekki, t.d. pappa- og járnþök ásamt steyptum plötum og múrhúðuðum veggjum. Gerum tilboð húseigendum að kostnaðarlausu.

**GÓÐ ENDING, GOTT VERÐ**

- **HÚSEIGENDUR**
- **HÚSFÉLÖG**
- **FASTEIGNAFÉLÖG**



**Pace á Íslandi - Almennir verktakar ehf.**
Símar: 696 7282 / 698 0979
Fax: 517 9277
Netfang: pace@coat.is






# Ekki til betri félagsskapur en Leikfélag Kópavogs

*Leikfélag Kópavogs og Hugleikur standa saman að sýningunni Memento Mori sem er á fjölunum þessa dagana. Memento Mori merkir „mundu dauðann“ á latínu og sýningin er unnin í spunavinnu beggja leikhópa.*

Ágústa Skúladóttir er formaður Leikfélags Kópavogs sem er sennilega elsta félag bæjarins. Það var stofnað af áhugafólki um leiklist fyrir nærfellt fimmtíu árum og ekki verður annað sagt en það beri aldurinn vel.

„Þetta verður baktería og það er bara ekki hægt að hætta,“ segir Ágústa Skúladóttir, leikstjóri og formaður Leikfélags Kópavogs. Ágústa hefur verið viðloðandi leikfélagið frá árinu 1987 og gegnir nú formennsku öðru sinni. Hún kom inn í félagið ásamt félögum sínum í leikfélagi MK og hefur þessi hópur myndað kjarna félagsins æ síðan.

Leikfélag Kópavogs hefur starfað í nærfellt hálfa öld, er 48 ára og aðeins tveimur árum yngra en Kópavogsbær. Það var 46 manna hópur áhugamanna um leikhús sem kom saman í Kópavogi í byrjun árs 1957 gagngert til að stofna leikfélag. Stofnendur höfðu flestir litla reynslu af leiklist en strax í upphafi var reynt að vanda val leikstjóra. Fyrsti formaður félagsins var Erlendur Blandon og fyrsta stykkið sem var sett á svið var Spanskflugan eftir Arnold og Bach.

„Leikfélagið hefur verið öflugt allar götur síðan og við reynum að setja tvö til þrjú verk á svið árlega. Við erum með um 30 virka félaga en listi heiðursfélaga eða þeirra sem hafa starfað með félaginu er mun lengri. Það kemur náttúrlega alltaf inn nýtt blóð og hópurinn breytist með árunum. Það er ekki til betri félagsskapur en hér í leikfélaginu,“ segir Ágústa.

Leikfélagið er til húsa í Félagsheimili Kópavogs og hefur svo verið síðan fyrsti hluti hússins var tilbúinn árið 1959. „Hérna var líka rekið Kópavogsbíó og fyrstu árin stóð húsið eitt hérna í Fannborginni. Nú er hér byggð allt í kring. Félagsheimilið er mikið notað undir veisluhöld og við erum með okkar aðstöðu í svokallaðri hjáleigu sem upphaflega var hugsuð sem leiktjaldageymsla,“ segir Ágústa.



Ágústa Skúladóttir er formaður Leikfélags Kópavogs. Hún leikstýrir Memento Mori sem leikfélagið sýnir um þessar mundir.

Leikfélagið er þessa dagana að sýna spunaverkið Memento Mori. „Þetta er mjög sérstök uppfærsla vegna þess að við erum í samvinnu við leikfélagið Hugleik. Ég man ekki til þess að tveir leikhópar hafi tekið höndum saman með þessum hætti og að samstarfið sé einvörðungu á listrænum grundvelli eins og hér er raunin. Þetta hefur verið stórskemmtilegt og lærdómsríkt samstarf,“ segir Ágústa og bætir við að sýningar séu nýhafnar eftir langt og gott jólafrí. Memento Morí fjallar í stuttu máli um ódauðleikann og meðal annars er velt upp kostum og göllum ódauðleikans.

Tvö ár eru í hálfrar aldar afmæli leikfélagsins og segir Ágústa víst að þá verði mikið um dýrðir. Hún segir marga gamla félaga hafa látið að sér kveða í þjóðlífinu og aldrei að vita nema einhverjir verði kallaðir til vegna afmælisins. „Magnús Ólafsson, betur þekktur sem Bjössi bolla, sló til dæmis fyrst í gegn með leikfélaginu – það var í verkinu Þorláki þreytta sem var sett upp í byrjun áttunda áratugarins. Af öðrum má nefna Þórhall Gunnarsson sjónvarpsmann en hann lék með okkur áður en hann fór í leiklistarnám. Svo var Fjalar Sigurðarson í félaginu og einnig Leifur Hauksson sem margir þekkja úr útvarpinu,“ segir Ágústa Skúladóttir. Hægt er að kynna sér sögu og verkefni þessa merka leikfélags á heimasíðunni kopleik.is.

*arndis@frettabladid.is*



Hilmar J. Malmquist forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs.

# Hvað í ósköpunum er kúluskítur?

*Svarið fæst í Náttúrufræðistofu Kópavogs*

„Þótt safnið sé ekki stórt er það eitt glæsilegasta náttúrugripasafn landsins. Sveitarstjórnarmenn í Kópavogi eiga heiður skilið fyrir uppbyggingu Náttúrufræðistofu Kópavogs,“ segir Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður safnsins, en hann hafði hönd í bagga við hönnun þess í samstarfi við tæknideild bæjarins og arkitekta hússins. Hann segir að það hafi gefið góða raun því líffræðingurinn sjái safnið fyrir sér á annan hátt en arkitektinn og verkfræðingurinn og þannig hafi ýmislegt verið þróað í góðu samstarfi.

Náttúrufræðistofa Kópavogs flutti í núverandi húsnæði á jarðhæð Safnahússins að Hamraborg 6 A vorið 2002 en þetta er fyrsta og enn sem komið er eina húsið hér á landi sem hefur verið hannað frá grunni sem náttúrufræðisafn. Auk Hilmars sem hefur verið forstöðumaður safnsins síðan 1992 starfa við það fjórir líffræðingar. Hryggjarstykkið í safninu er skeljasafn Jóns Bogasonar sem Kópavogsbær keypti árið 1976.

Aðsóknarmet var slegið á síðasta ári í Náttúrfræðistofu Kópavogs en þá komu rúmlega 8.600 manns til þess að skoða safnið. „Fjölmennustu hóparnir sem heimsækja Náttúrufræðistofu Kópavogs eru leikskólabörn bæjarins og úr nágrannabyggðum. Börnin hafa mest gaman af sjóbúrunum þar sem við höfum lifandi fiska og önnur sjávardýr. Fuglasafnið er líka vinsælt og svo má ekki gleyma kúluskítnum sem við höfum hér til sýnis.“ Kúluskítur er nafn á einu af sérstæðustu fyrirbærum sem finnast í náttúru landsins. Um er að ræða fágætt, stórvaxið, kúlulaga vaxtaafbrigði af grænþörungategundinni Aegapropila linnaei, sem aðeins er þekkt í tveimur stöðuvötnum á jörðinni- Mývatni og Akanvatni á Hokkaido-eyju í Japan.

Fyrir utan fiska og fugla hefur safnið til sýnis fjölbreytt safn lindýra, þ.e. skeljasafn Jóns Bogasonar, íslensk spendýr, meðal annars refi, minka, hagamýs, seli og hvali (beinagrind), skrápdýr, fiska og nokkurt safn skordýra.

Hilmar segir að Náttúrufræðistofa Kópavogs njóti nálægðarinnar við Bókasafn Kópavogs. Fjölskyldur slái tvær flugur í einu höggi, fái bækur til láns og skoði náttúrugripi í leiðinni. „Við viljum gjarnan sjá fleiri ferðamenn hér. Það þarf að kynna þetta safnasvæði á Borgarholtinu betur fyrir ferðamönnum og þá jafnvel í tengslum við byggingar í nágrenninu svo sem kirkjuna hér á holtinu.“

# Kleina á hvern mann

*Ævintýrið um Ömmubakstur hófst með framleiðslu á flatkökum fyrir liðlega 50 árum. Nú starfa um 30 manns hjá fyrirtækinu.*

Liðlega hálf öld er síðan hjónin Steina Friðriksdóttir og Friðrik Haraldsson bakarameistari hófu framleiðslu á flatkökum í eldhúsinu sínu árið 1952. Neytendur kunnu vel að meta og fljótlega urðu umsvifin það mikil að stækka varð aðstöðuna og var þá bílskúrinn lagður undir. Þá bættist kleinubakstur við og á endanum var framleiðslan orðin það mikil að rekstrurinn flutti í nýtt húsnæði að Kársnesbraut 96 árið 1975. Í júlí 2001 sameinaðist Pizzaland Ömmubakstri og fluttust þá framleiðsluvörur Pizzalands yfir til Ömmubaksturs.

„Ömmubakstur framleiðir eina kleinu fyrir hvern Íslending í hverjum mánuði,“ segir Snorri Sigurðsson sölu- og markaðsstjóri Ömmubaksturs. „Aukin sjálfvirkni og ný tækni gerði mögulegt að fara út á nýjar brautir í framleiðslunni og upp úr 1990 bættust pizzur við. Í dag eru Ömmupizzur með mest seldu pizzum á Íslandi. Nýju eldbökuðu Fyrirtaks pizzurnar okkar eru líka að slá í gegn. Þær eru flattar í höndum og bakaðar við opin viðareld.“

Hjá Ömmubakstri eru framleiddir fjórtán vöruflokkar, flatkökurnar sívinsælu, kleinur, kleinuhringir, rúgbrauð, snúðar, vínarbrauð og skonsur en þetta eru hinar hefðbundnu íslensku afturðir. Með breyttu fæðuvali hóf Ömmubakstur framleiðslu á pizzum, lasagne, burritos og hvítlauksolíu og svokölluðum heimshornum.

„Hjá bakaríinu starfa um 30 manns og er það eitt af þremur stærstu bakaríum landsins en hefur þó þá sérstöðu að baka ekki hefðbundin brauð eins og heilhveitbrauð og fransbrauð,“ segir Snorri.

Árið 1995 stofnaði bakaríið pizzuverksmiðju í Lettlandi í samstarfi við lettneska og finnska aðila. Lagði bakaríið til alla þekkingu, tækjabúnað og tveir starfsmenn bakarísins fóru þangað til starfa. Þeir starfa í dag sem forstjóri, (sem einnig er hluthafi), og framleiðslustjóri hjá fyrirtækinu sem heitir EUROFOOD S.I.A., og framleiðir Ömmupizzuna undir vörumerkinu PEDRO PIZZA, fyrir viðskiptavini í Lettlandi.

„Þar nýtist íslensk markaðsþekking og hugvit Ömmubaksturs á erlendri grund.“




Fréttablaðið/GVA

Að sögn Snorra Sigurðssonar eru framleiddar fjórtán vörutegundir hjá Ömmubakstri.


NOVARTIS
CONSUMER HEALTH
Voltaren Dolo®
20 comprimés filmés
Fljótvirkt bólgueyðandi verkjalyf
m.a. við tíðaverkjum
Inniheldur engin ávanabindandi efni
Fæst án lyfseðils
VoltarenDolo®
Díklófenak-K 12,5 mg
**Voltaren Dolo® ( díklófenak kalíum) 12,5 mg. töflur.** Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.



Byggingar í Salahverfinu þar sem göturnar liggja eins og blævængur.

# Húsin í bænum

***Af öllum bæjum landsins hefur sennilega enginn vaxið jafnmikið á jafnskömmum tíma og Kópavogur og ber byggingarlist bæjarins þess merki. Búskapur var í Kópavogi langt fram á síðustu öld og var hluti lands notaður undir sumarbústaði. Örfáir sumarbústaðir standa enn á landi Kópavogs við Elliðavatn en eru óðum að hverfa þar sem Hvarfahverfi Kópavogs hefur verið skipulagt á því svæði.***

Af öllum bæjum landsins hefur sennilega enginn vaxið jafnmikið á jafnskömmum tíma og Kópavogur og ber byggingarlist bæjarins þess merki. Byggingarstíl hvers áratugar er að finna í húsum bæjarins sem eitt af öðru hafa breytt ásýnd Kópavogs sem virðist vera síkvik og fjarri því að taka á sig endanlegt form. Í kjölfar stækkandi byggðar hafa sprottið upp skólar, verslanamiðstöðvar, háhýsi, íþróttahús og fleira þar sem arkitektar hafa fengið tækifæri til að spreyta sig.



Salaskóli er teiknaður af Sveini Ívarssyni arkitekt þar sem hugmyndin var að byggingarnar þyrptust hver um aðra.

Eldri byggð bæjarins hefur þó vel fengið að njóta sín, og bæði í Hvömmunum og Vesturbænum er mikið af fallegum eldri húsum þar sem byggð er gróin og þykir veðursæld þar einstök á sumrin. Íbúar gamla bæjarins hafa getað fylgst með húsum og nýrri byggð spretta upp og vaxa hraðar en hinar risavöxnu aspir í garðinum hjá þeim, og er ekki útséð um hvort trén eða bærinn verður fyrri til að ná fullum vexti.



Kópavogskirkja er tákn Kópavogs og kemur hún fyrir í skjaldarmerki bæjarins. Fólk safnast gjarnan við kirkjuna á fallegum sumarkvöldum og fylgist með sólinni setjast.
Ljósmynd: Hari



Kopar er á þakinu á Digraneskirkju, en hún stendur í fallegu stæði í miðju Kópavogs.



Íþróttahús Kópavogs, eins og bak á stóru dýri sem rís hægt upp úr jörðinni.



Húsin í Hrauntungunni bera augljóst handbragð skapara síns sem var Sigvaldi Thordarson arkitekt.



Salurinn Í Kópavogi og Gerðarsafn gerbreyttu ásýnd bæjarins. Salurinn er teiknaður af Jakobi Líndal arkitekt hjá Alark arkitektum og Gerðarsafn teiknaði Benjamín Magnússon arkitekt.


Gerir lífið meira spennandi
ný
Happa
þrenna
enn
fleiri
vinningar
100 kr.
Happa þrenna
Hæsti vinningur kr.
1.000.000
HAPPA
ÞRENNAN






**Íslensku springdýnurnar frá Ragnari Björnssyni endast lengur**

Við framleiðslu á dýnunum eru notaðar lokaðar fjaðrir sem koma í veg fyrir að klæðning dýnunnar skemmist við áralanga notkun. Algengur endingartími RB springdýna er tólf til sextán ár.





5.000 kr.

Fermingargjöf sem innborgun á rúmi

**Allt eftir þínum óskum**

Rétt lengd, breidd og hæð rúmsins eykur þægindin. Stífleiki springdýnunnar fer einnig eftir þínum óskum. Látið fagfólk leysa vandann.



Opið á laugardögum kl. 10-14



Mikið úrval af sængurfatnaði

RAGNAR BJÖRNSSON ehf.

Sérhæfing í framleiðslu og hönnun springdýna.

Dalshrauni 8 | 220 Hafnarfirði | Sími: 555 03 97 | Fax: 565 17 40 | www.rbrum.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu







Tilbúnir stigar og hringstigar með harðviðar þrepum og handlista. Handriðaefni í tré, smíðajárni og ryðfrítt stál, á lager. Stigalagerinn,Dalbrekku 26, s. 564 1890




**Drifskaftaefni**
Eigum til drifsköft og aukahluti t.d. hjöruliði, hjöruliðsgafla, kúplingar, drifskaftsrör og hlífar o.fl. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600.




**Comet háþrýstidælur**
Comet háþrýstidælur, margar gerðir, verð frá kr. 9.950. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk. Sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600. Skoðið einnig úrvalið á velaborg.is






Nýjar vörur, nýir ilmir. Frábærar gjafir við öll tilefni. Opið mán.-fös. 10-18 lau. 12-16. Ljós og Ilmur ehf Bíldshöfði 12. S. 517 2440.



Ný sending. Yfir 60 gerðir af nærfata settum á aðeins 1990. Yfir 70 gerðir af brjóstahöldurum á aðeins 1300. Stærðir a,b,c,d,e,f. Nú er ódýrt að vera smart. Allt Smart laugavegi 46. S. 551 1040.



IKEA eldhúsinnrétting til sölu, laus strax. Tilboð, góður vaskur, gaseldavél og ofn fylgja með, ath. innrétting er stærri en myndin sýnir. Búið að taka niður og laus til afhendingar strax. Uppl. í síma 862 3377.

**Vítamin.is og blek.is**
Labrada fæðibótaefni. Ármúla 32, s. 544 8000. Opið mán. til fös. 10 til 18. Laug. 11 til 15.

Skrifstofuhúsgögn til sölu vegna flutnings. Seria-Nett skrifborð, hillur, stólar og fundarborð með kirsuberjaspón frá Á. Guðmundssyni. Glæsileg húsgögn á frábæru verði. Upplýsingar í síma 864 4545 eða 460 5052.

**Fyrir mötuneyti**
Sambyggður kæliskápur og hitaborð fyrir lítið mötuneyti til sölu. Selst ódýrt. Uppl. í s. 696 5900.

90 cm Electro Lux ísskápur til sölu, nánast ónotaður. Verð 15 þús. Uppl. í s. 840 6677, Steini.

Til sölu tæki (A.Karlsson) úr kaffihúsi. Selst ódýrt. Sýningarkæliborð, sýningarborð (m.kúptu gleri), þvottavél WD6E, súpuhitapottur, vöfflujárn, Omron pen. kassi, myndvarpi+tjald, Sky afruglari, gervihn. diskur, 8 hátalarar+magnari, ljósakassi f. myndir/menu, windmaster útiskilti, plastbakkar, gólfþvottavél. S. 822 1954.

Queen Size 5 ára amerískt rúm. Selst ódýrt. Uppl. í s. 588 0919 eftir kl. 15.

Nánast nýtt rúm frá Betra Bak, 96b x 200L. Fæst á hálfvirði. Uppl. í s. 551 4822 & 866 6511.

Notuð eldhúsinnrétting með rennihurðum til sölu, er úr einbýlishúsi. Verð 40 þús. Uppl. í síma 660 4410.

Íssk. 140 cm m/sér frysti á 10 þ. 120 cm og 85 cm 8 þ. Eldavél á 5 þ. Barnakerra á 3 þ. Þríhjól á 3 þ. Stórir alvöruvindhanar. Einnig varahlutir í ýmsa bíla. S. 896 8568.

## Óskast keypt




Tökum alls konar muni í uppboðsmeðferð á Netinu. uppbod.is, sími 552 7977.

Prjónavél óskast. Liggur einhvers staðar prjónavél sem ekki er lengur í notkun og hægt er að fá fyrir lítið sem ekki neitt? Uppl. í s. 867 8860.

**Hillur óskast keyptar**
Óskum eftir að kaupa notaða hillurekka fyrir efnisstranga og fatnað. Uppl. í s. 562 6464 & halldor@henson.is.

## Heimilistæki

Til sölu Rainbow Ryksuga vegna flutnings. Gott verð. Uppl. í s. 696 4533.

## Hljóðfæri

Get útvegað allar tegundir af harmonikkum. Nýjar og notaðar hnappa- eða píanóborð. Uppl. í s. Guðbrandur 690 2020.

**Tónlistarþróunarmiðstöð**
Æfingarhúsnæði á heimsmælikvarða. Æfingarhúsnæði fæst til afnota og fjölnota salur. Sími 824 3001 & 824 3002.

Til leigu æfingaaðstaða fyrir hljómsveitir. 2 herbergi laus, snyrtileg og góð aðkoma. Uppl. í s. 893 9678.

Til sölu gott byrjenda píanó. Verð 55 þúsund. Upplýsingar í síma 692 4117.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

## Tölvur

**Tölvuviðgerðir frá 1500 kr.**
Heimaþjónusta í hæðsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, S. 694 6161.

Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153. Frá kl 8-23.

**Ódýrar tölvuviðgerðir!**
Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur, einnig píanóstillingar. Uppl. í s. 899 8894.

Til sölu glæný fartölva, m. DVD/CD brennara, selst á hálfvirði. Uppl. í síma 699 0099.

Til sölu Turnvél Power Mac DP 2ja örgjörva G-4 2x 1.25GHz, vinnsluminni 2GB með 2 200GB hörðum diskum. 2004 model, lítið notuð. Verð ca 180 þús. Kostar ný um 270 þús. Uppl. í s. 869 1911 eða wazagaz@strik.is

## Bækur

Nýr Motorola V3 RAZR gsm-sími, VGA-myndavél, bluetooth ofl. Uppl. í síma 897 2687.

## Til bygginga




## Verslun







**100% Verðvernd!!!!**
Venus erotic store. Nýjar 6 tíma dvd myndir á 2.990. Spólur 1990. 3 á 5.000. Egg frá 990. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.

## Fyrirtæki

Söluturn til sölu í Vesturbænum á mjög góðu verði. Uppl. í s. 899 6479.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar







Hreinlega - Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur heimilisþrif, flutningaþrif, teppahreinsanir, stigagangar og fyrirtæki. Ellý og Co. S. 898 9930.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru s. 699 3301.

Tek að mér að þrífa heimili eða fyrirtæki. Uppl. í s. 868 8864.

Vanur gluggaþvottamaður getur tekið að sér verkefni. Uppl. í síma 820 2370.

## Garðyrkja

**Garðaþjónusta**
**Heimili - Fyrirtæki**

**Vetrarklippingar.**
**Heimilisgarðar**
**Skúli, s. 822 0528.**

Snyrtum og klippum tér og runna. Berum á húsdýraáburð og fellum tré. Alhliða garðyrkjuþjónusta. Sími 616 1569.

## Bókhald

Bókhald-skattframtöl-stofnun hlutafélaga KJARNI ehf sími 561 1212 GSM 891 7349.

Reikningshald, skattskil, fjármálaþj., stofnun félaga. SMCO- S. 861 8349.

Bókhald-Vsk.& launauppgjör, ársuppgjör, skattframtöl. Ódýr og góð þjónusta. Sími: 6926910

## Ráðgjöf

**Kaflaskipti í fjármálum þínum?**
Aðstoðum einstaklinga og minni fyrirtæki við endurskipulagningu fjármála og samninga við lögmenn, banka og aðra kröfuhafa. Einnig bjóðum við upp á stofnun einkahlutafélaga, bókhaldsþjónustu og skattskil.
**Kaflaskipti ehf, Skipholti 5, sími 822 9670 kaflaskipti@rsg.is**

Lækkið skattana með stofnun ehf. Tilvalið að byrja um áramót. Taxlaw s. 663 4141.

## Málarar




Húseigendur: Varist fúskara. Verslið við fagmenn. Málarameistarafélagið. S. 568 1165.

## Meindýraeyðing




Öll meindýraeyðing fyrir heimili, húsfélög. S. 822 3710.




Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

## Búslóðaflutningar




Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð á flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

Allskonar Flutningar. Er með meðalstóran sendibíl. 9 rúmmetrar. Flyt hvað sem er. Fagmennska og öryggi í fyrirrúmi. Geri föst verðtilboð sé þess óskað. Uppl. í síma 891 7585.

## Húsaviðhald







892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. -húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstiþv. -þakþéttiefni (500% teygjanl.).




Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Glerjun og gluggaviðgerðir!**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Alm. viðhald húsa, málun, múrun, flísa & parketlagnir og trésmíðavinna. Föst tilboð eða tímavinna. Sími 616 1569.

Húsasmíðameistari getur tekið að sér verkefni. Uppl. í síma 820 2370.

## Stíflubjónusta







**Stíflubjónustan ehf**
Losum allar stíflur, hreinsum lagnir. Röramyndavél. Meindýraeyðing. 20. ára reynsla S. 554 2255 - 896 5800.

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stíflubjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur

**Tölvuviðgerðir - Vírus-hreinsanir - Uppfærslur**
Start tölvuverslun, Bæjarlind 1, Kópavogi.
**Sími 544-2350, www.start.is**

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

# HLJÓÐFÆRI



# EIGNALISTINN

fasteignasala www.eigna.is

Félag Fasteignasala

Síðumúli 9 • 108 Reykjavík • Sími: 530 4600 • Fax: 530 4609 • eigna@eigna.is
í húsi Máls og Menningar
Sigurður Örn Sigurðason löggiltur fasteignasali

**4ra herb**



**REYRENGI. - GRAFARV.**
Fjögurra herbergja íbúð á þriðju hæð í litlu fjölbýlishúsi, sérinngangur af stigapalli, opið bílskýli. Rúmgott opið eldhús, gott hjónaherbergi með góðu skápalássi, ágæt barnaherbergi með skápum, rúmgóð stofa með útgengi á suð-vestur svalir. **V:17,6 millj. Uppl gefur Ólafur S: 530-4607 / 864-1243**

**Atvinnuhúsnæði**




**TUNGUHÁLS**
**1799 fm** atvinnuhúsnæði með mjög gott auglýsingagildi, góðar innkeyrsludyr, gott skrifstofu og verslunarpláss á 211 fm svæði. Góð bílastæði og gottt gámasvæði. hluti húsnæðisins er í útleigu.
**Tilboð óskast í eignina.Upl. gefur Ólafur í S: 530-4607/ 864-1243**

**Atvinnuhúsnæði**



**DALVEGUR - KÓPAV.**
**Mjög vel staðsett iðnaðarhúsnæði við Dalveg í Kópavogi.** Húsnæðið býður uppá mjög gott auglýsingagildi með staðsetningu út við Reykjanesbraut. Um er að ræða samtals 647,2 fm, með fjórum innkeyrsludyrum. Milliloft með skrifstofu, lager og kaffistofu rými.
**Tilboð óskast í eignina.**
**S:530-4600 / 864-1243.**

**EIGNALISTINN ÖRUGG MIÐLUN FASTEIGNA**


## TILKYNNINGAR

## HUGRÆKTARNÁMSKEIÐ GUÐSPEKIFÉLAGSINS

**hefst fimmtudaginn 10. febrúar n.k. kl. 20.30 í húsakynnum félagsins í Ingólfsstræti 22.**

Námskeiðið verður vikulega á sama tíma (á fimmtudögum) í átta skipti frá febrúar til apríl 2005 og er í umsjá Sigurðar Boga Stefánssonar 2), Jóns L. Arnalds (2), Birgis Bjarnasonar (2), Jóns Ellerts Benediktssonar (2), Fjallað verður um mikilvæga þætti hugræktar, hugleiðingar og jóga.

Námskeiðið er öllum opið og fer skráning fram við upphaf þess. Námskeiðið er ókeypis fyrir félagsmenn en kostar í heild kr. 2500.- fyrir utanfélagsmenn.

**Upplýsingar í síma 6942532.**

**www.gudspekifelagid.is**

## Tilboð í mat vegna árshátíðar bæjarstarfsmanna í Hafnarfirði

Óskað er eftir tilboðum í mat á árshátíð bæjarstarfsmanna sem haldin verður í íþróttahúsinu Kaplakrika laugardaginn 12. mars 2005.
Gert er ráð fyrir að borðhald hefjist um kl. 20:00 og ljúki um kl. 22:30.

Í tilboðinu skal gera ráð fyrir:
**1.** Þríréttaðri máltíð: a) Forrétt. b) Aðalrétt, kjöt skammtastærð 180 gr., og meðlæti (ábót). c) Eftirrétt.

**2.** Veitingamenn leggi fram dúka, allan borðbúnað, borðskreytingar, og glös undir léttvín. Starfsfólk veitingamanns afgreiði léttvín til gesta undir borðhaldi.

**Árshátíðarnefnd sér um alla áfengissölu.**

Erfitt er að áætla um fjölda gesta en gera má ráð fyrir 900 – 1.200 manns. Geta má þess að í fyrra árið 2004 voru gestir um 1.100 talsins. Heildarfjöldi gesta ætti að verða orðinn ljós eigi síðar en 3-4 dögum fyrir hátíðina.

Árshátíðarnefnd er opin fyrir öllum góðum hugmyndum svo fremi að þær miðist við borðhald í ofangreindu íþróttahúsi, t.d. hlaðborði svo eitthvað sé nefnt.

Tilboðum ber að skila í lokuðu umslagi fyrir klukkan 13:00 mánudaginn 14. febrúar. 2005 á skrifstofu ÍTH að Linnetstíg 1, 2.hæð, (ofan Tilveruna) en þá munu tilboð verða opnuð og er hlutaðeigandi aðilum boðið að vera viðstöddum.
Nefndin áskilur sér allan rétt til þess að taka hvaða tilboði sem er og eða hafna öllum.

Árshátíðarnefnd
Starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar




Í Hafnarfirði búa um 22 þúsund manns. Bærinn stendur í fallegu umhverfi hrauns og kletta. Hafnarfjörður hefur þá bæjarsál sem einkennir búsetu við sjó og státar um leið af hagkvæmni stærðarinnar og staðsetningar í jaðri höfuðborgarsvæðisins. Það er gott að búa og starfa í Hafnarfirði.

## ATVINNA

**pósthúsið**

Sú breyting hefur átt sér stað að **Pósthúsið** hefur nú tekið við dreifingu Fréttablaðsins og Dv. Ef þú hefur áhuga að slást í hóp blaðbera hafðu þá endilega samband í síma **5858330.**

**Okkur á pósthúsinu vantar fólk til þess að bera út um virka daga annars vegar og helgar hins vegar í eftirtalin póstnúmer:**

**101**
**104**
**105**
**107**
**200**
**210**

**Upplýsingar í síma 585-8330**

## LEIKSKÓLAKENNARAR OG ANNAÐ UPPELDISMENNTAÐ STARFSFÓLK ATHUGIÐ

Okkur í leikskólanum Suðurvöllum í Vogum vantar jákvæðan og hressan leikskólakennara í 100% stöðu frá 1. mars nk.

Leikskólinn er þriggja deilda í nýju glæsilegu húsnæði með góðri aðstöðu. Við erum að leggja inn heilsueflingarstefnuna í starfinu. Ef ekki fæst uppeldismenntað starfsfólk, verða aðrar umsóknir teknar til umfjöllunar.

Umsóknareyðublöð er að finna á netslóðinni *http://www.vogar.is/-skolar-leikskóli* og í leikskólanum.

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 23. FEBRÚAR.**

Nánari upplýsingar veitir Salvör Jóhannesdóttir skólastjóri leikskólans í síma 424-6817.


# Ertu að leita að góðum starfsmanni?

## Hvar ætlar þú að auglýsa?

Á sunnudögum fylgja sérblöð bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sem fjalla um atvinnumál og eru atvinnuauglýsingar helsta efni þeirra. Bæði blöðin eru svokölluð innblöð, þ.e. þau eru í miðju aðalblaðanna þannig að lesendur þeirra rekast á atvinnublöðin og ákveða þá hvort þeir skoða þau eða ekki.

## En hverjir fá blöðin?

Við leituðum svara í fjölmiðla- og neyslukönnunum Gallups. Fjölmiðlakannanir Gallups eru gerðar í samvinnu við alla stærstu miðla landsins, Samtök auglýsenda og Samtök íslenskra auglýsingastofa, og eru viðurkenndar af þeim sem eina rétta aðferðin til að bera saman fjölmiðlanotkun landsmanna. Kannanirnar eru kynntar á heimasíðu Gallups sem niðurstöður en ekki túlkun.

## Nokkrar niðurstöður:

1) 95% heimila í Reykjavík og í nágrenni fá Fréttablaðið heim til sín á morgnana, sem þýðir að 95% þeirra sem eru í atvinnuleit fá atvinnublað Fréttablaðsins heim til sín á sunnudögum.

2) 48% heimila á sama svæði eru með áskrift að Morgunblaðinu, sem þýðir að 52% þeirra sem eru á aldrinum 12-80 ára í atvinnuleit þurfa að fara út í búð og ná sér í Moggann ef þeir vilja skoða atvinnublaðið sem honum fylgir.

3) 72% Íslendinga á aldrinum 20-40 ára búa á heimilum sem ekki eru með áskrift að Morgunblaðinu, sem þýðir að 72% landsmanna á aldrinum 20-40 ára sem eru í atvinnuleit ára þurfa að fara út í búð ef þeir vilja skoða atvinnublað Morgunblaðsins á sunnudögum.

4) Ungt fólk er í langflestum tilfellum markhópur atvinnuauglýsinga og svona les það sunnudagsblöðin, samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallups í október síðastliðnum:

| Lestur sunnudagsblaða, allir | 18-34 ára | 20-40 ára | 18-49 ára |
|---|---|---|---|
| Sunnudagsblað Fréttablaðsins | 60,1% | 60,3% | 63,4% |
| Sunnudagsblað Morgunblaðsins | 32,5% | 35,5% | 42,9% |
| Styrkur Fbl. umfram Mbl. | 84,9% | 69,6% | 47,9% |
| | | | |
| Lestur sunnudagsblaða, konur | 18-34 ára | 20-40 ára | 18-49 ára |
| Sunnudagsblað Fréttablaðsins | 61,4% | 60,1% | 62,0% |
| Sunnudagsblað Morgunblaðsins | 28,4% | 31,6% | 41,1% |
| Styrkur Fbl. umfram Mbl. | 116,5% | 90,0% | 51,0% |

65% Íslendinga á aldrinum 20-40 ára **fletta ekki** sunnudagsblaði Morgunblaðsins né heldur 72% kvenna undir 35 ára aldri, sem **getur varla hljómað vel** fyrir fyrirtæki í leit að góðum starfsmönnum.

## Tvær spurningar:

Hversu sennilegt er að fólk í atvinnuleit lesi ekki atvinnuauglýsingarnar í Fréttablaðinu (95% þeirra fá blaðið)?

Er ekki kominn tími til að laga birtingar á atvinnuauglýsingum að nýjum veruleika á blaðamarkaði eins og öll stærstu fyrirtækin í landinu hafa gert með sínar venjubundnu auglýsingar?

# Síminn seldur á vormánuðum

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði í ræðu sinni á Viðskiptaþingi Verslunarráðs að undirbúningur að sölu Símans gengi vel og að forsendur væru fyrir því að ráðast í sölu á hlutabréfum í Símanum á vormánuðum.

Halldór tók einnig af öll tvímæli um að Síminn yrði seldur í einu lagi, þ.e. að grunnnetið yrði selt með fyrirtækinu. Nefndi hann nokkrar röksemdir fyrir þeirri ákvörðun, meðal annars að hvergi annars staðar hefði grunnnet verið aðskilið þjónustu við einkavæðingu símafyrirtækis og að gert væri ráð fyrir að samkeppni ríkti um hvaða tækni yrði ráðandi í fjarskiptum. **- þk**



**SÓKN Í FRAKTFLUGI** Þórarinn Kjartansson, Einar Ólafsson frá Bláfugli og Hannes Smárason og Sigurður Helgason frá Flugleiðum handsöluðu kaupsamning í gær.

# Flugleiðir kaupa Bláfugl

Flugleiðir hafa gert samning um kaup á fraktflugfélaginu Bláfugli og flutningsmiðlunarfyrirtækinu Flugflutningum.

Kaupin eru liður í stefnu Flugleiða að vaxa á alþjóðlegum fraktflutningamarkaði þar sem langmestur hluti af starfsemi Bláfugls fer fram.

„Bæði fyrirtækin hafa vaxið hratt undanfarin misseri og við búumst við því að vöxturinn verði áfram hraður," segir Hannes Smárason stjórnarformaður Flugleiða. Hann segir Flugleiðir sjá samlegð af rekstri félaganna.

Kaupverðið er um 3,8 milljarðar króna, auk þess sem Flugleiðir yfirtaka skuldir vegna flugvéla félagsins. Kaupin eru með fyrirvara um áreiðanleikakönnun. **- hh**

# VÍS kaupir Lýsingu

Vátryggingafélag Íslands hefur keypt eignarleigufyrirtækið Lýsingu af KB banka fyrir rúma sex milljarða króna.

Vís hyggst reka félagið áfram sem sjálfstætt félag.

KB banki innleysir við söluna þriggja milljarða hagnað af sölunni. Hreiðar Már Sigurðsson segir verðið viðunandi og reksturinn hafa gengið vel. Hins vegar sé starfsemi Lýsingar ekki hluti af kjarnastarfsemi KB banka. ■







Greining ársreikninga

Til þess að ná árangri í viðskiptaumhverfi nútímans er nauðsynlegt að hafa góðan skilning á ársreikningum, greiningu þeirra, mikilvægum kennitölum og túlkun þeirra. Í námskeiðinu er fjallað um helstu þætti sem lúta að þessum viðfangsefnum þannig að skilningur fáist á þeim atriðum sem hafa þarf í huga við lestur ársreikninga.

**Fyrir hvern?**
Námskeiðið er ætlað stjórnendum og starfsmönnum fyrirtækja sem ekki hafa sterkan grunn í fjármálafræðum en þurfa starfs síns vegna að auka þekkingu sína á uppbyggingu og lestri ársreikninga

Námskeiðið fer fram 14. febrúar kl. 8:30 - 12:30

**Verð:** 18.000 kr.

**Loftur Ólafsson**
lektor við viðskiptadeild HR er leiðbeinandi á námskeiðinu „Greining ársreikninga"
hjá Stjórnendaskólanum.

**Frekari upplýsingar veitir:**
Guðrún Helga Hamar
Beinn sími: 599 6404
Skiptiborð: 599 6200
helga@ru.is
**stjornendaskoli.is**

STJÓRNENDASKÓLI
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

365

Óskum eftir öflugum sölumönnum í úthringiverkefni 2 - 4 kvöld í viku.
Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónus.

**Vantar þig aukavinnu?**

Nánari upplýsingar veitir Hrannar Arnarsson í síma 696 9043.
Umsóknir með ferilskrá sendist á hrannar.arnarsson@365.is

2 sýn digital ísland DV

# skoðun

SJÓNARMIÐ

GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Flokkarnir verða að bregðast við umræðunni.

## Uppsprettur nýrra hugmynda

Tillögur Verslunarráðs Íslands um breytingar á skattalöggjöfinni, sem kynntar voru á Viðskiptaþingi í gær, eru allrar athygli verðar. Vandaður rökstuðningur í kynningarbæklingi frá ráðinu sýnir að þær eru þaulhugsaðar og settar fram í fullri alvöru. Þær verðskulda að stjórnvöld og stjórnmálaflokkar skoði þær og íhugi.

Fyrir nokkrum mánuðum voru á vettvangi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja settar fram ferskar hugmyndir um skattkerfisbreytingar. Þar kvað að ýmsu leyti við nýjan tón úr röðum launþega. Ýmsum gömlum kreddum var vikið til hliðar. Því miður hafa samtökin ekki fylgt þessum hugmyndum eftir eða reynt að vinna þeim fylgi svo merkjanlegt sé. Það er miður.

**Á meðan hið pólitíska kerfi í landinu byggir á flokkunum verður að minnsta kosti að gera þá kröfu til stjórnmálamanna að þeir fylgist vel með þjóðfélagsumræðunni og bregðist við vel rökstuddum tillögum og öðrum hugmyndum sem eru í brennidepli hverju sinni.**

Óhjákvæmilegt er að tillögur sem koma frá samtökum í atvinnulífinu og launþegahreyfingunni séu vegnar og metnar í ljósi hagsmunagæslu þeirra í þjóðfélaginu. Hinir fyrrnefndu hljóta fyrst að líta til þess hvernig tillögurnar koma við hag atvinnulífsins. Hinir síðarnefndu velta fyrir sér kaupmætti launafólks innan sinna raða. Ekki er þar með sagt að þar á milli sé nauðsynlega árekstur en áherslurnar eru eðlilega mismunandi.

Af þessum sökum er horft til þess hvernig stjórnmálaflokkarnir, sem eiga að hafa almannahagsmuni að leiðarljósi, bregðast við hugmyndum af þessu tagi og vinna úr þeim. Á endanum eru það auðvitað alþingismenn sem ráða því hvernig löggjöfin í landinu er. En það er í þessu sambandi umhugsunarefni að uppsprettur nýrra hugmynda virðast æ sjaldnar vera hjá stjórnmálaflokkunum. Það er nokkurt áhyggjuefni. Lýðræðisskipulag okkar þar sem stjórnmálaflokkar skipa öndvegi byggir á því að þeir séu mótendur og hreyfiafl þeirra hugmynda sem löggjafarstarfið á Alþingi hverju sinni snýst um. Það kann að setja flokkunum takmörk í þessu efni að þeir hafa ekki á sínum snærum sérfræðimenntaða menn eins og hagsmunasamtökin, svo sem lögfræðinga og hagfræðinga. Stefnumótun stjórnmálaflokkanna byggir að mestu á framlagi sjálfboðaliða. Þó er á það að líta að flokkarnir hafa nokkurt fé til ráðstöfunar frá stjórnvöldum en þeir virðast fremur kjósa að nýta það í þágu innra flokksstarfs og kynningarmála, það er áróðurs og spuna. Hugmyndavinna og sérfræðileg athugun situr á hakanum.

Vel má vera að stjórnmálaflokkarnir hafi vegna þjóðfélagsbreytinga ekki lengur aðstöðu og afl til að skapa og móta nýjar hugmyndir eins og fyrr á árum og séu því oftar viðtakendur þeirra en höfundar. En á meðan hið pólitíska kerfi í landinu byggir á flokkunum verður að minnsta kosti að gera þá kröfu til stjórnmálamanna að þeir fylgist vel með þjóðfélagsumræðunni og bregðist við vel rökstuddum tillögum og öðrum hugmyndum sem eru í brennidepli hverju sinni. Stjórnmálaflokkarnir geta ekki látið tillögur af því tagi sem Verslunarráðið hefur kynnt sem vind um eyru þjóta. Eftir viðbrögðum þeirra verður tekið. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Merkiskarlar ekki mærðir



Fjórir ungir sagnfræðinemar, Bergsteinn Sigurðsson, Hilma Gunnarsdóttir, Jón Þór Pétursson og Magnús Þór Snæbjörnsson, hafa hleypt af stokkunum nýju vefriti sem þeir nefna Kviksögu. Ætlunin er að fjalla um sögu og sögur í sem víðasta samhengi: „Efni vefritsins skal vera kvikt. Með því er átt við andstæðu þess andlega dauða sem annars er ríkjandi í söguumfjöllun. Hér verða löngu dauðir hvítir merkiskarlar ekki mærðir eða rifist um það hver þeirra hafi átt mestan þátt í því að gera Ísland að þeirri paradís sem það er. Ekki verður hvatt til þess að stofna fleiri söfn eða reisa stærri styttur. Ekki verður haldið upp á aldarafmæli stórskálda né merkisatburða í sögu þjóðarinnar. Hér verða einungis sagðar sögur. Sögur af sögum og sögur um sögu“.

### Skýjaborgir

En „löngu dauðir hvítir merkiskarlar“ eiga sína málsvara. Einn ritstjórnarmanna Kviksögu, Jón Þór Pétursson, gagnrýnir í því sambandi vefritið, Skýjaborgir, sem tileinkað er skáldinu og athafnamanninum Einari Benediktssyni. Jón Þór skrifar: „Ljóð skáldsins eru birt með reglulegu millibili en oftast er lítil tilraun gerð til að greina skáldskap hans. Ég geri þó engar sérstakar athugasemdir við það heldur tel ég í lagi að ljóð hans standi einsömul og lesendum látið eftir að túlka. Þannig finnst mér verk hans, sem margir hafa uppi í hillu hjá sér, skipta mestu máli þegar rætt er um hvernig eigi að minnast Einars Benediktssonar. Ritstjórar Skýjaborga gátu þó ekki látið þar við sitja því að stórfengleg persóna á borð við Einar Benediktsson ætti skilið stórfenglega minningu. Það er því ekki nóg að Einar sé annar tveggja sem hvíla í heiðursgrafreitnum á Þingvöllum og stytta hafi verið reist af honum á Miklatúni. Auk þess hefur sagnfræðingurinn Guðjón Friðriksson ritað þriggja binda ævisögu um skáldið góða. Ritstjórar eru óhressir með að styttan sé „illa staðsett, ómerkt og borginni til skammar“ og leggja síðan áherslu á að reist verði veglegt safn um skáldið og vegur hans aukinn í skólakerfi Íslendinga“.

gm@frettabladid.is

## Aðbúnaður Þjóðskjalasafnsins

UMRÆÐAN

ÞJÓÐSKJALASAFN OG ÞJÓÐMENNINGARHÚS



BRAGI ÞORGRÍMUR ÓLAFSSON
SAGNFRÆÐINGUR

Neðarlega á Hverfisgötunni stendur eitt virðulegasta hús landsins, Þjóðmenningarhúsið. Húsið var reist á árunum 1906-1908 og hýsti helstu söfn þjóðarinnar fram eftir tuttugustu öldinni; Landsbókasafn, Þjóðskjalasafn, Náttúrugripasafn og Þjóðminjasafn.

Með tímanum stækkuðu þessi söfn, þurftu aukið rúm og fluttu úr húsinu eitt af öðru. Árið 1996 samþykkti ríkisstjórnin tillögu Björns Bjarnasonar, þáverandi menntamálaráðherra, um að húsið yrði gert að Þjóðmenningarhúsi, sýningarhúsi fyrir ýmsar gersemar þjóðarinnar tengdar sögu þess, stjórnskipan og bókmenntaarfi. Hafist var handa við miklar viðgerðir og endurbætur á húsinu og lögð var áhersla á að allar breytingar og lagfæringar yrðu sem vandaðastar. Í apríl 2000 opnaði svo húsið á ný og var þá orðið afar glæsilegt. Öll aðstaða Þjóðmenningarhússins er til fyrirmyndar. Gestir hússins geta geymt yfirhafnir sínar í fatageymslu vaktaða með öryggismyndavélum, labbað um bygginguna undir leiðsögn og skoðað sýningarnar þar sem meginþemað er saga og menning þjóðarinnar, sjálfstæði landsins, stjórnskipan og bókmenntir. Hægt er að kaupa ýmsa muni í minjagripaverslun, til dæmis bækur, kort og íslensk handverk. Þá var sett lyfta í húsið til að auka aðgengi um bygginguna. Veitingastofan er rekin er af rómuðum matreiðslumeistara og þar er hægt að tylla sér niður og horfa yfir Arnarhól og gæða sér á léttum réttum, súpu, fiski, bökum, kaffi, kökum og brauði sem er bakað á staðnum og lögð er áhersla á góða þjónustu og fyrsta flokks hráefni eins og kemur fram á heimasíðu veitingaaðilans.

Ef haldið er upp Hverfisgötuna og farið rétt fram hjá Hlemmi, má sjá stórt hús sem áður hýsti Mjólkurstöðina. Þar er Þjóðskjalasafn nú til húsa. Í geymslum safnsins er mikið skjalamagn, rúmlega 30 kílómetrar af skjölum frá ýmsum ríkisstofnunum og embættum. Safnið sækja bæði fræðimenn og almenningur; fræðimenn vinna með söguleg gögn frá ýmsum stofnunum þjóðarinnar, almenningur leitar gagna um uppruna sinn, réttindamál og fleira.

Aðstaða gesta er nokkuð ólík þeirri sem er í Þjóðmenningarhúsinu. Lestrarsalur safnsins er í gamalli ísbúð, hulinn síðum, skræpóttum gardínum. Í raun hefur húsnæðið ekki mikið breyst frá því að ísbúðin lokaði um miðjan níunda áratuginn. Við inngangsgluggann er enn þá appelsínugulur upplitaður límmiði sem á stendur „inn“ frá dögum búðarinnar. Í gólfinu má sjá móta fyrir festingum frá afgreiðsluborði búðarinnar og allt fyrirkomulag á salnum ber þess merki að lítið hafi verið gert til að breyta ísbúðinni á lestrarsal. Gestir safnsins geta geymt yfirhafnir sínar í óvöktuðu fatahengi á bak við þil sem opið er öllum. Inni í sjálfum salnum eru nýleg lesborð, en í mörg ár voru þau samansett úr einföldum spónaplötum sem hvíldu á búkkum og héldu misgóðu jafnvægi. Stólarnir skrölta á flísalögðu gólfinu og festast í raufunum. Um salinn ómar ískur frá handknúnum filmuvélum sem eru bókstaflega komnar á síðasta snúning. Á veturna verður oft kalt í salnum og þá er æskilegt fyrir gestina að vera vel klæddir. Engin kaffistofa var á lessalnum til skamms tíma. Nú er þó hægt að tylla sér niður í bakherbergi sem er búið að breyta í kaffistofu þar sem er að finna borð og tvo stóla. Ekkert er þó útsýnið, aðeins einn byrgður gluggi. Ef gestir safnsins vilja fá sér veitingar er hægt að kaupa sér skyndibita í Snælandsvídeo stutt frá. Þar er hægt að kaupa sér pulsur, samlokur og fleira af grillinu. Ef fólk vill taka sér hlé frá skjalalestrinum þá er hægt að setjast í annan hvorn stólinn á kaffistofunni eða bregða sér út fyrir í umferðarniðinn af Laugaveginum í nokkurra metra fjarlægð. Best er að hafa sem fæst orð um snyrtiaðstöðu gestanna. Þá er aðgengi um lestrarsalinn ekki eins og best er á kosið. Fólk í hjólastólum ætti reyndar að komast leiðar sinnar, en þegar flytja á skjöl safnsins úr geymslum þess og inn á lestrarsal, þarf að fara með þau undir bert loft, niður brekku sem mjólkurbílarnir fóru um áður fyrr, og inn á lestrarsalinn, því ekki er innangengt á milli lestrarsalar og annarra hluta hússins.

Ljóst er að Þjóðskjalasafn Íslands hefur ekki fengið næga fjármuni til að opna sómasamlegan lestrarsal fyrir almenning. Starfsfólkið sjálft hefur bent á þetta, til dæmis í blaðagrein í Morgunblaðinu í september 2001, þar sem kemur fram að skjalageymslur safnsins og lestrarsalur fyrir almenning séu í skammarlegum ólestri. Til dæmis sé einungis hluti af skjölum safnsins varðveittur í eldvörðum skápum, mestur hluti safnsins sé í lagerhillum eða í hrúgum á vörubrettum. Starfsfólkið lýsti áhyggjum sínum af skilningsleysi stjórnvalda varðandi varðveislu á rafrænum skjölum ríkisstofnana. Í apríl 1989 samþykkti stjórn Sagnfræðingafélags Íslands ályktun þar sem ríkisstjórnin var hvött til að útvega Þjóðskjalasafni viðunandi rekstrarfé og ganga endanlega frá húsnæði safnsins. Sextán árum síðar virðist staða safnsins enn óbreytt.

Sú spurning hlýtur óhjákvæmilega að vakna hvort stjórnvöld ættu ekki leggja meiri áherslu á grasrótina þar sem fræðimenn og almenningur eru að vinna með heimildir um sögu þjóðarinnar, og veita meira fé til Þjóðskjalasafns – þó ekki væri til annars en að setja upp sómasamlegan lestrarsal fyrir gesti safnsins?

*Höfundur er í stjórn Sagnfræðingafélags Íslands. Lengri gerð þessarar greinar birtist á vefritinu kviksaga.is* ■







SKOÐANIR OG UMRÆÐUR Á VISIR.IS

vísir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Er vegið að ímynd karlmanna?

UMRÆÐAN
AUGLÝSINGAR UMFERÐARSTOFU



EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON

**Við karlmenn eigum að sýna ábyrgð með því að horfast í augu við þessa staðreynd og verða hvað þetta varðar jafnfætis konum ef ekki betri.**

Í Fréttablaðinu 3. febrúar sl. skrifar Ottó Sverrisson grein og segir að vegið sé að ímynd karlmanna í auglýsingum sem Umferðarstofa hefur birt að undanförnu. Að auglýsingarnar dragi upp þá mynd af körlum að þeir séu ekki hæfir til uppeldis barna sinna. Það er mjög leitt að upp sé kominn þessi misskilningur. Satt best að segja höfðu aðstandendur auglýsinganna aldrei hugleitt það að mögulegt væri að skilja auglýsingarnar á þennan hátt. Það er hrein og klár tilviljun að karlmenn eru í hlutverki foreldris í þessum tilfellum. Það hefur aldrei vakið fyrir Umferðarstofu að ýta undir þá skoðun að körlum sé ekki treystandi við umönnun barna sinna. Því miður er oft reynt að etja kynjunum saman í umræðu um umferðarmál, sem meðal annars hefur komið fram í umræðum um að konur eigi erfiðara með að leggja í bílastæði og að lengd vísifingurs og baugfingurs á konum hafi þar einhver áhrif. Með slíkri bábilju er ekki verið að vinna umferðaröryggi gagn. Samkvæmt rannsóknum og tölfræði slysaskráningar er ljóst að við karlmenn brjótum oftar umferðarlög, ökum hraðar og notum síður bílbelti en konur. Því miður liggur það líka fyrir að þegar öryggi barna í bílum er kannað, sem gert er árlega fyrir utan leikskóla, kemur í ljós að algengara er að börnin séu laus þegar karlar sitja við stýrið. Við karlmenn eigum að sýna ábyrgð með því að horfast í augu við þessa staðreynd og verða hvað þetta varðar jafnfætis konum ef ekki betri. Þessar staðreyndir voru samt ekki hafðar til hliðsjónar við kynjaval einstaklinga í auglýsingunum. Í auglýsingunum er verið að sýna foreldra við fáránlegar aðstæður, hafandi í frammi glæpsamlega hegðan. Það er jafn alvarlegt að á hverjum degi ekur fólk án bílbelta og við athuganir sem Umferðarstofa hefur gert hefur komið í ljós að u.þ.b. 12% barna eru nánast varnarlaus í bílum. Það skiptir ekki máli hvers kyns foreldrið er. Það sem skiptir máli er að foreldrar líti sér nær og ef einhver móðir eða faðir tekur óþarfa áhættu, hvað varðar öryggi sjálfs síns og barna sinna, þá er tilgangurinn sá að fá þau til að láta af slíkri hegðan. Að lokum skal þess getið að hrein tilviljun réði því að aðstandendur þessara auglýsinga voru nær eingöngu karlmenn sem okkur er ekki kunnugt um að beri neinn kala til kynbræðra sinna.

*Höfundur er upplýsingafulltrúi Umferðarstofu.* ■

"Frábært verk, frábær sýning!"

TENÓRINN
Í
IÐNÓ



*"Það er skemmst frá því að segja að Tenórinn er ein sú besta skemmtun í leik og söng sem gagnrýnandi minnist að hafa séð. (Guðmundur) er óborganlega fyndinn og syngur hreint dásamlega."*
***Bergþóra Jónsdóttir Mbl.***

*"Tenórinn (…) er rós í hnappagat höfundar, leikstjóra og flytjenda."*
***Þorgeir Tryggvason Mbl.***

*"… reglulega ánægjulegt að fá að sjá þennan reynda og þrautþjálfaða leikara njóta sín svo vel sem raun ber vitni …"*
***Halla Sverrisdóttir DV.***

*"Frábært verk, frábær sýning! Besta íslenska sýningin sem ég hef séð í mörg ár. Frábærlega skrifað verk."*
***Stefán Sturla Rás 2***

Miðasala í síma 562 9700

IÐNÓ
www.idno.is

**Sýningar**
**Sun. 13. feb. kl. 20 örfá sæti**
**Sun. 20. feb. kl. 20 örfá sæti**
**Sun. 27. feb. kl. 20 laus sæti**

Tjarnarbakkinn
restaurant

» FASTUR PENNI
birta

**MEIRIHÁTTAR** *MIÐVIKUDAGAR* – á **SKJÁ**EINUM

**17:45 Bingó** ⓔ
Villti tryllti Villi talaði þýsku við aðstoðarmanninn sem týndi móðurmálinu í átökunum um helgina. Fjölskylda frá Ólafsvík hreppti aukabingóvinning kvöldsins; utanlandsferð fyrir fjóra til Mallorka og heppinn M.H.-ingur fékk afhenta vel notaða glæsikerru. Hviss Bamm Búmm... er BINGÓ í húsinu þínu?

**18:30 Innlit/útlit** ⓔ
Baðherbergið sem Þórunn, Sesselja og Katrí voru að gera upp er tilbúið og spennandi að sjá útkomuna. Vala skoðaði nýjustu hönnun Rutar Kára, Þórunn hitti Jónsa í nýju íbúðinni og Guðrún Möller sýnir barnaherbergi. Vala heimsótti Birgi Örn sem hefur verið að breyta íbúðinni sinni í beinni á Netinu en íbúðin er loksins tilbúin.

**19:30 Borðleggjandi með Völla Snæ** ⓔ
Heimamenn aðstoðuðu Völla við að veiða landkrabba og korkskel og sýna áhorfendum galdurinn við eldamennskuna. Skemmtilegur þáttur fyrir sælkera af öllum stærðum og gerðum.

**20:00 Fólk með Sirrý – í beinni**
Fórnarlömb umferðarslysa og aðstandendur þeirra segja sögu sína. Lárus Kjartansson missti ungan og efnilegan son sinn í „prufuakstri" og Aðalbjörg Guðgeirsdóttir hefur verið í hjólastól frá því hún lagði sig í aftursæti bíls án bílbeltis þegar hún var um tvítugt. Fjöldi fólks í beinni útsendingu.



**21:00 CSI: New York – nýtt**
Frábærir systurþættir CSI og CSI: Miami, sem gerast í New York og eru að margra mati þeir bestu. Melina Karakaredes úr Providence og Gary Sinise leika aðalhlutverk.

Sýningar á nýrri þáttaröð af America´s Next Top Model hefjast miðvikudagskvöldið 16. febrúar.

**22:00 The Mountain**
Á viljanum einum saman byggði David Carver upp glæsilegustu og stærstu skíðaparadís landsins, sem nú má muna sinn fífil fegri. Þegar hann deyr kemur hann fjölskyldunni í opna skjöldu með því að ánafna hinum uppreisnagjarna David yngri veldi sitt. Sonurinn hafði ungur yfirgefið heimili sitt til þess að koma undir sig fótunum upp á eigin spýtur og þegar hann snýr aftur til að taka við arfleifðinni efast fjölskyldan um að hann ráði við verkefnið. Áhrifamikið og heillandi fjölskyldudrama um ástir og örlög, auð og völd og svik og pretti. Með aðalhlutverk fara Barbara Hershey og fl.

**22:45 Jay Leno**
Vinsælasti spjallþáttastjórnandi í heimi tekur á móti fína og fræga fólkinu.

**23:30 Judging Amy** ⓔ
Ignacio heldur áfram að hanna unaðsreit Maxine og Kyle ákveður að horfast í augu við sjálfan sig. Amy fær póstkort frá David sem vekur fleiri spurningar en svör og blöskrar afskiptasemi samstarfsfólks af ástum þeirra Davids. Lauren er á lokasprettinum að breytast í ungling.

**00:15 Óstöðvandi tónlist**




Fíton/SÍA F011725

ALLT SEM ÞÚ ÞARFT!

www.s1.is

# Virðing er forsenda árangurs í námi

INGIBJÖRG HANNESDÓTTIR
GRUNNSKÓLAKENNARI
SKRIFAR UM FORELDRA OG KENNARA

**Ekki er þörf á heilum félagasamtökum foreldra til að verja hagsmuni barna fyrir kennurum, heldur ættu slík samtök frekar að fara fyrir með góðu fordæmi í orði og æði og sýna vinnustað barna sinna tilhlýðilega virðingu.**

Virðing er forsenda árangurs í námi. Jákvæður agi í kennslu byggir algerlega á virðingu. Allt sem lýtur að því að minnka þessa virðingu gerir mér sem kennara erfitt fyrir í starfi og lætur skjólstæðingum mínum, börnunum, þar með líða ver í sínu daglega vinnuumhverfi.

Þess vegna kemur það úr hörðustu átt þegar þeir sem telja sig vera málsvara barna á almennum vettvangi viðhafi niðrandi og virðingarlaus ummæli um kennara og kjarabaráttu þeirra, eins og Bergþóra Valsdóttir, framkvæmdastjóri SAMFOK, sambands foreldrafélaga og foreldraráða í grunnskólum Reykjavíkur, gerði hér í viðtali á síðum Fréttablaðsins föstudaginn 21. janúar síðastliðinn.

Bergþóra túlkar neitun borgarráðs um að greiða kennurum ekki laun fyrir endurskipulagningu námsskrár vegna áhrifa verkfalls þannig: „Þið hafið draslað til í herberginu ykkar og fáið ekki borgað fyrir að taka til!“ Í sjónvarpsviðtali við Bergþóru í lok kennaraverkfalls kom einnig fram að hún áliti það vera sigur barnanna að kennarar voru nauðugir sendir aftur inn í skólana samningslausir!

Þessi ummæli eru algjörlega ósæmandi framkvæmdastjóra samtaka á borð við SAMFOK. Vonandi horfa foreldrar ekki almennt svona á málið. Ummælin lýsa þar að auki djúpu virðingarleysi fyrir starfi kennarans og vinnuumhverfi barnanna. Hvernig eiga börnin að bera virðingu fyrir vinnustað sínum til tíu ára ef þetta eru línurnar sem lagðar eru?

Foreldrar og kennarar eru ekki andstæðingar, heldur samherjar. Ekki er þörf á heilum félagasamtökum foreldra til að verja hagsmuni barna fyrir kennurum, heldur ættu slík samtök frekar að fara fyrir með góðu fordæmi í orði og æði og sýna vinnustað barna sinna tilhlýðilega virðingu.

Akkilesarhæll kennara í kjarabaráttu hefur alltaf verið virðing fyrir þörfum skjólstæðinga sinna. Það er ástæðan fyrir því að einungis 1–2 dagar voru notaðir til að mótmæla lagasetningu stjórnvalda á verkfallið, en ekki fjöldauppsagnir og tómir skólar um miðja vorönn!

Foreldrar ættu að virða það að kennarar vinna vinnu sína vel og faglega þrátt fyrir að vera óánægðir með kjör sín. Þetta gera kennarar eingöngu af virðingu og væntumþykju við skjólstæðinga sína, börnin.

Hvernig væri að foreldrar sýndu börnum sínum sömu virðingu og væntumþykju með því að tala ekki niður til þeirra sem börnin þeirra eiga að virða? ■

# Leiðtogaræði og íslensk stjórnmál

UMRÆÐAN
STJÓRNARHÆTTIR



EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON
STJÓRNMÁLAFRÆÐINGUR

Íslensk stjórnmál einkennast í síauknum mæli af leiðtogaræði, leiðtogar stjórnarflokkanna ráða núorðið nokkurn veginn því sem þeir vilja. Bæði fagráðherrar sem og þingmenn stjórnarflokkanna dansa svo eftir höfði leiðtoganna. Það getur nefnilega verið dýrkeypt að setja sig upp á móti vilja þeirra. Líklega er þetta ekki einskorðað við núverandi stjórnarflokka sem hafa þó verið ansi þaulsetnir við völd og snúist í ráðherrastólum sínum vel á annan áratug. Líklega er þetta hluti af almennri þróun stjórnmálanna hér á landi. Í öllum lýðræðisríkjum er reynt að takmarka möguleika valdhafanna að misnota það vald sem almenningur felur þeim tímabundið. Algengast er að reynt sé með einhverjum hætti að aðgreina þrjá þætti ríkisvaldsins; löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdavald. Þessi aðgreining hefur alla tíð verið veik á Íslandi. Og í seinni tíð hefur framkvæmdavaldið sífellt styrkt sig í sessi á kostnað hinna þáttanna tveggja. Er svo komið að stjórnarhættir á Íslandi líkjast leiðtogaræði í síauknum mæli. Þetta er æði hættuleg þróun, enda er þá ansi stutt í fáræði í stað raunverulegs lýðræðis.

Framan af, frá endurreisn Alþingis á nítjándu öld, var þingið sterkt á Íslandi enda þróaðist það á undan framkvæmdavaldinu, sem kom ekki inn í landið fyrr en með fyrsta ráðherranum árið 1904. Hér á landi var því ekki aðeins þingræði í merkingunni að ríkisstjórn gæti ekki setið í óþökk meirihluta þings, heldur einnig í þeirri merkingu að landstjórnin var að miklu leyti í höndum þingsins. Lengi vel var dómsvaldið einnig afskaplega veikt en styrktist smám saman eftir því sem stjórnarfar þroskaðist, en umdeildar ráðningar dómsmálaráðherra (sem nota bene situr einnig á löggjafarþinginu), í dóminn undanfarið vekja upp tortryggni um sjálfstæði dómsvaldsins. Eftir því sem ráðherrum hefur fjölgað hefur framkvæmdavaldið sífellt sótt í sig veðrið svo íslenska stjórnkerfið fær smám saman á sig einkenni ráðherraræðis sem birtist í því að einstaka ráðherrar verða óhemju valdamiklir í eigin málaflokki og geta svo gott sem makkað með það að vild, svo framarlega sem það er innan laga og ekki í hrópandi mótsögn við meginstefnu ríkisstjórnarinnar. Þótt færri svið samfélagsins heyri með beinum hætti undir ríkisvaldið en áður, hefur þróunin undanfarið samt sem áður verið í átt til leiðtogaræðis, þar sem formenn stjórnarflokkanna véla um sífellt fleiri mál sín á milli án mikils samráðs við félaga sína í ríkisstjórn eða þingmenn flokkanna, hvað þá að stjórnarandstaða komi nokkurn tíma að málum. Ákvörðunin um pólitískan stuðning Íslands við innrásina í Írak er gott dæmi um þetta.

Ein ástæða þróunar í átt að leiðtogaræði er sú að formenn stjórnmálaflokkanna hafa nánast fengið ægivald innan flokka sinna, hafa örlög þingmanna sinna svo gott sem í höndum sér. Formennirnir eru nánast einráðir um hverjir veljast í ráðherraembætti, þótt þingflokkur þurfi yfirleitt að staðfesta það formlega, og svo hvort óbreyttir þingmenn flokksins fá aðrar vegtyllur eins og formennsku í nefndum eða sæti í stjórnum utan þings. Þetta leiðir til þess að þingmenn og ráðherrar flokkanna þora ekki að hafa sig í frammi gegn formanni sínum af ótta við að lenda á köldum klaka – eins og nýleg dæmi sanna. Þeir sem hlaupa útundan sér, eins og það er gjarnan kallað, eru um leið settir á pólitískan ís. Leiðtogaræðið er semsé ekki aðeins í stjórnkerfinu heldur einnig innan flokkanna, því engin takmörk eru á hversu lengi formenn flokkanna geta setið á formannsstóli. Því er eins gott fyrir óbreytta þingmenn að falla ekki úr náðinni.

Ein leið til að sporna við síaukinu leiðtogaræði er að takmarka þann tíma sem menn geta setið við völd, bæði til að tryggja endurnýjun og ekki síður til að takmarka völd leiðtoganna. Með slíkum hætti er ekki jafn áhættusamt fyrir ósátta samstarfsmenn að vera í andstöðu við leiðtogann því þeir hafa þá möguleika á að bíða hann af sér, vita að hann mun ekki sitja endalaust við völd.

Enn fremur veit leiðtoginn þá að hann mun þurfa að stíga niður og þarf því að eiga gott samstarf við samflokksmenn sína, vilji hann halda áfram í stjórnmálum að tímabili sínu loknu. Bandaríkjamenn hafa farið þá leið að skilja algjörlega milli valdþáttanna, framkvæmdavaldið er kosið sérstaklega og forsetinn getur aðeins setið í tvö kjörtímabil, fer þá út ásamt ráðherrum sínum og pólitískum aðstoðarmönnum. Auðvelt er að setja þá reglu hér á landi að ráðherrar sitji ekki lengur en tvö kjörtímabil samfellt við völd. Sem er feikinóg. Með því móti ætti ásjóna valdsins að verða önnur og hyggilegri en nú er. Stjórnmálaflokkarnir ættu líka að taka upp slíkt fyrirkomulag sjálfir, til að mynda að setja þá einföldu reglu að formaður geti lengst setið í átta ár við völd, það er; í tvö kjörtímabil.

Lengri valdaseta er hvort eð er óþörf. Samfylkingin ætti að móta slíka stefnu á landsfundi sínum í vor. ■

# Fyrstu skref til lýðræðis

UMRÆÐAN
RÚSSLAND OG LÝÐRÆÐI



GUÐMUNDUR ÓLAFSSON
HAGFRÆÐINGUR

**Margir gera því skóna að rússneskt lýðræði sé ekki nógu líkt því vestræna og þróist ekki í sömu átt. Rússland er nú að ganga í gegnum mestu byltingu í sögu sinni, Rússar hafa sagt skilið við lögleysu og harðstjórn keisara og kommúnista. Í fyrsta skipti í sögu þessa mikla ríkis býr fólk við lögræði, þó vitaskuld gallað sé.**

Þrír valinkunnir menn hafa nýlega kvatt sér hljóðs á opinberum vettvangi því þeir hafa miklar áhyggjur af þróun lýðræðis í Rússlandi. Þetta eru frú Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Ólafur Hannibalsson og Guðmundur Andri Thorsson. Skoðanir þessa fólks eru með eindæmum líkar, en þó eru þeir Guðmundur Andri og Ólafur meira sammála en dæmi eru um, því greinar þeirra um málið í Fréttablaðinu á laugardag og mánudag eru gersamlega eins. Leyfi ég mér að gera eftirfarandi athugasemdir af þessu tilefni.

**1.** Margir af ríkustu mönnum heims eru landflótta Rússar, sem sölsað hafa undir sig eignir rússnesku þjóðarinnar, svikið undan skatti milljarða dollara (Guzinskií, Berezovskií ) og svarið þess dýran eið að hefna sín á Pútín og hyski hans, sem reynt hefur að stemma stigu við þessari ósvinnu. Talið er að þeir eyði óhemju fé til þess að kosta ófrægingarherferð gegn stjórn Pútíns, bæði alþjóðlega og innan Rússlands. Margir minni spámenn verða fórnarlömb þessa þunga áróðurs.

**2.** Sumt af þessum skrifum er komið frá blaðamönnum í Rússlandi sem líta á það sem sérstakt hlutverk sitt að tala illa um stjórnvöld. Þeir eru óvanir frelsi í skrifum og finnst ekki matur í neinu nema það sé óhróður um eigið land, hólgreinar um stjórnvöld eru álitin afturhvarf til sovétsins (Sjá til dæmis greinar Júlíu Latínínu í Moscow Times, sem er að ýmsu öðru leyti góður blaðamaður). Þessi staðreynd er einmitt merki þess að í Rússlandi leyfist mönnum að skrifa það sem þeim sýnist, þó svo það sé misvinsælt eins og gengur.

**3.** Margt af því sem fram kemur í þessum skrifum virðist komið frá þeim sem töpuðu í síðustu þingkosningum. Þetta er áróður af sama tagi og við eigum að venjast hér heima í tengslum við Kárahnjúka, fólk sem ekki getur sætt sig við lýðræðið, sættir sig ekki við lýðræðislegar ákvarðanir eftir settum reglum og halda áfram að ófrægja stjórnvöld, til dæmis á erlendum vettvangi, þrátt fyrir að stjórnvöld fylgi settum lýðræðislegum reglum í hvívetna. Þetta mætti kalla skort á lýðræðisþreki.

**4.** Fundið er að því að starfsmenn úr her og lögreglu eigi nú greiðan aðgang að völdum og áhrifum í Rússlandi. Ástæðan er ekki síst sú að meðal lögreglumanna og hermanna í Rússlandi er þó fína hæfustu og þjálfuðustu menn til stjórnunarstarfa sem völ er á. Í sovéska lögreglurikinu voru og lögreglumenn að sumu leyti í sömu stöðu og lögmenn á Vesturlöndum, sem raða sér mjög til forystu í stjórnmálum og stjórnunarstarfum þar. Að nákomnir menn æðsta valdhafa raði sér í áhrifastöður er því miður ekki sérstakt merki um rússneskt ólýðræði, þetta er ekki síður alþjóðlegt og alíslenskt vandamál, því miður.

**5.** Eftir ódæðið í Beslan er flestum orðið ljóst að nafngiftin „aðskilnaðarsinni“ eða „baráttumenn frelsis“ um hryðjuverkamenn í Tzésníu er ekki boðlegt. Það er því fjarstæða að halda því fram að barátta Rússlandsstjórnar gegn þessum illvirkjum sé merki um ólýðræði, þvert á móti. Hinu er hins vegar ekki að leyna að öryggisráðstafanir vegna manna á borð við Samíl Basaév geta skert frelsi manna um sinn, ekki síður en barátan gegn bandamanni hans Ósama bin Laden.

**6.** Margir gera því skóna að rússneskt lýðræði sé ekki nógu líkt því vestræna og þróist ekki í sömu átt. Rússland er nú að ganga í gegnum mestu byltingu í sögu sinni, Rússar hafa sagt skilið við lögleysu og harðstjórn keisara og kommúnista. Í fyrsta skipti í sögu þessa mikla ríkis býr fólk við lögræði, þó vitaskuld gallað sé. Venjulegur eignaréttur með veðbók og veðbókanda er ekki nema liðlega tíu ára gamall. Í villta vestrinu var byssubófinn gerður að sheriff. Í Evrópu voru þjóðvegaræningjar gerðir að verslunarráði. Þessi þróun tók árhundruð, Rússar hafa fengið 10 ár. Dæmum því af hófsemd. Hver segir svo að vestrænt lýðræði sé eftirsóknarvert í öllum greinum?

Þetta eru athugasemdir sem ég vil gera við grein þeirra tvíhöfðunga, Ólafs og Guðmundar Andra. Ég bið lesendur að taka sérstaklega eftir því, að mér dettur ekki í hug að segja að stjórnarfar í Rússlandi sé til fyrirmyndar. Sterkur leiðtogi sem vinnur stóran og öruggan sigur í lýðræðislegum kosningum og nýtir síðan vald sitt þess að koma á ýmsum breytingum með tilstuðlan réttkjörins þings er ekki merki um ólýðræði, þess háttar kerfi gæti verið alíslenskt. Svo verðum við líka að taka tillit til þess að Rússar eru kristin vinaþjóð og vinátta þeirra og Íslendinga er mikilvæg. ■

**Aths. ritstj.** *Vegna orða greinarhöfundar skal tekið fram að laugardagsgrein Ólafs Hannibalssonar um Rússland var fyrir mistök endurbirt í blaðinu á mánudag undir nafni Guðmundar Andra Thorssonar.*

# Hvað er Félag leiðsögumanna?

PÉTUR SIGURÐSSON OG SÓLRÚN JÓNSDÓTTIR
LEIÐSÖGUMENN
SKRIFA UM LEIÐSÖGUMANNAFÉLAGIÐ

Félag leiðsögumanna er það stéttarfélag á Íslandi er semur um laun og önnur kjör þeirra sem vinna við leiðsögn ferðamanna í landinu. Vinnuveitendur greiða þessu félagi ýmis gjöld, svo sem í sjúkrasjóð, endurmenntunarsjóð og í félagssjóð. Þessi gjöld eru tekin af flestum sem vinna við leiðsögustörf, hvort sem þeir eru formlega meðlimir í þessu félagi eða ekki. Þetta fyrirkomulag hefur viðgengist um margra ára skeið, og út af fyrir sig lítið um það að segja ñ ef þeir sem látnir eru skila þessum gjöldum hefðu full réttindi á móti.

Stjórn félagsins mun hafa verið tjáð af ASÍ að félaginu væri skylt að veita öllum sem að staðaldri starfa við leiðsögn ferðafólks og sem skila gjöldum sínum í sjóði félagsins inngöngu með fullum félagslegum réttindum. Einhverjir tilburðir munu hafa verið viðhafðir á síðasta aðalfundi félagsins í ársbyrjun 2004. Í lögum þess er síðan skýrt kveðið á um að allir sem vinna við leiðsögn eigi rétt á inngöngu í Félag leiðsögumanna, greiði fast árgjald, 1% í félagsgjald af launum sínum, 0,25% í endurmenntunarsjóð og 1,5% í sjúkrasjóð. Nú hafa nokkrir einstaklingar reynt að ganga í félagið undanfarið, eða jafnvel í einhverjum tilvikum eru sagðir vera í félaginu samkvæmt bréfi stjórnarinnar, en þeim er meinað að greiða nefnt árgjald og fá ekki að kaupa merki félagsins. Samkvæmt lögum félagsins er þeim hins vegar skylt að ganga með slíkt merki við vinnu sína. Í staðinn mun hafa verið komið á fót einhverskonar fagfélagi eða deild sem mun ætlað að verða eins konar félag í félaginu, fá sérstakt árgjald frá þeim sem hafa gengið Birnubrautina, þ.e. það sem kallað er Leiðsöguskóli Íslands og er innan veggja Menntaskólans í Kópavogi.

Þeir sem hirða peninga af fólki án þess að nokkuð komi í staðinn eru á íslensku kallaðir þjófar og þeir sem eru með þeim, en hreyfa ekki mótmælum gegn slíku atferli þjófsnautar. Við erum orðin mörg sem um langt árabil höfum greitt tugi þúsunda króna, jafnvel á ári, í sjóði þessa félags, án þess að hafa notið þar nokkurra réttinda. Félagsmenn þessa félags hafa heldur ekki séð sóma sinn í að breyta þessu, hætta að halda fjölda fólks, starfandi leiðsögumanna, utangarðs á sama tíma og greiðslur þess hafa runnið í sjóðina og nýst öðrum félagsmönnum. Félagið réð sér sérstakan starfsmann snemma á árinu, hina landskunnu Þórörnu Jónasdóttur, sem fræg er að endemum frá síðasta kennaraverkfalli. Hún glotti framan í alþjóð og lýsti því yfir að ekki væri unnt að veita foreldrum fjölfatlaðra barna undanþágu frá verkfallinu, en þessi börn munu hafa verið færri en félagsmenn Félags leiðsögumanna. Þau voru e.t.v. jafn mörg og þeir sem undanfarna áratugi hafa verið að greiða í sjóði Félags leiðsögumanna fyrir ekki neitt. Er ekki kominn tími á það að stofna alvöru stéttarfélag leiðsögumanna á Íslandi þar sem fagleg vinnubrögð stéttarfélags verða látin vera í fyrirrúmi – en ekki fámennar eiginhagsmunaklíkur Birnubrautarinnar í Kópavogi? ■

BÓNUS-
VINNINGUR
19
MILLJÓNIR

# 120 milljónir

50+70
1. vinningur

NÝR OG STÆRRI
JÓKER
2 MILLJÓNIR
Í FYRSTA VINNING

# 2Xfleiri
## vinna í Jókernum

Nú hafa vinningslíkurnar í Jókernum tvöfaldast og fyrsti vinningur hefur hækkað í tvær milljónir.

Náðu þér í Víkingalottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is og kipptu Jókernum með.

**Vertu með fyrir kl. 17.**

VÍKINGA LOTTÓ
Alltaf á miðvikudögum!

ENNEMM / SIA / NM15115

**BILL HALEY (1925-1981)**
lést þennan dag.



*„Við sleppum alveg öllu vafasömu og vöndum okkur mjög við textagerðina því við viljum ekki misbjóða neinum. Tónlistin er aðalatriðið og það er ekkert erfiðara að nota í texta orð sem öllum eru að skapi.“*

***Rokksveitin Bill Haley and the Comets var vinsæl á sjötta áratugnum og með fyrstu „hvítu“ sveitunum til að hljóðrita tónlist kennda við „vagg og veltu“. Helsti smellur sveitarinnar var Rock Around the Clock.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *McCarthy hóf nornaveiðar sínar*

Í dag er 55 ára afmæli herferðar bandaríska öldungadeildarþingmannsins Josephs R. McCarthy gegn kommúnisma.

Árið 1950 hélt McCarthy ræðu í Wheeling í Vestur-Virginíu þar sem hann sakaði yfir 200 starfsmenn utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna um kommúnisma. Hann veifaði plaggi sem átti að vera með nöfnum svikaranna. Tveimur dögum síðar skrifaði hann Harry Truman Bandaríkjaforseta bréf og sagðist hafa komið saman lista með 57 kommúnistum. 20. febrúar sama ár hélt hann svo sex tíma ræðu í þinginu þar sem hann vísaði til um 80 manna sem hann sagði vera kommúnista. Hann nafngreindi engan, en þó mátti þekkja fólkið. Í framhaldinu var sett á stofn undirnefnd til að kanna ásakanir McCarthys, en þá hafði listinn skroppið saman í 10 nöfn. Ásakanirnar voru ekki staðfestar, en margir misstu vegna þeirra vinnuna eða æruna.

McCarthy varð mjög vinsæll fyrir nornaveiðarnar sínar og þegar hæst stóð samþykktu 25 ríki Bandaríkjanna lög sem bönnuðu samtök kommúnista. Ekki fór að halla undan fæti hjá honum fyrr en hann beindi sjónum sínum að Bandaríkjaher. Almenningur snerist svo gegn honum eftir sjónvarpsyfirheyrslur yfir hermönnum sem hann sakaði um kommúnisma án þess að geta fært sönnur á mál sitt. Árið 1954 fékk McCarthy ávítur þingsins fyrir framgöngu sína. Hann hallaði sér að flöskunni og dó svo árið 1957.



**1950**
Joseph R. McCarthy hóf herferð sína gegn kommúnisma.

## MERKISATBURÐIR

**1788** Jósef II lýsir stríði á hendur Tyrklandi fyrir hönd Austurríkis.
**1849** Lýst er yfir stofnun lýðveldisins Rómar undir stjórn Giuseppe Mazzini.
**1962** Jamaica verður sjálfstætt þjóð innan breska samveldisins.
**1964** Bítlarnir koma fram í fyrsta sinn í beinni útsendingu í amerísku sjónvarpi í skemmtiþætti Eds Sullivan.
**1971** Jarðskjálfti í grennd við Los Angeles í Bandaríkjunum verður a.m.k. 64 að bana.
**1984** Maður með lambhúshettu rænir útibú Iðnaðarbankans í Breiðholti og kemst undan með 400.000 krónur.
**1991** Um það bil 90 prósent kjósenda í Litháen kjósa að rjúfa tengslin við Sovétríkin.

---




*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð, vináttu og hlýhug, við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,*

**Skarphéðins Jóhannssonar**
Garðvangi Garði áður Njarðvík.

**Þórdís Skarphéðinsdóttir, Álfheiður Skarphéðinsdóttir, Ólafur E. Þórðarson, Jensa S. Skarphéðinsdóttir, Wolfgang Quellmann, barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföðurs og afa,*

**Sigurjóns Oddsonar Sigurðssonar**
Holtateig 3, Akureyri.

Sendum einnig hlýjar kveðjur til starfsfólks heimahlynningar og lækna og starfsfólks lyfjadeildar FSA. Sérstakar þakkir fyrir kransa, blóm og samúðarkveðjur.

**Ester Bára Sigurðardóttir, Sólveig Sigurjónsdóttir, Sigurður Jónsson, Sigurður Sigurjónsson, Hildur Nielsen, Sævar Geir Sigurjónsson, Heiðdís Björk Helgadóttir og barnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Valgerður Þórðardóttir**
Funalind 13 Kópavogi,

verður jarðsungin í Kópavogskirkju föstudaginn 11. febrúar kl. 13:00.

**Guðni B. Guðnason, Gunnar Guðnason, Erna Olsen, Þórólfur Guðnason, Sara Hafsteinsdóttir, Guðni B. Guðnason, Ásta Björnsdóttir og barnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Kristbjörg Guðmundsdóttir,**
Búlandi 8, Djúpavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 6. febrúar. Kveðjuathöfn verður í Fossvogskapellu fimmtudaginn 10. febrúar kl. 11. Jarðsungið verður frá Djúpavogskirkju laugardaginn 12. febrúar kl.14.

**Sævar Lýðsson**
**Björg Ásgeirsdóttir**
**Emma Ásgeirsdóttir**
**Ragnheiður Ásgeirsdóttir**
**Ásbjörn Ásbjörnsson**
**Þorsteinn Ásbjörnsson**
**Kristín Ásbjörnsdóttir**
**Hrönn Ásbjörnsdóttir**

**Valgerður Jónsdóttir,**
**Magnús Benediktsson,**
**Ívar Björgvinsson,**
**Gunnar Guðmundsson,**
**Elín Sturlaugsdóttir,**

**Kristján Ragnarsson,**

**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**


TÍMAMÓT: EFNDI LOFORÐ UM PENINGAGJÖF

# Stína stuð hefur fundið frelsið

Kristín Snæfells hefur lifað tímana tvenna. Sem barn varð hún fyrir misnotkun og þegar hún komst á fullorðinsár heltók alkóhólismi líf hennar. Þrátt fyrir óreglu var Kristín alltaf í stuði og dansaði í gegnum tilveruna og engum datt í hug að henni liði illa í hjartanu. Hún gekk undir nafninu Stína stuð og gerðu Stuðmenn nafn hennar ódauðlegt í laginu Út á stoppistöð.

Í dag hefur Kristín náð stjórn á lífi sínu, vinnur á skrifstofu og vaknar eldsnemma á morgnana til að fara í ræktina. Fyrir jólin 2003 gaf hún út bókina, Sporin í sandinum þar sem hún segir hispurslaust frá lífi sínu. Kristín skrifaði bókina sjálf en Hrund Hauksdóttir ritstýrði henni. Ágóða af sölunni lofaði hún að gefa til góðgerðarmála. Í gær lét Kristín verða af því og færði áfangaheimilinu Dyngjunni 800 þúsund krónur. „Ég er upphafsmaður Dyngjunnar og fannst ekki annað koma til greina en að styrkja hana,“ sagði Kristín og bætti við að hún væri enn að fá viðbrögð út af bókinni. „Fólk hikar ekki við að hringja í mig og heldur að ég hafi svör við öllum spurningum. Ég hef gaman af því og mér þykir vænt um ef ég hef getað hjálpað einhverjum,“ sagði hún og bætti við að henni liði miklu betur eftir að hafa skrifað bókina. „Það er svolítið skrítið en eftir að ég kláraði bókina finnst mér eins og þetta hafi verið einhver önnur manneskja sem gekk í gegnum alla þessa slæmu hluti. Í dag er ég frjáls.“

Þó að vel hafi tekist til við skrifin segir Kristín ekki aðra bók í smíðum enda hafi hún skrifað Sporin í sandinum til að hjálpa öðrum og losna við vondu tilfinningarnar. Fyrir þá sem vilja kynna sér Kristínu og verk hennar betur er upplagt að staldra við á heimasíðu hennar, kristinsnaefells.com.

**- mmu**



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**DYNGJAN FÆR PENINGAGJÖF** Edda Guðmundsdóttir, forstöðukona Dyngjunnar, tók í gær við peningagjöf úr hendi Kristínar Snæfells.


# Afmæli

**Í dag, 9. febrúar verður**
**70 ára**
**Ásgeir J. Guðmundsson**
**húsgagnasmíðameistari**
**Jötunsölum 2, Kópavogi.**



Hann og kona hans María Sigmundsdóttir taka á móti gestum í dag í Reiðhöll Gusts, Álalind Kópavogi, klukkan 18:00 til 21:00.

# Afmæli

**Innilegar þakkir til afkomenda minna, frændfólks og vina fyrir samsæti, gjafir og heillaskeyti vegna 90 ára afmælis míns þann 5. febrúar síðastliðinn.**



Lárus Sigfússon frá Kolbeinsá.


## AFMÆLI



**Jón Sen fiðluleikari** er 81 árs í dag.



**Magnús Bjarnfreðsson** blaðamaður er 71 árs í dag.



**Egill Ólafsson** tónlistarmaður er 52 ára í dag.



**Sigríður Gröndal** söngkona er 49 ára í dag.



**Kristján Björn Ómarsson** uppfinningamaður er 36 ára í dag.

## ANDLÁT

**María Auðunsdóttir**, Hringbraut 128, Keflavík, lést sunnudaginn 30. janúar. Útförin hefur farið fram.

**Sindri Snær Þorsteinsson** lést sunnudaginn 30. janúar.

**Einar Helgi Bachman** lést á Riverside Hospital í Newport News í Bandaríkjunum miðvikudaginn 2. febrúar.

**Sigurjón Magnússon**, vélstjóri og húsasmíðameistari frá Friðheimi í Mjóafirði, lést fimmtudaginn 3. febrúar.

**Una Magnúsdóttir**, Heiðarbæ 7, Reykjavík, lést fimmtudaginn 3. febrúar.

**Gyða Guðnadóttir**, Bjargi, Stokkseyri, lést föstudaginn 4. febrúar.

**Þorsteinn Bjarnar**, Álfheimum 58, Reykjavík, lést föstudaginn 4. febrúar.

**Loftur Eiríksson**, bóndi, Steinholti, Gnúpverjahreppi, lést laugardaginn 5. febrúar.

**Margrét Ingimundardóttir**, Hrafnistu, Hafnarfirði, áður Skeiðarvogi 131, Reykjavík, lést laugardaginn 5. febrúar.

**Sigrún Kristinsdóttir**, Þangbakka 8, Reykjavík, lést laugardaginn 5. febrúar.

**Verónika Hermannsdóttir**, Svalbarða, Hellissandi, lést laugardaginn 5. febrúar.

**Þóra Kristjánsdóttir**, ráðskona, Akureyri, lést laugardaginn 5. febrúar.

**Aðalheiður Kristín Jónsdóttir**, Háeyrarvöllum 40, Eyrarbakka, lést sunnudaginn 6. febrúar.

**Benedikta Þorláksdóttir**, Hrafnistu, Hafnarfirði, áður Kirkjulundi 8, Garðabæ, lést sunnudaginn 6. febrúar.

**Bryndís Bolladóttir**, Stóra-Hamri, Eyjafjarðarsveit, lést sunnudaginn 6. febrúar.

**Ólafur E. Stefánsson** lést á Landspítala, Landakoti, sunnudaginn 6. febrúar.

**Rakel Steinvör Kristjánsdóttir**, Hléskógum 8, Egilsstöðum, lést sunnudaginn 6. febrúar.

**María Brynjólfsdóttir**, tónskáld, lést á dvalarheimilinu Droplaugarstöðum, mánudaginn 7. febrúar.

## JARÐARFARIR

**15.00 Sigurður Baldursson**, hæstaréttarlögmaður, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1942 Carole King**, söngkona og lagahöfundur.
**1943 Joe Pesci**, leikari.
**1944 Alice Walker**, rithöfundur.



**1945 Mia Farrow**, leikkona.
**1949 Judith Light**, leikkona.
**1955 Charles Shaughnessy**, leikari.
**1965 Lennox Lewis**, hnefaleikakappi.
**1966 Amanda Roocroft**, óperusöngkona.
**1971 Sharon Case**, leikkona.

CITROËN

Citroën C2 VTS 5 gíra 1,6 125 hö*
KYNNINGARVERÐ = 1.634.000 kr.
LEIGA = 29.900 kr.
LÁN = 21.614 kr.
ÞÚ BORGAR AÐEINS 163.400 ÚT



Jón

Komdu strax. Citroën C2 VTS er á kynningarverði í febrúar.

# Ævintýralega auðvelt

# @21.614

**Lítill en rúmgóður, stuttur en hávaxinn, einfaldur en tækni væddur, praktískur og skemmtilegur. Þetta er C2 - stóri smábíllinn frá Citroën. Hann er bæði fyrir unga fólkið og þá sem loksins hafa öðlast tíma fyrir sjálfa sig. Þú kemst á bragðið um leið og þú sest inn.**

**Þrátt fyrir ríkulegan öryggis- og staðalbúnað í bíl í þessum verð- og stærðarflokki tókst Citroën hið óframkvæmanlega: Að búa til stóran en léttan smábíl. Það er erfitt að finna jafn hagkvæman bíl: Kraftmikill en lægri tryggingar, lægri bifreiðagjöld. Citroën C2 er fyrir unga sem aldna.**

Þú velur um þrjár hressar og skemmtilegar vélar, allt að 125 hestöflum. Þú velur þá sem hentar þér best. Brot af staðalbúnaði C2: ABS hemlakerfi með EBA neyðarhemlunarbúnaði, aksturstölva með eyðslutölum, fjarstýrður geislaspilari, 6 hátalarar og hraðanæmur hljóðstyrkur, 4 öryggispúðar, rafstýrðir útispeglar, stillanlegur hiti í framsætum, litað gler, stafrænt mælaborð með ljósdeyfi, fjarstýrðar samlæsingar, rafdrifið stýri með breytilegri þyngd eftir hraða, velti- og aðdráttarstýri, rafstýrðar rúður með klemmuvörn, hraðanæmar rúðuþurrkur, stillanleg hraðaaðvörun, lesljós, hæðarstilling á bílstjórasæti, þokuljós, heimreiðarljós, glasahaldarar og margt fleira skemmtilegt.

**Og meira....** - Í C2 með VTR 1,4 lítra vélinni færðu að auki sportstuðara, sílsakitt, vindskeið, þokuljós, VTR innréttingu, 15" felgur og sílsahlífar. Í VTR 1,6 færðu 16" Leopard álfelgur (líka á varadekkið), EBD hemlajöfnun, diskabremsur að framan og aftan með kælingu að framan. Ef það er ekki nóg þá velur þú C2 VTS 1,6 og færð að auki spólvörn og stöðugleikastýringu, loftkælingu, sportfjöðrunarkerfi, álpedala, álgírhnúð og leðurklætt stýri.

**Og ennþá meira...** - Ef þú vilt hafa C2 ennþá flottari bættu þá við hraðastilli, sílsahlífum, 5 diska geislaspilara, vindhlífum á glugga eða nálægðarskynjara. Citroën C2 er til í allt!

Haltu á vit ævintýranna með Citroën C2. Láttu drauminn rætast. Vertu öðruvísi en allir hinir, frjáls eins og fuglinn. C2 er fyrir þig!



C3 SX 5 gíra 1,4 75 hö*
TILBOÐSVERÐ = 1.494.000 kr.
LEIGA = 27.200 kr.
LÁN = 19.762 kr.
ÞÚ BORGAR AÐEINS 149.400 ÚT



Berlingo Multispace 5 gíra 1,6 110 hö*
TILBOÐSVERÐ = 1.589.000 kr.
LEIGA = 28.400 kr.
LÁN = 21.018 kr.
ÞÚ BORGAR AÐEINS 158.900 ÚT



C2 VTR 5 gíra Sensodrive 1,6 110 hö*
TILBOÐSVERÐ = 1.569.000 kr.
LEIGA = 28.800 kr.
LÁN = 20.755 kr.
ÞÚ BORGAR AÐEINS 156.900 ÚT



Xsara Picasso SX 5 gíra 1,8 117 hö*
TILBOÐSVERÐ = 1.869.000 kr.
LEIGA = 33.700 kr.
LÁN = 24.723 kr.
ÞÚ BORGAR AÐEINS 186.900 ÚT



C5 X 5 gíra 1,8 117 hö*
TILBOÐSVERÐ = 2.070.000 kr.
LEIGA = 37.390 kr.
LÁN = 27.400 kr.
ÞÚ BORGAR AÐEINS 207.000 ÚT



C8 SX Sjálfskiptur 2,0 138 hö*
TILBOÐSVERÐ = 2.999.000 kr.
LEIGA = 54.400 kr.
LÁN = 41.045 kr.
ÞÚ BORGAR AÐEINS 299.900 ÚT

BRIMBORG / GCI - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL ÍSLANDI



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Citroën í dag. Komdu í café og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér Citroën.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.citroen.is

* Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd: af C3 er álfelgur, þokuljós og samlitun; af C5 er álfelgur; af Berlingo er þokuljós; af C8 er álfelgur og samlitun; Xsara Picasso er álfelgur og samlitun.

# sport

sport@frettabladid.is

**Takið eftir, takið eftir...**

Handboltaunnendur sem hafa reynt með veikum mætti að skilja fyrirkomulag Íslandsmótsins er hér með bent á að annar hluti af þremur í mótinu hefst í kvöld. Þá byrjar úrvalsdeildin að rúlla en hún hefur meira vægi en hin lítt aðlaðandi forkeppni sem örfáir hausar sáu sér fært að fylgjast með. Alvaran er sem sagt loksins byrjuð og komið fram í febrúar. Ykkur er hér með óhætt að koma út úr skápunum og kíkja á völlinn því lofað er betri og skemmtilegri handbolta en verið hefur í vetur.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

6 7 8 **9** 10 11 12

**Miðvikudagur**

### LEIKIR

- ☐ 19.00 **ÍA** og **Stjarnan** mætast á Stjörnuvelli í Faxaflóamóti kvenna í fótbolta.
- ☐ 19.15 **Keflavík** og **Njarðvík** mætast í Keflavík í 1. deild kvenna í körfubolta.
- ☐ 19.15 **KR** og **Grindavík** mætast í DHL-höllinni í 1. deild kvenna í körfubolta.
- ☐ 19.15 **Fram** og **Stjarnan** mætast í Framhúsinu í 1. deild karla í handbolta.
- ☐ 19.15 **HK** og **Víkingur** mætast í Digranesi í DHL-deild karla í handbolta.
- ☐ 19.15 **Haukar** og **ÍBV** mætast á Ásvöllum í DHL-deild karla í handbolta.
- ☐ 19.15 **KA** og **ÍR** mætast í KA-heimilinu í DHL-deild karla í handbolta.

### SJÓNVARP

- ☐ 17.45 **Olíssport** á Sýn.
- ☐ 19.00 **Íslandsmótið í bekkpressu** á Sýn.
- ☐ 19.35 **Landsleikur í fótbolta** á Sýn. Bein útsending frá vináttuleik **Englands** og **Hollands** í fótbolta.
- ☐ 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- ☐ 22.20 **Handboltakvöld** á RÚV.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*SS-bikar kvenna*

| STJARNAN–VALUR | 23–18 |
|---|---|

**Mörk Stjörnunnar:** Kristín Jóhanna Clausen 6, Kristín Guðmundsdóttir 3, Hind Hannesdóttir 3, Elísabet Gunnarsdóttir 3, Hekla Daðadóttir 3, Ásdís Sigurðardóttir 2, Elzbieta Kowal 2, Anna Blöndal 1. Jelena Jovananovic varði 14 skot.
**Mörk Vals:** Ágústa Edda Björnsdóttir 6, Katrín Andrésdóttir 4, Díana Guðjónsdótitr 3, Lilja Valdimarsdóttir 2, Anna María Guðmundsdóttir 1, Arna Grímsdóttir, Hafrún Kristjánsdóttir. Berglind Íris Hansdóttir varði 24 skot þar af 3 víti.

| ÍBV–GRÓTTA/KR | 30–32 |
|---|---|

*1. deild karla*

| FH–GRÓTTA/KR | 26–23 |
|---|---|

**Mörk FH:** Brynjar Geirsson 8, Arnar Pétursson 6, Guðmundur Pedersen 3, Heiðar Arnarson 2, Hjörtur Hinriksson 2, Romualdas Gecas 2, Jón H. Jónsson 1, Valur Arnarson 1, Hjörleifur Þórðarson 1.
**Mörk Gróttu/KR:** Kristinn Björgúlfsson 9, Brynjar Hreinsson 5, Daði Hafþórsson 2, Daníel Berg Grétarsson 2, Þorleifur Björnsson 2, Hörður Gylfason 1, Kristján Þorsteinsson 1, Davíð Ágústsson 1.

*1. deild kvenna í körfu*

| ÍS–HAUKAR | 75–82 |
|---|---|

**Stig ÍS:** Signý Hermannsdóttir 17 (10 fráköst, 6 stoðsendingar), Alda Leif Jónsdóttir 16 (6 stoðsendingar, 5 stolnir), Stella Rún Kristjánsdóttir 16, Þórunn Bjarnadóttir 10 (9 fráköst), Erna Rún Magnúsdóttir 6, Cecilia Larsson 6, Sóley Guðgeirsdóttir 2, Guðrún S. Baldursdóttir 2.
**Stig Hauka:** Ebony Shaw 27 (16 fráköst, hitti 5 af 7 3ja), Helena Sverrisdóttir 22 (13 stoðsendingar, 10 fráköst), Svanhvít Skjaldardóttir 10 (hitti úr 5 af 5), Hanna Hálfdanardóttir 7, Pálína Gunnlaugsdóttir 7, Ragnheiður Theódórsdóttir 4, Kristrún Sigurjónsdóttir 3, Ösp Jóhannsdóttir 2.

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | 15 | 12 | 3 | 1191–917 | 24 |
| **GRINDAVÍK** | **15** | **10** | **5** | **917–832** | **20** |
| ÍS | 16 | 9 | 7 | 1021–962 | 18 |
| **HAUKAR** | **16** | **8** | **8** | **1064–1112** | **16** |
| NJARÐVÍK | 15 | 5 | 10 | 893–966 | 10 |
| **KR** | **15** | **2** | **13** | **840–1086** | **4** |

# Ómar aftur til Keflavíkur

Keflvíkingar eru búnir að leysa markvarðavandræði sín því Ómar Jóhannsson er á leið til félagsins á ný eftir árs dvöl í Svíþjóð.



**ÓMAR JÓHANNSSON** Á leið í Bítlabæinn á nýjan leik eftir eins árs fjarveru. Hann lék síðast með Keflavík í 1. deildinni sumarið 2003 og fékk þá aðeins á sig xx mörk í 18 leikjum. Hér er Ómar með gullpeninginn fyrir sigur í 1. deildinni það sumar.

**FÓTBOLTI** Bikarmeistarar Keflavíkur í knattspyrnu þurfa ekki að hafa áhyggjur af markvörslunni næsta sumar því hinn geysisterki markvörður, Ómar Jóhannsson, er á leið til félagsins á nýjan leik.

Ómar lék alla leiki Keflavíkur sumrin 2002 og 2003 en hélt síðan til Svíþjóðar í fyrra ásamt sænskri unnustu sinni. Þar hefur hann leikið með Bunkeflo síðasta árið og ætlaði að gera áfram en hann hefur ákveðið að koma heim af persónulegum ástæðum.

„Þetta kom frekar óvænt upp. Við áttum ekkert von á því að hann kæmi heim svona snemma en hann hafði samband og lýsti yfir áhuga á því að koma til okkar og við tökum á móti honum með glöðu geði," sagði Rúnar Arnarsson formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur.

Ómar er enn samningsbundinn sænska félaginu og Keflavík verður að fá hann lausan þaðan áður en þeir gera samning við Ómar. „Ég á ekki von á því að það verði mikið vandamál. Við munum tækla það mál strax og vonandi fær það farsælan endi fyrr frekar en síðar," sagði Rúnar. „Þetta eru verulega góðar fréttir fyrir okkur því nú erum við komnir með tvo góða markverði. Við ætluðum að láta Magnús Þormar standa á milli stanganna og fá einhvern annan með honum en með tilkomu Ómars er ljóst að við höfum tvo öfluga stráka sem munu berjast um markvarðastöðuna hjá okkur."

Rúnar sagði að félagið væri ekki hætt á leikmannamarkaðnum. Hann sagði að þar sem þeir hefðu misst af Grétari Sigurðssyni þá væri lítið eftir af mönnum hér á landi og því myndu þeir leita út fyrir landsteinana að nýjum mönnum.

„Það er ekkert fast í hendi eins og staðan er í augnablikinu og enginn maður á leiðinni. Guðjón stýrir þessu alveg og hann er að leita að áhugaverðum mönnum þessa dagana," sagði Rúnar Arnarsson formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur.

henry@frettabladid.is

Undanúrslitaleikir SS-bikars kvenna í handbolta fóru fram í gærkvöldi:

# Stjarnan í Höllina í fyrsta sinn síðan 1998



**KOMNAR Í HÖLLINA** Kristín Jóhanna Clauesen stingur sér hér framhjá Örnu Grímsdóttur og skorar eitt af sex mörkum sínum í leiknum. Fréttablaðið/Vilhelm

**HANDBOLTI** Það gekk ýmislegt á þegar undanúrslitaleikir SS-bikars kvenna í handbolta fóru fram í gær því báðum leikjum seinkaði af tveimur óskyldum ástæðum, rafmagn fór af öllum Garðabæ og leiknum seinkaði því um klukkutíma og í Eyjum koumst Gróttu/KR-stúlkur ekki til Eyja fyrr en alltof seint og þeim leik varð því einnig að seinka.

Stjörnukonur tryggðu sér sæti í bikarúrslitaleik kvenna með fimm marka sigri á Val í Garðabæ í gær og eru komnar í Höllina í fyrsta sinn í sjö ár eða síðan þær unnu bikarinn 1998.

Það var heitt í kolunum í Ásgarði í gærkvöldi þegar Stjörnstúlkur tóku á móti Val í undanúrslitum SS-bikarsins. Leiknum seinkaði um klukkustund vegna rafmagnsleysis í Garðabænum. Það var engu líkara en að rafmagnsleysið hefði slökkt í Valsstúlkum því þær náðu sér aldrei á strik í fyrri hálfleiknum og voru yfirspilaðar af Stjörnunni, staðan 15-8 heimaliðinu í vil í hálfleik.

Í síðari hálfleik náðu gestirnir að rétta sinn hlut og minnka muninn jafnt og þétt fyrir tilstilli Berglindar Hansdóttur í markinu, en hún fór hreinlega hamförum á milli stanganna og fékk til að mynda aðeins á sig þrjú mörk á fyrstu 15 mínútum hálfleiksins og varði alls 24 skot í leiknum. Valsstúlkur náðu að minnka muninn í 17-14 og síðar í 20-17, en nær komust þær ekki og voru ef til vill dálítið óheppnar á köflum. Það fór þannig að lokum að Stjarnan hafði sigur 23-18 og eru þær því á leið í úrslitaleikinn.

Kristín Jóhann Clkausen skoraði 6 góð fyrir Stjörnuna en það var annars liðsheildin sem skóp sigurinn og sá til þess að Garðbæingar eru aftur á leiðinni í bikarúrslitaleik kvenna í fyrsta sinn í sjö ár þar sem þeir voru fastagestir á árum áður.

Gróttu/KR vann síðan ÍBV í Eyjum 30–32 en leiknum var seinkað um 1 og hálfan tíma. Grótta/KR var yfir í hálfleik 14–15.

baldur@frettabladid.is

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

**V**ince **Carter** skoraði 43 stig þegar New Jersey Nets lagði Philadelphia 76ers, 107-97, í NBA-körfuboltanum í fyrrinótt. Með framlaginu komst **Carter** yfir 10 þúsund stig skoruð á ferlinum en hann er 41. NBA-leikmaðurinn sem nær þessu afreki. Þetta var annar leikurinn í röð sem **Carter** skorar yfir 40 stig. „Við eigum bjarta framtíð með hann innanborðs og vonandi gerir fólk sér grein fyrir því."sagði **Jason Kidd**, samherji **Carter**. Sjálfur sagðist **Carter** ekkert hafa tekið eftir þessu. „Þegar mér var tilkynnt þetta sagði ég: Vinnum þá leikinn!" sagði **Carter**.



**R**yan **Giggs** hjá Manchester United er, rétt eins og samherji hans, **Rio Ferdinand**, lítt hrifinn af áhuga **Malcolm Glazer** á að kaupa félagið. **Glazer**, sem er frá Bandaríkjunum, á 28,1% hlut í liðinu en gerði á dögunum sitt þriðja tilboð í að kaupa hlut hinna í liðinu. „Almennt álit fólks er að félagið sé í góðum höndum," sagði **Giggs**. „Félagið er vel rekið, hefur aldrei verið betra og engu þarf að breyta."



**R**oman **Abramovich**, eigandi Chelsea, hefur verið orðaður sem næsti forseti rússneska knattspyrnusambandsins, RFU. Forráðamenn sambandsins telja hann geta styrkt stöðu rússneska boltans á erlendum vettvangi. Talsmaður **Abramovich** sagði að hann hefði ekkert á móti því að vera í framboði en tveir aðrir aðilar munu bjóða sig fram, **Anzor Kavazashvili**, fyrrum markvörður Sovétríkjanna og **Vitaly Mutko**, stjórmálamaður frá St. Pétursborg og náinn vinur **Vladimir Putin**, Rússlandsforseta.



**F**rank **Rijkaard**, knattspyrnustjóri Barcelona, hafði litlar áhyggjur þó svo að liðið tapaði gegn Atletico Madrid, 2-0, um helgina. Þetta var fyrsti ósigur Barcelona á Nou Camp síðan í desember árið 2003. „Þetta var bara einn leikur og það eru margir eftir," sagði **Rijkaard**. „Þó að við töpum einum leik þýðir ekki að við hættum að spila vel." Real Madrid sigraði Espanyol 4-0 og minnkaði því forskot Barcelona í fjögur stig.



**L**eikmenn West Bromwich Albion horfa fram á óvænt eins mánaðar frí frá keppni vegna upppröðunar bikar- og deildarbikarleikja næstu vikurnar. Næsti leikur liðsins verður ekki fyrr en 6. mars gegn Birmingham. Vonir standa til að West Brom geti mætt Southampton miðvikudaginn 23. febrúar en **Harry Redknapp**, knattspyrnustjóri Southampton, vill fresta leiknum fram í mars. „Við vonumst til að deildin notist við þá dagsetningu sem við lögðum til," sagði **Bryan Robson**, knattspyrnustjóri WBA.





**SHAUN WRIGHT–PHILLIPS** Verður í byrjunarliði enska landsliðsins gegn Hollendingum í kvöld.

Englendingar og Hollendingar mætast í vináttulandsleik á Villa Park í Birmingham í kvöld:

# Ný andlit í sviðsljósinu hjá báðum liðum

**FÓTBOLTI.** Mikil eftirvænting ríkir í Englandi fyrir viðureign liðanna í kvöld og búist er við að nokkrir leikmenn fái sitt fyrsta tækifæri með landsliði sínu í leiknum. Sven Göran Eriksson, þjálfari enska liðsins, á í talsverðum vandræðum með að manna vörnina, en margir leikmenn hafa neyðst til að draga sig úr hópnum vegna meiðsla.

Shaun Wright-Phillips, leikmaður Manchester City, fær tækifæri í byrjunarliði Englendinga sem einn þriggja framherja en hann hefur verið að leika vel fyrir lið sitt, Manchester City, í úrvalsdeildinni í vetur. Líklegt er að Michael Owen og Wayne Rooney verði frammi með honum.

Þjálfari Hollendinga, Marco van Basten, verður einnig án nokkurra lykilmanna sinna því menn eins og Ruud van Nistelrooy og Arjen Robben geta ekki leikið vegna meiðsla. Í hollenska hópnum eru ungir leikmenn sem eru að stíga sín fyrstu skref og má þar nefna leikmenn eins og Romeo Castelen frá Feyenoord, sem talið er að muni taka stöðu Arjen Robben í liðinu. ■



**KLÁR Í SLAGINN** Landsliðsmaðurinn Vignir Svavarsson verður í eldlínunni með Haukum í kvöld gegn ÍBV.
Fréttablaðið/Stefán

DHL-deildin í kvöld:

## Stórleikur að Ásvöllum

**HANDBOLTI** Úrvalsdeild DHL-deildarinnar í handbolta hefst í kvöld með þrem leikjum. Fyrsta umferðin klárast svo á morgun þegar Þór tekur á móti Val á Akureyri.

Aðdragandi þessarar úrvalsdeildar er búinn að vera langur en leikið var í tveim deildum fyrir áramót og fjögur efstu liðin í hvorum riðli fóru síðan í úrvalsdeild en hin liðin spila í 1. deildinni. Þau lið sem komust í úrvalsdeild taka síðan með sér þau stig sem þau fengu í innbyrðisleikjum gegn hinum liðunum í úrvalsdeildinni.

Val og ÍR gekk vel í „réttu“ leikjunum í vetur og þau byrja því úrvalsdeildina með átta stig en Víkingur, Þór og ÍBV eiga aftur á móti verk fyrir höndum þar sem þau hefja úrvalsdeildina með aðeins fjögur stig.

Stórleikur kvöldsins að margra mati viðureign Íslandsmeistara Hauka og ÍBV að Ásvöllum. ÍBV var á mikilli uppleið undir lok forkeppninnar og Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari er einn þeirra sem spáir þeim velgengni í úrvalsdeildinni. Ef Eyjamenn ætla sér alla leið í vetur er ljóst að þeir verða að leggja þá bestu að velli og leikurinn í kvöld gefur nokkuð góða mynd af því hvar þeir í raun standa.

ÍR-ingar fá erfitt verkefni er þeir sækja KA heim en KA er aðeins með stigi minna en ÍR, sjö. Þeir geta því skotist upp fyrir Breiðhyltinga með sigri á heimavelli og því er mikið undir á Akureyri í kvöld. HK tekur síðan á móti Víkingum í Digranesi en HK var spáð titlinum fyrir mót en þeim hefur gengið illa að standa undir þeim væntingum. Engu að síður ætti Víkingur að vera lítil fyrirstaða gegn þeim á heimavelli.

- hbg










ÚTSÖLULOK

Rýmum fyrir nýrri vöru

Verð frá 490.-

Útsalan stendur til 13/2

EURO SKO

Kringlan


## STUÐ MILLI STRÍÐA | Poppið tekur yfir heiminn

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** VELTIR FYRIR SÉR MARKAÐSSETNINGU FRAMTÍÐARINNAR.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Það eru að koma nýjar mjólkurfernur. Þær eru bleikar, gular og bláar. Það stendur MUU á þeim og þær eru súper úber poppaðar í útliti. Það eru að koma nýjar mjólkurfernur og heimur versnandi fer. Þetta er allt alveg hrikalega svalt og örugglega fullt af töffurum sem byrja núna að drekka mjólk miklu meira. Ég hins vegar sakna gamla útlitsins með fallegum blómum á fernunum. Kannski helli ég bara mjólkinni minni í fallegar glerflöskur. Poppmenningin virðist vera að taka yfir heiminn. Hvað kemur næst? Majones-dollur með Snoop Doggy Dogg framan á? Hvernig verður þetta eftir tuttugu ár? Fáum við þá mjólkurfernur með blikkljósum og innbyggðum mp3-spilara?

Hvað varð um allt þetta gamla og góða. Ég rak upp óp þegar Hagkaup breytti plastpokunum sínum sem eru búnir að vera eins síðan ég man eftir mér. Úúúú komnir flottir appelsínugulir pokar. Nú fer ég sko í Hagkaup! Rétt upp hönd þeim sem finnst svo nýju svalafernurnar flottari en þær gömlu. Enginn. Nýju Prins Póló-umbúðirnar flottari en þær gömlu? Neibb.

Ég bíð bara eftir að kjötvinnslur fari að markaðssetja slátrið á poppaðan hátt. Það væri til dæmis hægt að búa til alls konar fígúrur úr slátrinu. Slátur í laginu eins og Shrek og litað grænt. Harry Potter – slátur. Bleikt Barbie-slátur. Einnig væri hægt að hafa óvæntan glaðning í slátrinu. Eins og í kinder-eggjum og morgunkornspökkum. „Skopparabolti í miðjunni og heppnir sláturkaupendur fá ókeypis miða á nýju Lindsey Lohan bíómyndina! Farðu inn á slatur.is og taktu þátt í skemmtilegum leik, þú gætir unnið ársbirgðir af Nylon-slátri!“ Jess! Ég ætti kannski að fá einkaleyfi á „Poppslátrinu“ og fara út í bisness.





Aðalvinningur verður dregin úr öllum innsendum SMS skeytum.199 kr/skeytið




Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið

FÖRÐUNARSKÓLI
MAKE UP FOR EVER
á Íslandi



13 vikna nám í ljósmynda- og tískuförðun hefst 14. febrúar.

Skráning og upplýsingar eru í síma 564 0406 og á makeup@fjoltengi.is. Góð greiðslukjör.

FÖRÐUNARSKÓLI MAKE UP FOR EVER á Íslandi

Hamraborg 7
Hamrabrekkumegin.
Sími 564 0406


## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### ÞÚ OG ÞA

Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



# Sviðsmynd tíðarandans á tökustað



**MYNDLIST**

GODDUR

**Kling&Bang Gallerí**

**Sjúkleiki Benedikts**

MAGNÚS ÁRNASON

Magnús Árnason hefur á undanförnum misserum alið manninn í Vínarborg. Hann opnaði sýningu í Kling & Bang galleríinu á laugardaginn var. Sýningargestir ganga inn í eins konar skógarjaðar, og skynja strax að dauðinn er alls staðar nálægur – nályktin er í loftinu. Alls ekki ógnvekjandi eins og maður gæti haldið við fyrstu sýn, heldur þvert á móti, gengur maður inn í furðu friðsælt, áhugavert og fallegt andrými á sinn hátt. Það er mistur, fenjaþoka, dalalæða eða eitthvað í þá áttina. Trén í þessu skógarfordyri eru án laufblaða og jarðvegurinn er líflaus. Dauðir fuglar; skúmar, mávar, hrafnar og einstaka skógarþrestir inn á milli – hanga á greinunum – steindauðir. Yfir þeim ríkir nánast óumdeilanleg fegurð, innyfli eða ígildi þeirra brýst út úr fjaðursettum haminum. Á miðplaninu innar í gallerí-rýminu er hlaðin varða, sami líflausi jarðvegurinn en engin tré. Undan vörðunni streyma gufur sem mynda mistrið, greinilega andar að neðan. Það er hægt að halda niður á lægra plan, óneitanlega freistandi að fara ofan í kjallara sem er opinn fyrir þá sem hafa hugrekki til. Þar kemur maður þó að lokuðum dyrum en fyrir framan tjargaða hurðina eru merki um átök, fiður út um allt. Vindur gnauðar fyrir innan, en ekkert sést í gegnum vírnetsglufu sem getur útskýrt vindganginn – hvelfingin myrkvuð. Grunur leikur á að upphaf andanna sem streyma undan vörðunni sé þar að finna – en það er ekki víst.

Nú, í mínum huga er þetta ekkert annað en sviðsmynd fyrir ímyndunaraflið. Leikmyndin sem slík getur varla talist listaverkið. Það er kannski kjarni málsins. Hver er munurinn á leikmynd í leikhúsi eða setti fyrir bíómyndatöku og samskonar sviðsmynd í galleríi? Hér er ekki verið að sýna sviðsmyndina. Hér er verið myndskreyta tíðarandann. Þér sem sýningargesti er boðið á tökustað – tökuvélin þín eigin skynfæri. Sem sviðsmynd í leikhúsi eða í bíómynd eftir Tarkowsky eða einhvern pólverja væri þetta ósköp kunnuglegt sett, en staðsett í galleríi er mér sem sýningargesti boðið að taka að mér leikstjórn. Hér eru engir leikendur eða söguþráður í gangi nema ég ég smíði og semji sjálfur.

Það er gott að sjá innflutning á evrópskum straumum úr dýpri brunnum en finnast í Skandinavíu og láglendinu á meginlandinu. Þar er þó svo sem ýmislegt skylt þessari sýningu að finna fyrir fagurkera dagsins í dag. Evrópsk bókaforlög hafa verið dugleg að notfæra sér jarðveginn, endurútgáfur á Grimmsævintýrum úr Svartaskógi og H.C. Andersen hafa slegið í gegn, ríkulega myndskreyttar af samtímalistamönnum. Enn meiri hefð fyrir myrkum öflum og evrópskri melankólíu er að finna eftir því sem austar dregur. Til dæmis söguslóðir Dracula í Transilvaníu. Satt best að segja þarf eitthvað meira en hálfkák ef standast á einhvern samanburð við það besta sem finnst á þessum slóðum. Miðað við það sem hefur sést frá þeim heimi lítur þessi sýning nánast út sem punt, sakleysislegt stofustáss úr austurískum veiðikofa. ■



## Málverk í Nýlistasafninu!

Tvívíddvídd er heitið á sýningu sem hópur listamanna opnar í Nýlistasafninu á morgun, klukkan 20.00. Listamennirnir eru Anna Jóelsdóttir, Ásdís Spanó, Bjarni Sigurbjörnsson, Einar Garibaldi Eiríksson, Inga Þórey Jóhannsdóttir, JBK Ransu, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson og Sigurður Árni Sigurðsson.

Það sem einkennir þessa listamenn öðru fremur er að þeir hafa allir verið að fást við málverk og sýna nú afrakstur þess í Nýlistasafninu. Það skýtur kannski skökku við að Nýlistasafnið skuli sýna málverk enda hefur loðað við safnið andstaða við málaralistina en eins og fyrr er safnið tilbúið að taka áhættu enda tók það vel á móti nýja málverkinu á áttunda áratugnum.

Viðfangsefni þeirra eru af ýmsum toga og nálgun þeirra við viðfangsefnin enn fjölbreyttari, nánast svo að hlutlaus áhorfandi gæti átt erfitt með að átta sig á nokkru afgerandi samhengi í list þeirra. Öðrum kann að virðast sýningin hápólitísk, listpólitísk bomba. Listamennirnir átta fást allir við málverk og það eitt getur hleypt öllu í bál og brand í listheiminum. Þrátt fyrir alla konseptlist, gjörningalist, vídeólist, konkretlist og andlist er ekkert eins eldfimt og málaralistin.

Sýningin verður opin frá 10 febrúar til 6. mars og er safnið opið frá 13-17 alla daga nema mánudaga og þriðjudaga. ■

## NÝJAR BÆKUR



Hjá **Almenna bókafélaginu** er komin út bókin **Hugmyndir sem breyttu heiminum** eftir **Felipe Fernández-Armesto** í þýðingu **Róberts Jack.** Í líflegum texta, skreyttum áhrifaríkum myndum, fjallar hinn virti rithöfundur og fræðimaður Felipe Fernández-Armesto um 175 lykilhugmyndir sem hafa breytt heiminum frá árdögum mannkyns til okkar tíma. Hugmyndir manna um eilíft líf, heilagt stríð, brjálaða vísindamanninn og hjónaband byggt á ást eru meðal þeirra sem teknar eru til skoðunar. Í bókinni kemur fram fersk og sannfærandi sýn á ýmsa grundvallarþætti mannlífsins – allt frá dýpstu rökum tilverunnar til hversdagslegustu fyrirbæra. Felipe Fernández-Armesto er Spánverji að hálfu og Englendingur að hálfu. Hann er búsettur á Englandi, starfar sem háskólaprófessor og kennir sögu og landafræði í Oxford og London.




SAMBÍÓIN KRINGLAN
HLAUT TVENN GOLDEN GLOBE VERÐLAUN
CLINT EASTWOOD HILARY SWANK MORGAN FREEMAN
MILLION DOLLAR BABY
7 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
Sýnd kl. 6, 8 og 10 b.i. 14
Öskudagsbíó kr. 300 í dag
THE HEFFALUMP MOVIE FORSÝND kl. 1 & 2.30
CINDERELLA STORY SÝND kl. 4
LEMONY SNICKETS: A SERIES OF UNFORTUNATE EVENTS SÝND kl. 1, 3.30 & 5.45
THE INCREDIBLES SÝND kl. 1, 3.30 & 5.45
ALFIE Sýnd kl. 8 og 10.10
KRINGLAN 588 0800 www.sambioin.is

REGNBOGINN
FLIGHT OF THE PHOENIX Frumsýnd 11. febrúar
Hlaut Golden Globe verðlaunin sem besta erlenda myndin
★★★ MMJ kvikmyndir.com
the SEA INSIDE
Tilnefnd til 2 Óskarsverðlauna þ.á.m. sem besta erlenda myndin
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30
FRÁ FRAMLEIÐANDA TRAINING DAY
PRECINCT 13
Þeir þurfa að standa saman til að halda lífi! Frábær spennutryllir!
★★★ Ó.Ö.H. DV
Sýnd kl. 5.30 og 10.30 B.i. 16 ára
5 Tilnefningar til Óskarsverðlauna þ.á.m. besta mynd, leikstjóri og handrit.
★★★★ Þ.Þ FBL
SIDEWAYS
„Fullkomlega ómissandi mynd" S.V. MBL ★★★★★
Sýnd kl. 5.20, 8 og 10.40
★★★★ SV Mbl „Ein snjallasta mynd ársins... Ógleymanleg... ljúf kvikmyndaperla."
★★★ NMJ Kvikmyndir.com
FINDING NEVERLAND
Tilnefnd til 7 Óskarsverðlauna þ.á.m. besta mynd, leikari og handrit.
Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20
www.regnboginn.is

SÍMI 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ – bara lúxus
VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI
Meet the Fockers
Kl. 3.50, 5.55, 8 og 10.15
LEONARDO DiCAPRIO
★★★★ - HL, MBL
★★★★ - Baldur, Popptíví
AVIATOR
11 tilnefningar til Óskarsverðlauna, þ.á.m. besta mynd, besti leikstjóri, besti leikari: Leonardo Dicaprio.
Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10
Astrid Lindgrens Sjóræningjar á SALTKRÁKU 3
SÝND kl. 4 ÍSL.TAL - ATH! VERÐ 500 KR.
www.laugarasbio.is

## SPURNINGAKEPPNI

# Gettu betur er í kvöld

Gettu betur, spurningakeppni framhaldsskólanna, hefst í sjónvarpinu í kvöld og eru það Framhaldsskólinn á Laugum og Menntaskólinn við Sund sem takast á. „Útvarpskeppnin var mjög góð í ár og virkilega spennandi en eins og flestir vita þá datt MR út. Í ár eru mörg sterk lið og ég held því að allar keppnirnar í átta liða úrslitunum verði spennandi," segir Stefán Pálsson dómari keppninnar.

Sjónvarpskeppnin verður ekki í Smáralind eins og í fyrra heldur mun hún fara á milli skóla og líklegast verða íþróttahúsin aðallega notuð undir hana. „Keppnin er orðin það fjölsótt að hún kallar á rúmgóð íþróttahús. Núna verður einnig öll keppnin sýnd í beinni útsendingu en áður var einungis úrslitakeppnin í beinni útsendingu. Þetta gerir keppnina bara meira spennandi."

Aðspurður hvaða lið hann telji að muni mætast í úrslitarimmunni 23. mars segir hann: „Það er erfitt að spá fyrir um það. Í fyrra hefði ég ekki getað séð fyrir að Borgarholtsskóli og Versló myndu keppa en bæði liðin eru mjög góð í ár. Einnig er Menntaskólinn við Hamrahlíð með sterkt lið en í rauninni geta allir unnið alla."

Eitt er það þó sem Stefán er alls ekki ánægður með í keppninni og það er kynjahlutfallið. „Í ár er einungis ein stelpa í sjónvarpskeppninni og það er afturför síðan í fyrra. Sú er í liði Menntaskólans við Hamrahlíð. Reynslan sýnir að þær sem eru á annað borð með í keppninni eru alls ekkert að standa sig verr. Það eru furðulega fáar stelpur í þessari keppni miðað við allar grunnskólakeppnirnar sem eru í gangi og ég vona að þetta lagist." ■



Strákarnir í liði Borgarholtsskóla unnu Menntaskólann í Reykjavík í útvarpskeppninni í ár. Flestir búast því við góðu gengi þeirra.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Breski leikarinn **Ben Kingsley** hefur sótt um skilnað frá þriðju eiginkonu sinni Alexöndru eftir að hafa séð ljósmyndir af henni með öðrum manni. Þýska slúðurblaðið BZ birti myndir af Alexöndru í faðmlögum við fasteignasala nokkurn og brást Kingsley að sjálfsögðu bálreiður við. Kingsley og Alexandra hittust á kvikmyndahátíðinni í Berlín árið 2002 og giftust ári síðar.



Poppprinsessan **Britney Spears** ætlar að kaupa eina af þeim glæsivillum sem milljarðamæringurinn Donald Trump ætlar að byggja á næstunni í Kaliforníu. Heimilið kostar litlar 330 milljónir króna og er útbúið öllum þeim þægindum sem hugsast getur.



Aðalteiknari myndarinnar **Finding Nemo**, Dan Lee, er látinn 35 ára að aldri eftir 17 mánaða baráttu við lungnakrabbamein. Lee teiknaði einnig fleiri vinsælar myndir Pixar-fyrirtækisins á borð Toy Story 2 og A Bug's Life.



KRINGLAN SAMBÍÓIN FRÁBÆR SKEMMTUN!
ÖSKUDAGSBÍÓ - 300 kr.
Walt Disney Bangsímon og Fríllinn
Forsýning kl. 1 - 2.30 með íslensku tali
Jim Carrey LEMONY SNICKET'S A SERIES OF UNFORTUNATE EVENTS
Sýnd kl. 1 - 3.30 - 5.45
THE INCREDIBLES
BÚÐU ÞIG UNDIR HIÐ ÓTRÚLEGA!
Sýnd kl. 1 - 3.30 - 5.45 með íslensku tali
HILARY DUFF CHAD MICHAEL MURRAY
Cinderella story
Sýnd kl. 4
ÖSKUDAGSBÍÓ
300 kr. miðaverð á þessar myndir í dag í SAMbíóunum Kringlunni

Stúdentaleikhúsið kynnir
Þú veist hvernig þetta er
-aukasýningar-
Stúdentaleikhúsið
Mið. 9. feb. kl. 20
Fös. 11. feb. kl. 24
Sun. 13. feb. kl. 20
Þri. 15. feb. kl. 20
Mið 16. feb. Kl. 20
Sýnt í TÞM, Hólmaslóð 2
„áhugaverðasta leikhúsið á landinu" – H.Ó. MBL.
„eitthvað það fyndnasta og naprasta sem ég hef séð" – I.J. DV
ATH! Síðustu sýningar
Miðapantanir í síma 659 3483
studentaleikhusid@hotmail.com

Veldu létt
... og mundu eftir ostinum!






## VIÐ TÆKIÐ | Loksins, loksins

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** FAGNAR ENDALOKUM HORATIO

Hann horfir á líkið, lítur til aðstoðarmanns síns, sem sem betur fer heyrir ágætlega af því röddin er svo dulúðleg. „Þessi stúlka er dóttir einhvers og við vinnum út frá því.“ Smellir sólgleraugunum á sig og lagið byrjar. Já, sem betur fer er þetta í síðasta skipti sem við aðdáendur sakamálaþátta þurfum að horfa upp á hinn yfirborðskennda Horatio Caine, en lokaþáttur CSI: Miami er á fimmtudaginn. Þegar Grissom birtist fyrst á skjánum kváðu við fagnaðaróp meðal aðdáanda sakamálaþátta. Góðu gæjarnir voru ekki lengur fastir í lögreglubúlum, klæddir í ódýr jakkaföt. Nei, þeir voru gáfaðir, með vísindin að vopni, klæddir í nýjustu tísku. Grissom var yfirleitt fyrstur á vettvang, rannsakaði málið í nánu samstarfi við hópinn sinn. Gaf ekkert mikið af sér, en alveg nóg til þess að virka ekki kaldur. Bara einmana karl sem hafði sökkt sér ofan í starfið. Það sem hann sagði voru ekki bara einhverjar klisjur, heldur vísindalegar fullyrðingar sem þyrfti að sanna. Engin sólgleraugu, bara trúverðug augu. En svo birtist þessi, og afsakið orðbragðið, endemis vitleysa frá Miami. Yfirlætisfull og hallærisleg eftirlíking af Grissom og félögum. Hópurinn í Miami nartar ekki einu sinni í hælana á Vegas-búum. Horatio rannsakar aldrei neitt, heldur birtist á vettvangi glæpsins, lítur snöggt yfir aðstæður, segir einhverja speki, pírir augun framan í myndavélarnar, eins og hann hafi leyst ráðgátuna miklu, smellir sólgleraugunum á sig og keyrir í burtu á Hummernum sínum. Hinir eru ekki skömminni skárri, uppfullir af einhverjum innihaldslausum frösum. Nú er þeirra tími loksins, loksins úti. Vona ég að ég sjái sem minnst af Horatio og sem mest af Grissom. ■



**CSI: MIAMI** Nartar ekki einu sinni í hæla fyrirmyndar sinnar frá Las Vegas.



▶ **20.00** *Keppni*

**GETTU BETUR** Fyrsti þáttur í átta liða úrslitum í en í kvöld mætast Menntaskólinn við Sund og Framhaldsskólinn á Laugum.



▶ **20.25** *Lífsstíll*

**YOU ARE WHAT YOU EAT** Doktor Gillian McKeith hjálpar fólki úr ögöngum og lagar mataræðið hjá þeim sem ekki geta það sjálfir.



▶ **21.00** *Spenna*

**CSI: NY** Fyrsti þáttur af þessum þætti en Gary Sinise fer með aðalhlutverkið. Þáttaröðin verður tekin til sýninga í heild sinni í mars.

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (7:26) **18.23** Sígildar teiknimyndir (19:42)

**18.30** **Lóló og Stitch (18:28)** (Lilo & Stitch)
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
▶**20.00** **Gettu betur (1:7)** Spurningakeppni framhaldsskólanna í beinni útsendingu. Í þessum fyrsta þætti í átta liða úrslitum eigast við Menntaskólinn við Sund og Framhaldsskólinn á Laugum.
**21.00** **Óp** Þáttur um áhugamál unga fólksins.
**21.25** **Regnhlífarnar í New York (4:10)** Þáttaröð um bækur í öllum regnbogans litum.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.20** **Handboltakvöld**
**22.40** **Dennis Hopper – Að skapa (eða deyja)** (Dennis Hopper: To Create (or Die)) Heimildarmynd um bandaríska leikarann, leikstjórann og listaverkasafnarann Dennis Hopper.

**0.15** Mósaík **0.50** Kastljósið **1.10** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey (e) **10.20** Ísland í bítið

**12.00** Neighbours **12.25** Í fínu formi **12.40** Two and a Half Men (13:24) (e) **13.10** The Osbournes (18:30) (e) **13.35** Whose Line is it Anyway **14.00** Idol Stjörnuleit (e) **15.30** Idol Stjörnuleit (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00** **Strákarnir** Nýr þáttur með Sveppa, Audda og Pétri. Félagarnir halda uppteknum hætti og sprella sem aldrei fyrr.
▶**20.25** **You Are What You Eat (4:8)** (Mataræði) Matarvenjur okkar eru eins ólíkar og við erum mörg. Hjá sumum er mataræðið hreint og beint skelfilegt.
**20.50** **Extreme Makeover 2** (Leyndardómar fegrunaraðgerða) Í þáttaröðinni Extreme Makeover hafa margir fengið nýtt útlit.
**21.35** **Life Begins (4:6)** (Nýtt líf) Maggie hefur fengið sinn skerf af mótlæti en það reynir virkilega á hana þegar eiginmaðurinn gengur á dyr.
**22.25** **Oprah Winfrey**

**23.10** Married 2 Malcolm **0.25** Kiss the Sky (Stranglega bönnuð börnum) **2.05** Fréttir og Ísland í dag **3.25** Ísland í bítið (e) **5.00** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**17.45** Bingó (e)

**18.30** **Innlit/útlit (e)**
**19.30** **Borðleggjandi með Völla Snæ (e)** Völundur býr sem kunnugt er á Bahamaeyjum þar sem hann rekur veitingastað.
▶**20.00** **Fólk – með Sirrý** Sirrý tekur á móti gestum í sjónvarpssal og slær á létta jafnt sem dramatíska strengi í umfjöllun sinni um það sem hæst ber hverju sinni.
**21.00** **CSI: NY** Splunkunýr þáttur sem verður sýndur í heild sinni í mars.
**22.00** **The Mountain – Fjallið** Fjölskyldufaðirinn David Carver byggði upp glæsilegustu og stærstu skíðaparadís landsins á viljanum einum saman. Þegar hann deyr kemur hann fjölskyldunni í opna skjöldu með því að ánafna hinum uppreisnargjarna David yngri veldi sitt.
**22.45** **Jay Leno**

**23.30** Judging Amy (e)
**0.15** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** About Schmidt **8.05** Sleepless in Seattle **10.00** The Scout **12.00** The Full Monty **14.00** About Schmidt **16.05** Sleepless in Seattle **18.00** The Scout **20.00** The Full Monty **22.00** Attention Shoppers (B) **0.00** Six Ways to Sunday (BB) **2.00** I Got the Hook Up (BB) **4.00** Attention Shoppers (B)

### OMEGA

**18.00** Joyce Meyer **18.30** Fréttir á ensku **19.30** Ron Phillips **20.00** Ísrael í dag **21.00** Gunnar Þorsteinsson **21.30** Joyce Meyer **22.00** Ewald Frank **22.30** Joyce Meyer **23.00** Fréttir frá CBN **0.00** Um trúna og tilveruna (e) **0.30** Nætursjónvarp

### AKSJÓN

**7.15** Korter **18.15** Korter **19.15** Korter **20.15** Korter **20.00** Snowcross 2004 4/5 **20.30** Aksjóntónlist **21.00** Níubíó. The Wedding Singer. **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**

**6.00** Sunrise **10.00** SKY News Today **13.00** News on the Hour **17.00** Live at Five **19.00** News on the Hour **19.30** SKY News **20.00** News on the Hour **21.00** Nine O'clock News **21.30** SKY News **22.00** SKY News at Ten **22.30** SKY News **23.00** News on the Hour **0.30** CBS **1.00** News on the Hour **5.30** CBS

**CNN**

**8.00** Business International **9.00** Larry King **10.00** World News **10.30** World Sport **11.00** Business International **12.00** World News Asia **13.00** World News **13.30** World Report **14.00** World News Asia **15.00** World News **15.30** World Sport **16.00** Your World Today **19.30** World Business Today **20.00** World News Europe **20.30** World Business Today **21.00** World News Europe **21.30** World Sport **22.00** Business International **23.00** Insight **23.30** World Sport **0.00** CNN Today **2.00** Larry King Live **3.00** Newsnight with Aaron Brown **4.00** Insight **4.30** World Report

**EUROSPORT**

**7.30** Freestyle Skiing: FIS World Cup Lake Placid **8.00** All sports: WATTS **8.15** All Sports: Casa Italia **8.30** Alpine Skiing: World Championship Bormio Italy **9.30** Alpine Skiing: World Championship Bormio Italy **10.00** Biathlon: World Cup Torino Italy **11.45** Alpine Skiing: World Championship Bormio Italy **12.00** Alpine Skiing: World Championship Bormio Italy **13.00** Trial: Indoor World Championship Toulouse **14.00** Biathlon: World Cup Torino Italy **15.30** Football: World Cup Germany **17.00** Biathlon: World Cup Torino Italy **18.30** Football: UEFA Champions League Last 16 **19.00** All Sports: Casa Italia **19.15** Equestrianism: World Cup Bordeaux France **20.15** Golf: U.S. P.G.A. Tour Fbr Open **21.15** Golf: the European Tour **21.45** All Sports: Wednesday Selection **22.00** Football: World Cup Germany **23.30** News: Eurosportnews Report **23.45** Football: UEFA Champions League Last 16 **0.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**

**7.00** Step Inside **7.10** Andy Pandy **7.15** The Story Makers **7.35** The Really Wild Show **8.00** Holiday on a Shoestring **8.30** Ready Steady Cook **9.15** Big Strong Boys **9.45** Trading Up **10.15** Cash in the Attic **10.45** The Weakest Link **11.30** Doctors **12.00** EastEnders **12.30** Antiques Roadshow **13.00** Search **13.15** Search **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Bits & Bobs **14.30** Step Inside **14.40** Andy Pandy **14.45** The Story Makers **15.05** The Really Wild Show **15.30** The Weakest Link **16.15** Big Strong Boys **16.45** Cash in the Attic **17.15** Ready Steady Cook **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Location, Location, Location **19.30** Design Rules **20.00** Safe as Houses **21.00** We Got a New Life **22.00** Final Demand **23.30** Alistair McGowan's Big Impression **0.00** American Visions **1.00** Pride and Prejudice: From Page to Screen **1.30** Who the Dickens Is Mrs Gaskell? **2.00** Governing Europe **2.30** Governing Europe **3.00** Back to the Floor... Again **3.30** Money Money Money **4.00** Search **4.15** Search **4.30** Teen English Zone

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**16.00** Chimp Diaries **16.30** Chimp Diaries **17.00** Battlefront **17.30** Battlefront **18.00** Seconds From Death **18.30** Demolition Squad **19.00** Dogs with Jobs **19.30** Insects from Hell **20.00** Holy Cow **21.00** Frontlines of Construction **22.00** Marine Machines **23.00** Battlefront **23.30** Battlefront **0.00** Frontlines of Construction **1.00** Marine Machines

**ANIMAL PLANET**

**16.00** The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Growing Up... **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** Menacing Waters **20.00** Sharks of the Deep Blue **21.00** Emergency Vets **21.30** Hi-Tech Vets **22.00** Killing for a Living **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed All About It **0.00** Vets in Practice **0.30** Emergency Vets **1.00** Menacing Waters **2.00** Sharks of the Deep Blue **3.00** Emergency Vets **3.30** Hi-Tech Vets **4.00** The Planet's Funniest Animals **4.30** Amazing Animal Videos

**DISCOVERY**

**16.00** John Wilson's Fishing Safari **16.30** Rex Hunt Fishing Adventures **17.00** Unsolved History **18.00** Wheeler Dealers **18.30** A Bike is Born **19.00** Mythbusters **20.00** Industrial Revelations – The European Story **20.30** Industrial Revelations – The European Story **21.00** Hitler's Doctors **22.00** The Real Antony and Cleopatra **23.30** Medical Detectives **0.00** Europe's Secret Armies **1.00** Allies at War **2.00** John Wilson's Fishing Safari **2.30** Rex Hunt Fishing Adventures **3.00** Globe Trekker **4.00** Dream Machines **4.30** Ultimate Cars

**MTV**

**9.00** Top 10 at Ten **10.00** Just See MTV **12.00** Newlyweds **12.30** Just See MTV **14.00** SpongeBob SquarePants **14.30** Wishlist **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** Hit List UK **19.00** MTV Making the Movie **19.30** Making the Video **20.00** Punk'd **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** The Lick **23.00** Pimp My Ride **23.30** Dirty Sanchez **0.00** Just See MTV

**VH1**

**9.00** Then & Now **9.30** VH1 Classic **10.00** Anastasia Top 10 **11.00** Smells Like the 90s **11.30** So 80's **12.00** VH1 Hits **16.00** So 80's **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** Retro Sexual **21.00** Porn to Rock and Rap All Access **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside

**CARTOON NETWORK**

**7.00** Johnny Bravo **7.30** The Grim Adventures of Billy & Mandy **7.55** Courage the Cowardly Dog **8.20** Scooby-Doo **8.45** Spaced Out **9.10** Dexter's Laboratory **9.35** Johnny Bravo **10.00** The Addams Family **10.25** The Jetsons **10.50** The Flintstones **11.15** Looney Tunes **11.40** Tom and Jerry **12.05** Scooby-Doo **12.30** Spaced Out **12.55** Courage the Cowardly Dog **13.20** Samurai Jack **13.45** Johnny Bravo **14.10** Ed, Edd n

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## FÓLK MEÐ SIRRÝ

*SKJÁREINN* **kl. 20.00.**

***Þátturinn er sýndur á netinu á s1.is.***

### *Fórnarlömb og aðstandendur umferðarslysa*

Sigríður Arnardóttir, eða Sirrý, slær ekki bara á létta strengi í þætti sínum en í kvöld er þáttur um alvöru lífsins – líf og dauða
Til Sirrý koma fórnarlömb umferðarslysa og aðstandendur þeirra segja sögu sína. Umferðarslys eru alltof tíð á Íslandi og margir sem týna lífi sínu í þeim á ári hverju.
Lárus Kjartansson er einn af gestum Sirrý en hann missti ungan og efnilegan son sinn í „prufuakstri". Einnig ræðir Sirrý við Aðalbjörgu Guðgeirsdóttur sem lagði sig í aftursæti bíls án bílbeltis en í dag er hún tvítug en hún hefur verið í hjólastól síðan. Margir fleiri gestir miðla reynslu sinni í bienni útsendingu en þáttur þessi hefur vakið gríðarlega athygli á hinum ýmsu spjallsvæðum á netinu. Ekki skemmir fyrir að salurinn verður fullur af ungu listafólki úr Verzlunarskólanum.



Í þættinum í kvöld tekur Sirrý á alvarlegum málefnum.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„They gave me candy and called me their light."**

**Svar:** Louanne úr kvikmyndinni Dangerous Minds frá árinu 1995.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Slæðingur **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Bréfið **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.50** Auðlind **13.05** Orð skulu standa **14.03** Útvarpssagan, Innstu myrkur **14.30** Miðdegistónar **15.03** Úti í bæ á öskudag **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.26** Spegillinn **19.00** Vitinn

**19.30** Laufskálinn **20.05** Þjóðbrók **20.15** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **22.15** Lestur Passíusálma **22.25** Öskrið sprengir kyrrðina

**23.05** Fallegast á fóninn

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.26** Spegillinn **20.00** Gettu betur **21.00** Konsert **22.10** Geymt en ekki gleymt

**0.10** Glefsur **1.03** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland í bítið - Það besta úr vikunni **9.00** Gulli Helga

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson (Íþróttir eitt) **16.00** Jói Jó

**18.30** Kvöldfréttir Stöðvar 2 og Bylgjunnar **19.30** Bjarni Ólafur Guðmundsson - Danspartí Bylgjunnar.

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**09.03** Ólafur Hannibalsson **10.03** Símatími (Umsj. Arnþrúður Karlsd.) **11.03** Arnþrúður Karlsdóttir

**12.25** Smáauglýsingar (Sími: 904-1994) **13.00** Íþróttafréttir **13.05** Á föstunni **14.03** Gústaf Níelsson **15.03** Þorgrímur Gestsson

**16.03** Viðskiptaþátturinn: (Blaðamenn Viðskiptablaðsins) **17.05** Tölvur og tækni **18.00** Heil og Sæl **20.00** Endurflutningur



▶ **19.35** *Íþróttir*

**LANDSLEIKUR Í FÓTBOLTA Bein útsending frá viðureign Englands og Hollands en þessi vináttulandsleikur lofar góðu.**

## SÝN

**16.30** Game TV **17.00** Jing Jang **17.45** Olíssport **18.15** David Letterman

**19.00** **Íslandsmótið í bekkpressu** Íslandsmótið í bekkpressu var haldið í Valsheimilinu 29. janúar sl. Til leiks mættu helstu kraftajötnar landsins og andrúmsloftið var rafmagnað. Kópavogströllið Auðunn Jónsson, sem sló í gegn á Íslandsmótinu í fyrra, kom ákveðinn til leiks og var staðráðinn í að verða fyrstur íslenskra kappa til að lyfta 300 kg.

▶ **19.35** **Landsleikur í knattspyrnu** (England – Holland) Bein útsending frá leik Englands og Hollands en þjóðirnar búa sig nú undir lokaátökin í undankeppni HM. Margir leikmanna gestanna leika í ensku úrvalsdeildinni og mæta því einhverjum af samherjum sínum úr félagsliðunum. England og Holland eru bæði ósigruð í undankeppni HM.

**22.00** **Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis.

**22.50** David Letterman **23.15** History of Football

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **7.40** Meiri músík **17.00** Jing Jang **18.00** 17 7 (e) **19.00** I Bet You Will **19.30** Idol Extra (e) **20.00** Game TV **20.30** Sjáðu **21.30** Gary the Rat **22.00** Fréttir **22.03** Jing Jang **22.40** Real World: San Diego **23.10** Meiri músík

Eddy **14.35** Codename: Kids Next Door **15.00** Dexter's Laboratory **15.25** The Cramp Twins **15.50** The Powerpuff Girls **16.15** Megas XLR **16.40** Samurai Jack **17.05** Tom and Jerry **17.30** Scooby-Doo **17.55** The Flintstones **18.20** Looney Tunes **18.45** Wacky Races

**FOX KIDS**

**7.15** Magic School Bus **7.40** Tiny Planets **7.50** Little Wizards **8.15** Three Little Ghosts **8.45** Sylvanian Families **9.10** Happy Ness **9.35** Bad Dog **9.50** Three Friends and Jerry I **10.05** Dennis **10.30** Life With Louie **10.55** Inspector Gadget **11.20** Gadget and the Gadgetinis **11.45** Black Hole High **12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spiderman **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**

**8.15** Marie: A True Story **10.05** A Star for Two **11.40** Boy, Did I Get a Wrong Number! **13.20** Ring of the Musketeers **14.45** Lawman **16.25** Swamp Thing **18.00** The Bells of Silesina **19.40** Windrider **21.10** Thrashin' **22.40** The Wonderful Country **0.20** Invasion of the Bee Girls **1.45** Young Billy Young **3.15** Marty

**TCM**

**20.00** Ryan's Daughter **23.10** Mrs Soffel **1.00** I Am a Fugitive from a Chain Gang **2.35** The Angry Hills **4.15** No Guts, No Glory: 75 Years of Award Winners

**HALLMARK**

**8.00** Barbara Taylor Bradford: To Be the Best **9.45** Life on Liberty Street **11.15** Early Edition **12.00** Forbidden Territory: Stanley's Search for Livingstone **13.45** Hostage for a Day **15.15** Barbara Taylor Bradford: To Be the Best **17.00** Life on Liberty Street **18.30** Early Edition **19.30** Law & Order Iv **20.15** Aftershock: Earthquake in New York **22.00** MacShayne: Final Roll of the Dice





## HRÓSIÐ

*...fá Auddi, Pétur og Sveppi sem fara á kostum í þættinum Strákarnir á Stöð 2.*

## 3 SPURÐIR

**Fannst þér sanngjarnt að Brynja skyldi detta út í Idol Stjörnuleit?**



ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR, þingkona.

### Veit ekkert um Idol

„Ég veit ekkert um Idol því ég er ekki með afruglara og þar af leiðandi ekki með Stöð 2. Ég er ekkert búin að fylgjast með keppninni heldur í fjölmiðlum og það er hálfskrítið að fólk virðist halda að allir fylgist með þessu. Ég reyndar fylgdist með henni Möggu með öðru auganu þegar hún var í keppninni en annars hef ég enga skoðun á þessu máli. Það eru ekkert allir sem horfa á Idol.“



JARÞRÚÐUR ÁSMUNDSDÓTTIR, formaður Stúdentaráðs.

### Hún hefur staðið sig vel

„Nei, mér fannst það ekkert sanngjarnt. Hún hefur oft staðið sig vel í keppnunum og er afar hæfileikarík. Mér fannst heldur ekkert klikka hjá henni en það er erfitt að segja hver hefði átt að detta út. Þau voru öll mjög góð og mér finnst hálfóþægilegt að horfa þegar svona hæfileikaríkir aðilar eru að keppa. Þetta er orðið svo hörð samkeppni að það er afar kvalafullt að horfa á fólk detta út.“



DAGUR B. EGGERTSSON, borgarfulltrúi.

### Eins og með meistaradeildina

„Ég veit eiginlega ekki hvað ég á að segja því ég missti af síðasta þætti svo fráfall Brynju fór lítið fyrir brjóstið á mér. Ég er enn þá að mynda mér skoðun á keppendunum og ég hef aðeins fylgst með þáttunum. Þetta er svolítið eins og með meistaradeildina að maður fylgist frekar með þegar keppnin er orðin virkilega spennandi svo ég verð spenntari eftir því sem líður á keppnina.“

| 1 | 2 | 3 | | ■ | 4 |
|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | ■ | 6 | |
| 7 | | ■ | 8 | | |
| | ■ | 9 | | | |
| 10 | 11 | ■ | 12 | | |
| 13 | | 14 | ■ | 15 | |
| 16 | | | 17 | ■ | |
| | ■ | 18 | | | |

**Lárétt:** **1** skaði, **5** fljót í Evrópu, **6** íþróttafélag, **7** hita, **8** ætt, **9** hönd, **10** líta, **12** fugl, **13** svelgur, **15** samhljóðar, **16** kona, **18** sæti.
**Lóðrétt:** **1** öryggismál, **2** hátíð, **3** ofn, **4** erfiðleikar, **6** heitfeng, **8** kaldi, **11** hvíldist, **14** aftan á bréfum, **17** tveir eins.

**Lausn.**

**Lárétt:** **1** tjón, **5** rón, **6** ka, **7** yl, **8** kyn, **9** mund, **10** gá, **12** lóa, **13** iða, **15** óm, **16** nift, **18** stól.
**Lóðrétt:** **1** trygging, **2** jól, **3** ón, **4** vandamál, **6** kynóð, **8** kul, **11** áði, **14** afs, **17** tt.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Að Reykjanesbraut yrði boðin út í heilu lagi.
2. Aðalstræti 10.
3. New England Patriots.





**FÖST Í GRINDVERKI** Þóra festist í grindverki fyrir utan húsið þegar hún ætlaði að vippa sér yfir það.

**ÞÓRA Í STUNDINNI OKKAR:** HJÁLPAÐI SLÖKKVILIÐINU

# Eins og feitur slökkviliðsmaður

Þóra Sigurðardóttir, betur þekkt sem Birta úr Stundinni okkar, lagði Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins lið í fyrradag þegar eldur kviknaði í húsi við Kársnesbraut í Kópavogi.

Þóra var í heimsókn hjá slökkviliðinu þegar útkallið kom. „Ég var í reykköfunargallanum þegar útkallið kom og var drifin út í bíl. Þá komst ég að raun um það að um alvöru eld var að ræða og þetta var alvarlegt mál. Strákarnir þustu svo út úr bílnum en ég hélt mig í góðri fjarlægð og fylgdist vel með öllu. En ég tók mig samt vel út í gallanum,“ segir Þóra.

Slökkvistarfið gekk vel miðað við aðstæður, rétt um klukkutíma. Þegar búið var að slökkva mesta eldinn buðu slökkviliðsmennirnir Þóru að fara í reykköfun í húsinu.

„Ég sló til en þegar ég ætlaði að vippa mér yfir grindverk hjá húsinu festist ég. Gallinn var alltof stór á mig og ég var með grímu og súrefniskút sem vógu hátt í tuttugu kíló svo það var hægara sagt en gert að vippa sér yfir grindverkið. Það var því svolítið fyndið þegar þetta var sýnt í fréttum Stöðvar 2 og ég sat hálf föst á grindverkinu,“ segir Þóra. „Ég var svona eins og lítill feitur slökkviliðskarl, fastur í grindverki.“

Þóra komst þó loks inn í húsið þar sem hún reyndi reykköfunina. „Það sem eftir var dags var ég í adrenalínsjokki og uppfull af aðdáun á slökkviliðsmönnunum. Ég var hálf meyr yfir því hvað þetta eru góðir menn og hvað þetta var allt vel skipulagt. Það er nokkuð ljóst að ég treysti þeim hér eftir.“

Þóra segist ekki hafa átt sér þann draum að verða slökkviliðsmaður þegar hún var yngri. „En nú á ég mér þann draum að vera bjargað af þeim,“ segir Þóra og bætir við. „Þetta eru fjallmyndarlegir menn, einstaklega góðir og skemmtilegir.“ **kristjan@frettabladid.is**





Ekki láta appelsínuhúðina í friði: raunhæfur árangur hjá 85%*

PERFECTSLIM

EFTIR 24 TÍMA
MINNI APPELSÍNUHÚÐ + STINNANDI ÁHRIF

■ PerfectSlim inniheldur niðurbrjótandi efni gegn fitu, vinnur gegn appelsínuhúð sem safnast hefur fyrir á lærum og rassi.

■ Bætt með Par-Elastyl™, sem sléttir og stinnir húðina stig af stigi.

Árangur:
Eftir 8 daga: +41% þéttari, +89% stinnari**
Eftir 15 daga: -1 cm minna ummál á lærum***

Viltu vita meira: www.lorealparis.com

BODY-EXPERTISE. ÞÍN EIGIN FEGRUNARAÐGERÐ.
ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

Útsölustaðir
Apótekarinn Akureyri
Lyf & heilsa Austurstræti
Lyf & heilsa Austurveri
Lyf & heilsa Firði
Lyf & heilsa Hellu
Lyf & heilsa Keflavík
Lyf & heilsa Kringlunni
Lyf & heilsa Melhaga
Hagkaup Akureyri
Hagkaup Skeifunni
Hagkaup Smáralind
Hagkaup Spöng
Lyfja Laugavegi
Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi



L'ORÉAL PARIS




**KORKÓLFUR KAUPSÝSLUMAÐUR** Gísli Marteinn Baldursson fer á kostum í hlutverki Korkólfs kaupsýslumanns.

# Glæpon í réttum búningi

Í blaðinu í gær birtist röng mynd af Gísla Marteini Baldurssyni sjónvarpsmanni í hlutverki Korkólfs kaupsýslumanns, landsins snjallasta glæpamanns. Beðist er velvirðingar á því.

Gísli Marteinn hefur farið á kostum í hlutverki Korkólfs í dagskrárliðnum Dularfulla dúóið í Stundinni okkar. Þar leikur hann kaupsýslumanninn Korkólf, hvers manns hugljúfa. Korkólfur er þó ekki allur þar sem hann er séður því í raun og veru er hann illmenni hið versta.

Þegar hafa tveir þættir af Dularfulla dúóinu og Korkólfi kaupsýslumanni verið sýndir en þeir eru fimm talsins. Næsti þáttur verður sýndur á sunnudaginn kemur. ■

# ÚTSALA

ALLT Að 90% AFSLÁTTUR

SÍÐUSTU DAGAR!

**Electrolux**
**Frystiskápur**
Stór 305 lítra frystiskápur í kámfríu stáli. Stafrænt stjórnborð með snertitökkum og skjá. Aðvörunarkerfi og hraðfrysting. Halogen lýsing. HxBxD: 180x60x62 cm
25% AFSLÁTTUR
Útsöluverð kr. 74.900
Þú sparar 25.000 kr.
Áður kr. 99.900

**Electrolux**
**Uppþvottavél**
Hljóðlát uppþvottavél með 4 kerfum og vali á milli 50°eða 65°C hitastig.
24% AFSLÁTTUR
Útsöluverð kr. 49.900
Þú sparar 15.000 kr.
Áður kr. 64.900

**AEG**
**Uppþvottavél**
Sensologic hágæða-þýsk uppþvottavél með 4 þvottakerfum og 50°/60°/65°/70°C. Snertitkkar og A/A einkunn. Fuzzy Logic þvottatækni og AQUA control vatnslekavörn.
20% AFSLÁTTUR
Útsöluverð kr. 59.900
Þú sparar 15.000 kr.
Áður kr. 74.900

**ZANUSSI**
**Uppþvottavél**
Falleg uppþvottavél með kámfríu stáli. 4 þvottakerfi þ.á.m. hraðkerfi. 3 hitastig . Snertitakkar, AQUA-pulse þvottatækni og A/A einkunn fyrir þvottagæði og sparneytni.
Útsöluverð kr. 69.900
Þú sparar 10.000 kr.
Áður kr. 79.900

**ZANUSSI**
**Þurrkari**
Með fullkomnum rakaskynjara, 8 kerfum, krumpuvörn og kerfi fyrir viðkvæman þvott.
30% AFSLÁTTUR
Útsöluverð kr. 34.900
Þú sparar 15.000 kr.
Áður kr. 49.900

**ZANUSSI**
**Þvottavél 1000 sn.**
1000 sn. þvottavél með hraðvali, sparnaðarþvotti, ullarkerfi og stillanlegum vinduhraða.
34% AFSLÁTTUR
Útsöluverð kr. 39.900
Þú sparar 20.000 kr.
Áður kr. 59.900

63% AFSLÁTTUR
Útsöluverð kr. 2.990
Þú sparar 5.000 kr.
**TRISTAR**
**1400W ryksuga**
með stálröri
Áður kr. 7.990

50% AFSLÁTTUR
Útsöluverð kr. 6.490
Þú sparar 6.490 kr.
**1700W parket ryskuga**
Með gúmmíhjólum, fylgihlutageymslu, stillanlegum sogkrafti og vönduðum síubúnaði. Stálskaft.
Áður kr. 12.900

**TRISTAR**
**Heilsugrill**
Maturinn verður betri og fitan rennur af.
43% AFSLÁTTUR
Útsöluverð kr. 3.990
Þú sparar 3.000 kr.
Áður kr. 6.990

**ZANUSSI**
**Þvottavél 1400sn**
Sparaðu dýrmætan tíma með þessari 1400 snúninga Fuzzy Logic þvottavél frá Zanussi. Búin snertivali, hraðvali, tímaskjá og handþvottakerfi. Gerist ekki betra.
20% AFSLÁTTUR
Útsöluverð kr. 64.900
Þú sparar 15.000 kr.
Áður kr. 79.900

**ZANUSSI**
**Eldavél stál**
Falleg eldavél með keramik helluborði, fullkomnum fjölkerfa blástursofni ásamt grilli undir-/yfirhita. Clean'N´Clear létt-þrífanlegur ofn. Klukka og geymsluskúffa. HxB: 85x59,5 cm
27% AFSLÁTTUR
Útsöluverð kr. 69.900
Þú sparar 25.000 kr.
Áður kr. 94.900

**AEG**
**Uppþvottavél**
Nánast hljóðlaus uppþvottavél, hlaðin tækninýjungum og þægindum. Stálframhlið. Baklýst stjórnborð m/ snertitökkum. 6 kerfi/5 hitastig og TURBO þurrkun. A/A/A einkunn
Útsöluverð kr. 99.900
Þú sparar 20.000 kr.
Áður kr. 119.900

Útsöluverð kr. 179.900
hvítur
Þú sparar 25.000 kr.
Útsöluverð kr. 279.900
stál
Þú sparar 25.000 kr.
**Electrolux**
**Amerískur ísskápur**
Afburða fallegur amerískur ísskápur. Klakavél og kalt vatn. Sjálfvirk afþvíðing í kæli og frysti. Rúmmál, búnaður og innrétting einsog það gerist best. Fáanlegur hvítur eða burstað stál.

## SMÁTÆKI
**Ótrúlegt úrval af smátækjum á hlægilegu verði.**
Verð frá kr. 990

## ELDHÚS-INNRÉTTINGAR
**Sýningareldhús með 30-40% afslætti**

**Electrolux**
**Örbylgjuofn**
28 lítra 1000W ofn með stáláferð. Snertitakkar og skjár. Afþíðing, snakkkerfi og upphitun.
40% AFSLÁTTUR
Útsöluverð kr. 14.900
Þú sparar 10.000 kr.
Áður kr. 24.900

30% AFSLÁTTUR
Útsöluverð kr. 34.900
Þú sparar 15.000 kr.
**ZANUSSI**
**Eldavél 60 cm**
Vönduð 60 cm breið eldavél með undir- og yfirhita ásamt grilli. Geymsluskúffa. HxBxD: 85x59,5x60 cm.
Áður kr. 49.900

**Teba**
**Eldavél**
50 cm breið eldavél með undir- og yfirhita ásamt grilli. Fjórar hellur þ.á.m. hraðsuðuhella.
30% AFSLÁTTUR
Útsöluverð kr. 27.900
Þú sparar 12.000 kr.
Áður kr. 39.900

**ZANUSSI**
**Blástursofn**
Innbyggður ofn í stáli. Nýr Air Control blásturstækni. Grill ásamt undir- og yfirhita.
Áður kr. 59.900
25% AFSLÁTTUR
Útsöluverð kr. 44.900
Þú sparar 15.000 kr.

**ZANUSSI**
**Keramik helluborð**
Með snertitökkum, HIGH Light hraðhellum og barnalæsingu.
40% AFSLÁTTUR
Útsöluverð kr. 39.900
Þú sparar 25.000 kr.
Áður kr. 64.900

**Rafha**
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík Sími 5880500

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000









BAKÞANKAR
SIGURJÓNS M. EGILSSONAR

## Heimsmet í styrkjum

Ekki er betur vitað en að Íslendingar borgi meira úr almannasjóðum til stjórnmálaflokka en aðrar þjóðir. Eigi heimsmet í þeirri grein. Og ekki það eina. Lýðræðið hefur gott af stjórnmálaflokkum, og ekki bara gott, þeir eru því nauðsynlegir. Því betri sem flokkarnir eru, því betra fyrir lýðræðið og þar með okkur öll. Það er ekki bara gott, hversu góður almenningur er við flokkana sína, það er svolítið sætt. Samt er það svo að ýmislegt má betur fara.

**ÞAÐ ER KURTEISI** að þakka fyrir sig þegar vel er veitt. Það er einsog stjórnmálaflokkarnir hafi ekki náð að sýna þakklæti sitt í verki, kunni þeir að meta það sem vel er gert, sem er alls ekki svo víst. Það er alkunna og þekkt í öllum samfélögum að til er fólk sem þykir sjálfsagt að vel sé við það gert og kunni bara ekki að gleðjast yfir velgjörðum annarra. Íslenskir stjórnmálamenn hafa kosið að stinga styrkjunum á sig án þess að segja gefandanum, það er íslensku þjóðinni, frá því hvað þeir hafa gert við alla peningana, eða hvað þeir ætla að gera við alla peningana, sem eru ekkert lítilræði.

**ÞAÐ KUNNA ALLIR** leikinn Hvað gerðirðu við peningana sem frúin í Hamborg gaf þér? Hér er hugmynd að nýjum leik sem má heita Hvað gerðuð þið við peningana sem íslenska þjóðin gaf ykkur? Í þessum leik mætti segja já og nei og svart og hvítt, bara ef svör fást. Það er nefnilega þannig að hversu oft og hversu mikið sem hefur verið spurt hafa engin svör fengist. Þiggjendurnir hafa ekki fengist til að segja gjafaranum hvernig farið hefur verið með gjafirnar.

**ÞAÐ ER KANNSKI** ekki heimsmet að engin lög séu til um fjárreiður flokka hér á landi, en samt sérstakt. Það er ekki bara að flokkarnir fái um 300 milljónir frá þjóð sinni á hverju ári, eða rétt um þúsund kall á hvert mannsbarn, heldur hrekjast þeir frá einum rökum yfir í önnur til að verja það að lifa í leynd. Ekki má gleyma staðreyndum, til dæmis að flokkarnir eru nauðsynlegir, þessir sem nú eru eða aðrir, og þjóðin verður að sjá af peningum til þeirra. Bara verður. En þeir sem þiggja gjafirnar verða að læra þá kurteisi að svara hvað þeir gera við peningana og eins alla hina peningana sem þeir fá héðan og þaðan.


# Við viljum fá að vera með í næstu verðkönnun!

**Það er ekkert mál að vera með lægsta verðið þegar vörurnar eru ekki til**

Fíton/SÍA F011948

Í verðkönnun ASÍ var ekki kannað verð í búðinni okkar.
Kannski héldu þau að við værum bara búð fyrir fyrirtæki, ekki einstaklinga. En við erum **birgðaverslun fyrir alla.**
*Svo við gerðum okkar eigin könnun.*
Við erum með **lægsta verðið** í 10 af 59 vöruflokkum.
Við erum með **næstlægsta verðið** í 23 vöruflokkum.
Og síðast en ekki síst: **Við áttum vörurnar til!**

**Gripið & greitt**
MIKIÐ FYRIR ALLA

Sími 575 2200 Fax 575 2210 www.gg.is Skútuvogi 4 104 Reykjavík OPIÐ FRÁ 8:30 TIL 18:30



Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu





SKERPAN KEMUR FRÁ SHARP

**Sterkir og skýrir SHARP skjávarpar**

**SHARP PG-B10S**
• Skjávarpi • Birta: 1200 ANSI LUMEN
• Upplausn: SVGA 800 x 600 • Þyngd: 2.9 kg
**TILBOÐSVERÐ kr. 99.900 m/vsk**

**SHARP PG-A10X**
• Skjávarpi • Birta: 1300 ANSI LUMEN
• Upplausn: XGA 1024 x 768 • Þyngd: 2.9 kg
**TILBOÐSVERÐ kr. 159.900 m/vsk**

3ja ára ábyrgð
ÞÚ GENGUR AÐ GÆÐUNUM VÍSUM

BRÆÐURNIR ORMSSON
Lágmúla 8 · Sími 530 2800